

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

atvinna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

Les á sumrin og vappar um berfætt í Skorradal

Hugmyndasturtur og hunangsfylltar bókmenntir

BÆKUR 27



16 blaðsíðna RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júlí 2006 – 175. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Kom til að kveðja ömmu**

Hera Hjartardóttir náði að eyða þremur vikum með ömmu sinni áður en hún lést fyrir skemmstu. Söngvaskáldið eyðir sumrinu á Íslandi og spilar á tónleikum.

**FÓLK 38**

**Leyndardómar Landsvirkjunar**

„Það er því í sjálfu sér erfitt að standa gegn þeirri kröfu að Landsvirkjun opinberi verðlagningu sína,“ skrifar Illugi Gunnarsson. „Á hinn bóginn hefur almenningur í landinu ríka hagsmuni af því að fá sem mestan arð af eign sinni.“

**Í DAG 14**

**Líf á landsmóti**

Landsmóti hestamanna lýkur í dag. Mótið er sannkölluð veisla fyrir hesta-áhugamenn en þar kenndi ýmissa grasa og gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

**HESTAR 24**

**Englendingar sendir heim**


Portúgalar báru sigurorð af Englendingum í vítaspyrnukeppni á HM í Þýskalandi í gær og þar með er þáttöku enskra nú lokið í keppinni. Englendingum hefur vegnað einkar illa í vítaspyrnukeppnum í sögu HM og það var engin breyting á því í gær.

**ÍPRÓTTIR 34**

**VEÐRIÐ Í DAG**

**VÆTA VESTAN TIL** - Í dag verður hæg suðvestlæg átt. Rigning eða skúrir vestan til og hætt við stöku skúrum austan til. Hiti 8-16 stig, hlýjast fyrir austan.

**VEÐUR 4**



**RÁÐHERRARNIR ROKKA** Stutt er á milli skrifstofu félagsmálaráðherra og samgönguráðherra sem báðar eru í Hafnarhúsinu. Fréttablaðið varð vitni að undarlegum samgangi þar á milli er Ólafsvíkingarnir og ráðherrarnir sem þar verma stólana rifjuðu upp gamla daga og tóku lagið á skrifstofu samgönguráðherra. Hér má sjá Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra og gamla poppstjórnu, líta aðáunaraugum á Sturlu Böðvarsson, samgönguráðherra og gitarleikara, sem gerði garðinn frægan um allt Snæfellsnesið á árum áður.

**Sjá síðu 18**

## Tónelskir ráðherrar í ríkisstjórn: Rokkað saman í ráðuneytinu

**TÓNLIST** Það var glatt á hjalla hjá ráðherrunum Sturlu Böðvarssyni og Magnúsi Stefánssyni þegar þeir tóku lagið saman í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu á dögunum. Þeir rifjuðu upp gömlu árin í popp-bransanum en Magnús var um tíma landsþekktur poppari og Sturla vinsæll á sveitaböllum.

„Ég var alveg hættur þessu gítarglamri,“ segir Sturla, „en svo tók konan mín sig til og gaf mér gítar í afmælisgjöf og þá fór ég að eiga meira við þetta. Nú þykir mér það alveg ómetanlegt að geta leitað á náðir tónlistarinnar til að hvíla mig á skarkala stjórnmalanna.“

Magnús er öllu háværari í sinni tónlistariðkun. „Ég keypti mér nýlega trommusett og það er alveg firna gott að taka góða rispu á settinu þegar maður vill fá útrás. Svo er ekki laust við að mann klæi í fingurna þegar maður heyrir í þessum nýju hljómsveitum á böllum, en lagavalið hefur eiginlega ekkert breyst frá því er ég var að spila. Ég gæti einfaldlega stokkið upp á svið og tekið við.“

- jse

# Fleiri treysta Geir H. Haarde

Rúm 40 prósent segjast treysta Geir H. Haarde mest allra stjórnmalamanna og 19 prósent segjast bera minnst traust til Halldórs Ásgrímssonar. Tæplega helmingur segist bera mest traust til einhvers stjórnmalamanns úr hópi sjálfstæðismanna og svipað hlutfall treystir stjórnmalamönnum Framsóknarflokks minnst.

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins treysta 42,6 prósent Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, mest af öllum stjórnmalamönnum. Í öðru sæti er Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og segjast 18,3 prósent treysta honum mest. Í þriðja sæti er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar og er nafn hennar nefnt í 8,7 prósentum tilvika.

Ef traust á stjórnmalamönnum er skoðað eftir flokkum nefna flestir, eða 47,8 prósent, sjálfstæðismann. Það er nokkuð hærra hlutfall en í könnun blaðsins frá því í nóvember. Næstflestir nefna nú einhvern úr hópi vinstri grænna, eða 20,5 prósent. Hlutfallið í síðustu könnun blaðsins var 23,0 prósent. 15,3 prósent nefna nú framsóknarfólk í stað 16,1 prósent í síðustu könnun. Þá nefna 14,4 prósent nú samfylkingarfólk, í stað 24,7 prósent í síðustu könnun blaðsins. Frjálslyndir eru nefndir í 1,3 prósentum tilvika, í stað 2,0 prósent.

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins er sá sem flestir segjast treysta minnst nú og er nafn hans nefnt í 19,0 prósentum tilvika. 14,2 prósent nefna Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra sem þann stjórnmalamann sem minnst traust er borið til. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er þar í þriðja sæti og nefna 11,1 prósent hennar nafn.

Flestir, eða 46,8 prósent, nefna framsóknarmann sem þann stjórnmalamann sem minnst traust er borið til en framsóknarmenn voru nefndir í 42,0 prósentum tilvika í nóvember. 28,1 prósent nefna nú einhvern úr röðum sjálfstæðismanna, í stað 25,7 prósent í síðustu könnun. Samfylkingarfólk er nú nefnt í 18,5 prósentum tilvika en var nefnt í 25,2 prósentum tilvika. 5,3 prósent segjast bera minnst traust til einhvers úr Vinstri grænum og minnkar hlutfallið úr 6,0 prósentum. Frjálslyndir eru nefndir í 1,3 prósentum tilvika en voru nefndir í 0,8 prósentum tilvika.

- ss / sjá síðu 4

## Nýr eigandi Orkla Media reiðubúinn í slag við íslenska fríblaðið í Danmörku: Blóðugt blaðastríð framundan

**DANMÖRK** David Montgomery, nýr eigandi fjölmiðlasamsteypunnar Orkla Media, er reiðubúinn undir blóðugt stríð á dagblaðamarkaði í Danmörku þegar útgáfa fríblaðs að hætti Fréttablaðsins hefst á helstu þéttbýlisstöðum í haust.

Orkla Media er eitt þeirra félaga sem Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar sem er móðurfélag 365 miðla, hafði augastað á lengi vel en fyrirtækið gefur út dagblöð á borð við Berlingske Tidende, Weekendavisen, B.T. og Aarhus Stiftstidende auk annarrar útgáfu. Ekkert varð úr þeim kaupum en fyrirtækið var selt fyrir skömmu breska fyrirtækinu Mecom Group.

Á fundi sem nýi eigandinn hélt í Noregi í gær kom skýrt fram að



**DAVID MONTGOMERY** Samkeppni við nýtt frídagblað í haust í Danmörku vekur engan ugg í brjosti nýs eiganda Orkla Media.

AFP/NORDICPHOTOS

hann hræddist ekki væntanlega samkeppni fríblaðs Dagsbrúnar.

- aðe

Fyrirtækið væri fyllilega undir þá samkeppni búid og ákveðið fjármagn hefði þegar verið sett til hliðar til að mæta þeirri samkeppni sem þá verður. Vildi hann ekki nefna upphæðir en fjölmiðlamenn í Danmörku búast flestir við að sú barátta verði blóðug og að útgáfa einhverra þeirra fjölmörgu dagblaða sem gefin eru út þar í landi leggist af í kjölfarið.

Montgomery lét einnig hafa eftir sér að ekki væru neinar áætlanir uppi á þessu stigi um að leggja niður dagblöð samsteypunnar né heldur fækka störfum. Margir starfsmenn óttast að slíkt verði óhjákvæmilegt þegar frídagblaðið verður gefið út í haust í samkeppni við áskriftarblöðin.

**TÍVOLI** við Smáralind

15-80% Afsláttur

**ÚTSALA** í fullum gangi

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA





### SPURNING DAGSINS

*Arnar, verður lögð sérstök áhersla á skallabólta?*

„Já, það verður einmitt lögð áhersla á hann.“

Tviburabræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssonir hafa tekið við þjálfun meistaraflokks ÍA eftir að Ólafur Þórðarson sagði starfinu lausu. Arnar og Bjarki eru krúnurakadír.

## Ísraelskir skriðdrekar á Gaza: Segja Ísraelska gíslinn á lífi

Ísrael, AP Ísraelski hermaðurinn sem numinn var á brott af herskákum Palestínómönnum síðastliðinn sunnudag er á lífi og í bærilegu ástandi að sögn palestínskri embættismanns. Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, sagði í gærkvöldi að næstu klukkustundir myndu skipta sköpum í deilunni milli Ísraelskra og palestínskra stjórnvalda.

Ísraelskir hermenn og vopnaðir Palestínómenn skiptust á skotum í marga klukkutíma í gær þegar Ísraelskir skriðdrekar og jarðýtur fóru yfir landamærin við Gaza-svæðið og hófu að eyðileggja beitiland austan við bæinn Khan Younis.

- sps

Foreldrar langveikra barna:

## Fá bætur í allt að þrjá mánuði

**BÆTUR** Í gær tóku gildi ný lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Í þeim er gert ráð fyrir að foreldrar geti sameiginlega átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði, samkvæmt mati framkvæmdaradila og að uppfylltum tilteknum skilyrðum laganna.

„Þarna er hið opinbera að koma og lyfta undir bagga, þegar þeir sem í þessu lenda hafa nýtt sér að fullu önnur réttindi. Þetta kemur því til góðs við þá sem verst eru staddir,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar sem sér um framkvæmd laganna. - dhö



VARÐSKIPIÐ ÓÐINN

Landhelgisgæslan 80 ára:

## Óðinn fór síðustu ferðina

**AFMÆLI** Landhelgisgæslan varð áttatíu ára í gær og af því tilefni sigldu tvö fánur prýdd varðskip inn Reykjavíkurböfnina. Skipulúðrar voru þeyttir og áhafnir stóðu heiðursvörð við komuna en þetta var í síðasta sinn sem Óðinn lagði að bryggju.

Við þetta tilfelli afhenti Georg Kr. Lárússon, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Birni Bjarnasyni, dóms- og kirkjumálaráðgjafi, fyrsta eintak nýs bæklingis um gæsluna.

Í ár eru liðin þrjátíu ár frá síðasta þorskastríði og var borgarstjórnin í Hull meðal gesta. - gpg

Skýrsla sendiráðs Bandaríkjanna inniheldur trúnaðarupplýsingar frá Alþjóðahúsi:

# Seldu líkama sambyliskvenna

**MANNRETTINDAMÁL** Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi hefur kynnt árlega skýrslu um mansal hér á landi. Í kjölfar skýrslunnar gaf Alþjóðahúsið frá sér yfirlýsingu um að beinar rangfærslur væri að finna í skýrslunni þar sem vitnað er í lögfræðing Alþjóðahúss. Í yfirlýsingu kemur fram að um sé að ræða trúnaðarupplýsingar sem áttu sér stað á milli lögfræðings Alþjóðahúss og skýrsluhöfundar með því fororði að þær mætti ekki rekja til upplýsingagjafa.

Auk þess að vísa í lögfræðing Alþjóðahúss, Margréti Steinarsdóttur, var um beinar rangfærslur



**ALÞJÓÐAHÚSIÐ** Hingað leita erlendar konur aðstoðar og hafa fengið aðstoð til við að losna úr ofbeldissamböndum.

að ræða í skýrslunni. Í yfirlýsingu er þó staðfest að í tveimur til-

fellum hafi konur greint lögfræðing Alþjóðahúss frá því að menn þeirra hefðu selt aðgang að líkama þeirra og að í þessum tilfellum hafi verið um að ræða konur sem fengu aðstoð við að losna úr ofbeldissamböndum.

Þær rangfærslur sem vitnað er til fjalla um konur sem búa við erfiðar aðstæður og er þeim líkt við þrælahald og sagt að hér séu oft á tíðum á ferðinni gullfallegar rússneskar konur á þrítugsaldri sem eru fluttar til Íslands af mönnum á sextugsaldri. Þessar konur vinna oft langan vinnudag, menn þeirra taki laun þeirra og selji aðgang að þeim.

- hs

Annar ársfjórðungur:

## Flest hlutabréf lækkuðu

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í tveimur af hverjum þremur félögum, sem skráð eru í Kauphöll Íslands, lækkuðu á öðrum ársfjórðungi sem lauk á föstudaginn. Úrvalsvísitalan lækkaði um sjö prósent frá upphafi til loka annars ársfjórðungs en hækkunin var 6,5 prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Í samantekt greiningardeildar KB banka kemur fram að gengi hlutabréfa í Avion Group og FL Group hafi lækkað mest, um fimmtung á fjórðungnum. Gengi hlutabréfa í Flögu hækkaði hins vegar langmest þeirra sjö félaga sem hækkuðu á fjórðungnum, eða um tæp tuttugu prósent.

- eþa

# Ekki færri ákærðir í Reykjavík síðan 1996

Samkvæmt ársskýrslu lögreglustjórans í Reykjavík voru 856 einstaklingar ákærðir af embættinu á síðasta ári. Þetta er minnsti fjöldi ákærðra einstaklinga síðan 1996. Á síðasta ári voru karlar 87 prósent ákærðra.

**LÖGBROT** Ekki hafa færri einstaklingar verið ákærðir af embætti lögreglustjórans í Reykjavík síðan árið 1996.

Ingimundur Einarsson, vara-lögreglustjóri í Reykjavík, segir þetta mikið gleðiefni. „Þessi fækkun á ákærum er fyrst og fremst vegna þess að glæpum er að fækka og við höfum tekið eftir því. Það þökkum við öflugra eftirliti lögreglu og auknu samstarfi við borgararana,“ segir Ingimundur. „Við erum mjög ánægðir með þessa ársskýrslu.“

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotafræðum við Háskóla Íslands, segir þróunina vera í þessa átt annars staðar í Evrópu. „Samkvæmt lögregluskýrslum í Evrópu er tilhneigingin sú að glæpum fer fækkandi í álfunni,“ segir Helgi. Hann segir fækkunina hafa verið hæga en stöðuga undanfarið ár.

Athygli vekur að karlar eru 87 prósent ákærðra, en alls voru 742 karlar ákærðir fyrir lögbrot á síðasta ári og 114 konur. „Við karlmenirnir eigum því miður vinningin á öllum sviðum. Það hefur sýnt sig í gegnum árin að það skiptir ekki máli hvort það eru



**INGIMUNDUR EINARSSON VARALÖGREGLUSTJÓRI** Segir fækkun ákærðra einstaklinga mikið gleðiefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

umferðarlagabrot, kynferðisbrot, ofbeldisbrot eða þjófnaðir, við erum ávallt efstir,“ segir Ingimundur. Aðspurður um hverja hann telur ástæðuna vera fyrir þessum sláandi mun á kynjunum, var svar hans einfalt. „Ætli við verðum ekki bara að spyrja okkur sjálfa af hverju við erum svona.“

Helgi segir muninn á glæpatíðni kynjanna ekki koma á óvart. „Þetta er fyrst og fremst út af félagslegri mótun kynjanna og endurspeglar að einhverju leyti hlutverk kynjanna í samfélaginu. Hugmyndin er að karlinn eigi að

vera sterkara kynið og eigi að drífa hlutina af, á meðan konan er meira í stuðningshlutverkinu,“ segir Helgi. „Þetta er nánast félagslegt lögmál, karlar eru ekki glæpahneigðari en konur að eðlisfari.“

Embætti lögreglustjórans í Reykjavík gaf út 1.030 ákæru á síðasta ári. Miðað við fjölda einstaklinga sem ákærðir voru, má sjá að sumir fengu fleiri en eina.

Leita þarf aftur til ársins 2001 til að finna færri útgafnar ákæru, en þá voru gefnar út 933 ákæru.

aegir@frettabladid.is

Vextir íbúðalána hækka vegna versnandi lánaþjara:

## Íbúðalánin dýrari

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður hefur í kjölfar útboðs á íbúðabréfum ákveðið að hækka útlánsvexti íbúðalána sjóðsins um 0,10 prósentustig og verða þeir 4,95 prósent. Lán með sérstöku uppgreiðsluálagi verða með 0,25 punkta lægri vöxtum eða 4,70 prósent.

Í tilkynningu frá Íbúðalánasjóði til Kauphallar Íslands á föstudag segir að vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs byggja á ávöxtunarkröfu í útboði íbúðabréfa sem haldið var 29. júní ásamt vegnum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa. Vegnir vextir í útboði íbúðabréfa og uppgreiddra ÍLS-veðbréfa eru 4,24 prósent.

Vextir á íbúðalánnum fóru lægst

### VEXTIR Á ÍBÚÐALÁNUM

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| Íbúðalánasjóður | 4,95 prósent     |
| Glitnir         | 4,90 prósent (*) |
| KB Banki        | 4,75 prósent (*) |
| Sparisjóðurinn  | 4,90 prósent (*) |
| Landsbankinn    | 4,90 prósent (*) |

(\*) Kröfur gerðar um viðskipti við bankann.

- jab / - sps



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Vextir á íbúðalánnum hafa hækkað þó nokkuð síðan þeir voru lægstir árið 2004, eða 4,15 prósent.

í 4,15 prósent árið 2004 en síðan þá hafa þeir hækkað jafnt og þétt hjá öllum þeim sem bjóða upp á þau. Glitnir, Sparisjóðurinn og Landsbankinn bjóða allir upp á íbúðalán með 4,90 prósent vöxtum í dag. Vextir hjá KB banka eru lægstir eða 4,75 prósent, gegn því að lántaki sé í viðskiptum við bankann.

Daníel Jónsson og Stáli frá Kjarri fá tímamótaeinkunn:

## Fimmta heimsmetið

**LANDSMÓT** Daníel Jónsson á Stála frá Kjarri hlaut hæstu einkunn sem um getur í kynbótadómi á Landsmóti hestamanna í Skagafirði. Daníel hefur sýnt alls 27 hross á landsmótinu og mörg þeirra oftast en einu sinni. Stáli hlaut 8,76 í aðaleinkunn og sló met Þórodds frá Þóroddsstöðum frá síðasta landsmóti 8,74.

Daníel var einnig knapi Þórodds þá og er þetta í fimmta sinn á fimm árum sem Daníel slær einkunnamet í kynbótadómi.

„Hestarnir eru allir á sinn hátt í uppáhaldi. Þóroddur var yngstur þegar hann sló sitt met þannig að maður horfir svolítið til hans, en annars geri ég ekki upp á milli þeirra,“ segir Daníel nýkominn úr myndatöku með bikarinn góða.

Daníel þakkar góðan árangur því að hann leggi allt í sölnar. Þá hafi hann einnig gott fólk með sér og einhugur ríki um að gera sitt besta.

„Þessar tölur Þórodds og Stála verða seint slegnar,“ heldur Daníel fram og gerir ekki ráð fyrir að bæta við heimsmeti í bráð. „Svo verður



**BESTUR** Daníel Jónsson þakkar fyrir sig þar sem hann ríður síðasta sprettinn á Stála frá Kjarri sem hlaut hæstu einkunn sem um getur í kynbótadómi, 8,76. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

maður ekki í þessu til dauðadags þannig að ég þakka fyrir hverja stund,“ segir hann glaðlega.

Daníel gerir lítið úr sínu framlagi. „Það er hesturinn sem nær brekkunni með sér,“ segir Daníel en vilurkennir þó að það þurfi nokkra tilbúrið knapans til. „Ég hef haft það fyrir síð að þakka fyrir mig,“ segir Daníel sem er þekktur fyrir að veifa til fjöldans á síðasta sprettinum.

- sg



# Frábært verð!

...mmm

Bestir í kjöti

**NÓATÚN**

í 40 ár

Úr Fiskborði Nóatúns



SVERÐFISKSTEIK  
M/ KRYDDSMJÖRI

**2.998** kr. kg.



NÓATÚNS PURRKR.  
LAMBASNEIÐAR

**30%**  
afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

Gómsætir  
úr kjötborði



120 G UNGNAUTAHAMBORGARAR  
ÚR KJÖTBORÐI

**149** kr. stk.



Úr Kjötborði Nóatúns

GRÍSASMÁSPJÓT  
Í GRÍSKUM KRYDDLEGI

**298** kr. stk.



Úr Fiskborði Nóatúns

LÚÐUSPJÓT  
Í BEIKONMARINERINU

**498** kr. stk.



MEÐALRISTAD  
KAFFI

**399** kr. pk.

MS  
Engjafykkni



**15%**  
afsláttur

MYLLU  
SKÚFFUKAKA

**199** kr. stk.

Andrex tilboð!

NEW Gentle Colours  
**Andrex** Irex  
1 pk. af Andrex\* blautklútum  
fylgir með!

\*10 klútar í pk.

...mmm

**NÓATÚN**

-hljómar vel!



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 30. 06.2006

## KAUP SALA

|                 |        |        |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 76,42  | 76,78  |
| Sterlingspund   | 140,24 | 140,92 |
| Evra            | 97,11  | 97,65  |
| Dönsk króna     | 13,016 | 13,092 |
| Norsk króna     | 12,231 | 12,303 |
| Sænsk króna     | 10,503 | 10,565 |
| Japanskt jen    | 0,6663 | 0,6701 |

SDR 112,99 113,67

Gengisvísitala krónunnar  
134,2338

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Yfir 15 þúsund manns fögnuðu 120 ára afmæli Landsbankans í Reykjavík

## Kláruðu tuttugu þúsund pylsur

**TÍMAMÓT** Í gær var haldið upp á 120 ára afmæli Landsbankans með pompi og prakt. María Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri afmælisnefndar Landsbankans sagði veisluhöld hafa heppnast vel og giskaði á að vel yfir 15 þúsund manns hafi verið í miðbæ Reykjavíkur þegar mest var. „Bæði var boðið upp á afmælsköku og pylsur og hvorutveggja kláraðist,“ segir María, en kakan var 120 fermetrar og pylsurnar 20 þúsund talsins.

Afmælisveislan hófst með því að Björgólfur Guðmundsson bauð gesti velkomna en sýnt var beint frá athöfninni til þrettán útibúa Landsbankans á landsbyggðinni.



**PYLSUR FYRIR 20 ÞÚSUND MANNS** Svangir afmælisgestir hesthúsuðu 20 þúsund pylsum áður en veislan var á enda.

María segir að þátttaka á landsbyggðinni hafi einnig farið fram úr væntingum og víða hafi þurft

að kaupa viðbót af pylsum fyrir veislugesti. „Í tilefni afmælisins færði Reykjavíkurborg Landsbankanum 120 birkitré sem gróðursett verða við Reynisvatn og mun trjálundurinn fá nafnið Landsbankalundurinn.“

María sagði að veisluhöldin í gær væru aðeins byrjunin á uppákomum afmælisársins því framundan eru 120 viðburðir í boði Landsbankans. „Í dag verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á myndum Kjarvals sem eru í eigu bankans en Landsbankinn hefur einnig opnað myndlistarverf þar sem sýnd eru verk eftir Kjarval og gefin umsögn um þau.“

Ölvunarakstur í borginni:

## Tveimur var veitt eftirför

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af sjö öikumönnum sem grunaðir voru um ölvun aðfaranótt laugardags. Var tekin af þeim blóðprufa sem mun sýna fram á magn áfengis í blóði. Tveir þessara ökumanna reyndu að komast undan þegar lögreglan ætlaði að stöva för þeirra.

Var þeim báðum veitt eftirför, öðrum í Grafarvogi og hinum í miðbænum, og náðust báðir fljótlega þótt annar þeirra reyndi á endanum að komast undan hlaupandi. Var sá hlaupinn uppi og handtekinn í kjölfarið. Engin slys eða óhöpp hlutust af ökulagi manna.



**GAMLA HAMPIDJUHÚSIÐ, BRAUTARHOLTI** Heimilislausir hafa haldið til í húsinu síðan starfsemi þar lagðist af.

iSEC-markaðurinn opnaður:

## Hampiðjan fyrst á markað

**FIÁRMÁL** Á morgun verður opnaður fyrir viðskipti á iSEC-markaðinum og verður Hampiðjan fyrsta fyrirtækið til að skrást á hinn nýja markað. Hampiðjan flyst yfir á iSEC af aðallista Kauphallarinnar. Samstæða Hampiðjunnar samanstendur af móðurfélaginu og 14 dótturfélögum og námu rekstartekjur samstæðunnar 48 milljónum evra á síðasta ári. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir iSEC ætlað að fjölga fjárfestingartækifærum á íslenska markaðinum og veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum tækifæri til vaxtar á hlutabréfamarkaði. - hs

Frestun vegaframkvæmda:

## Ekkert ákveðið

**SAMGÖNGUMÁL** Engar ákvarðanir hafa verið teknar eða verða teknar um frestun vegaframkvæmda af hálfu ríkisstjórnarinnar nema að höfðu samráði við sveitarfélög landsins.

Þetta staðfestir Bergþór Ólason, aðstoðarmaður Sturla Bóðvarssonar samgönguráðherra, en nokkrir aðilar hafa sent frá sér ályktun þar sem harmað er að vegaframkvæmdum víðs vegar verði enn slegið á frest. Ekkert liggur fyrir hvaða framkvæmdum verður frestað og mun það ekki liggja fyrir fyrir en rétt hefur verið við alla hagsmunaaðila. - aðe

## Konurnar treysta Geir best

Rúmlega 40 prósent þeirra sem afstöðu tóku segjast treysta Geir H. Haarde forsætisráðherra mest. Það er um 20 prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins. 19 prósent segjast nú treysta Halldóri Ásgrímssyni minnst allra stjórnálmanna sem eru um helmingi færri en í síðustu könnun blaðsins.


**SKOÐANAKÖNNUN** Flestir, eða 42,6 prósent segjast treysta Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, best af öllum stjórnálmönnum samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Geir var einnig efstur á blaði þegar Fréttablaðið spurði sömu spurningar í könnun blaðsins í nóvember. Þá nefndu 23,0 prósent þeirra sem afstöðu tóku nafn Geirs.

Sérstaklega hefur fjölgað fólki á höfuðborgarsvæðinu sem treystir Geir, í nóvember voru það 24 prósent svarenda, en nú er hlutfallið 45,4 prósent. Þá hefur hlutfall kvenna sem treystir Geir best aukist um tæp 28 prósentustig. 17,4 prósent kvenna sögðu í nóvember að þær treystu Geir best, nú segjast 45 prósent kvenna að þær treysti Geir best.

Næst flestir segjast treysta Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, best, eða 18,3 prósent. Steingrímur var einnig í öðru sæti í könnun blaðsins í nóvember, en þá sögðust 21,3 prósent treysta honum best. Þeir eru því þremur prósentustigum færri sem nefna nafn hans nú.

Í þriðja sæti er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Nú segjast 8,7 prósent treysta Ingibjörgu Sólrúnu best af öllum stjórnálmönnum, en hún var nefnd í 19,1 prósentu tilvika í síðustu könnun blaðsins, sem er rétt rúmum tíu prósentustigum meira en nú er. Íbúar utan höfuðborgarsvæðisins nefna hana nú í 7,5 prósentum tilvika í stað 15,1 prósentis í síðustu könnun. Íbúar höfuðborgarsvæðisins nefna hana í 9,6 prósentum tilvika í stað 21,6 prósentu í síðustu könnun. 7,1 prósent karla segjast nú treysta

## TIL HVADA STJÓRNÁLMAMANS BERÐ ÞÚ MEST TRAUT UM ÞESSAR MUNDIR?




Ingibjörgu Sólrúnu mest, í stað 14,2 prósentu í síðustu könnun og konur nefna hana nú í 10,5 prósentum tilvika en nefndu hana í 25 prósentum tilvika í nóvember.

Í fjórða sæti er svo Guðni Ágústsson, en 5,5 prósent allra segjast treysta honum mest, en hann var nefndur í 2,0 prósentum tilvika í nóvember. Þá koma þeir jafnir Halldór Ásgrímsson og Jón Sigurðsson, sem nefndir eru í tæplega þremur prósentum tilvika. Jón Sigurðsson var ekki nefndur í síðustu könnun, en þá sögðust nú prósent treysta Halldóri best.

Þegar spurt var hvaða stjórnálmamanni minnst er treyst nefndu flestir Halldór Ásgrímsson, formann Framsóknarflokksins og var hann nefndur í 19 prósent tilvika. Það er tæplega helmingi sjaldnar en í könnun blaðsins í nóvember þegar 36 prósent nefndu nafn hans.

Í öðru sæti yfir þá sem minnst

## TIL HVADA STJÓRNÁLMAMANS BERÐ ÞÚ MINNST TRAUT UM ÞESSAR MUNDIR?



trausts njóta er nú Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, og segjast nú 14,2 prósent treysta henni minnst. Það er nokkuð stökk upp á við fyrir Valgerði á þessum lista, því hún var einungis nefnd í rúmlega einu prósentu tilvika í nóvember. Hún var oftast nefnd meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins sem sá stjórnálmamaður sem minnst traust var borið til, eða í 17,2 prósentum tilvika á móti 9,6 prósentum íbúa landsbyggðarinnar. Þá var hún oftast nefnd af konum en körlum. 16,0 prósent kvenna sögðust bera minnst traust til Valgerðar, en 12,7 prósent karla.

Í þriðja sæti og sæti neðar en í nóvember er svo Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem nefnd er í 11,1 prósentu tilvika. Í nóvember var hún nefnd í 18,6 prósentum tilvika og því eru það færri nú sem treysta henni minnst.

Í fjórða sæti er Geir H. Haarde

en 7,3 prósent treysta honum nú minnst allra stjórnálmanna. Það eru nokkuð fleiri en í könnun blaðsins í nóvember þegar 2,9 prósent nefndu Geir.

Þá kemur Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sem nefndur var í 6,8 prósentum tilvika nú en 8,7 prósentum í síðustu könnun og Guðni Ágústsson sem nú er nefndur í 6,6 prósentum tilvika en 1,3 prósent báru minnst trausts til Guðna í nóvember.

Hringt var í 800 kjósendur miðvikudaginn 28. júní og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum.

Spurt var: Til hvaða stjórnálmamans berð þú mest traust um þessar mundir? Svarhlutfall var 57,3 prósent. Einnig var spurt: Til hvaða stjórnálmamans berðu minnst traust um þessar mundir? Svarhlutfall var þeirri spurningu var nokkuð minna eða 49,4 prósent. svanborg@frettabladid.is

## GLÆNÝTT

VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT




TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÓF Í KAUPBÆTI



**VEGGFÓÐUR.**  
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

## VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

|               |                 |                 |                 |            |                 |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 23°C léttskýjað | London          | 28°C léttskýjað | Alicante   | 30°C léttskýjað |
| Billund       | 21°C léttskýjað | Paris           | 29°C léttskýjað | Mallorca   | 28°C léttskýjað |
| Oslo          | 23°C léttskýjað | Frankfurt       | 29°C léttskýjað | Algarve    | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur   | 23°C léttskýjað | Friedrichshafen | 22°C skýjað     | Krít       | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg     | 22°C léttskýjað | Berlin          | 28°C skýjað     | Las Palmas | 25°C heiðskirt  |

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# KRÖNAN



VIRK SAMKEPPNI

**1358** kr. kg  
~~1638~~  
Krónu kryddaðar svínakótilettur

**20%**  
afsláttur

**40%**  
afsláttur

**20%**  
afsláttur

**299** kr. kg  
~~438~~  
4 grillborgar með brauði

**1319** kr. kg  
~~1649~~  
Krónu kryddaðar grísahnakkasneiðar

Goða lambalæri frosið  
**885** kr/kg

**24%**  
afsláttur  
Verð áður 1165

**30%**  
afsláttur  
Goða svið soðin  
**469** kr/kg

## Sumartilboð Krónunnar

Appelsínur í neti 2 kg  
**189** kr/pk

**50%**  
afsláttur

Emmess toppar 2 teg  
**369** kr/pk

**3 fyrir 2**

af 2 lítra Pepsi eða Pepsi light

Krónu pylsur  
**199** kr/stk

**40%**  
afsláttur

Af Krónu salötum

**2 fyrir 1**  
Siesta kaffi 400 gr

Krónu brauð gróft og stórt  
**99** kr/stk

Krónu skúffukaka  
**199** kr/stk



Virk Samkeppni

Alltaf frábær tilboð alla daga





## KJÖRKASSINN

Nýtir þú þér innanlandsflug?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 37% |
| Nei | 63% |

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Hugsar þú um heilsuna þegar þú kaupir matvöru?

Segðu skoðun þína á Vís.is

Sjúkraflugvél var ekki til staðar í Eyjum á föstudaginn þegar sjúklingur veiktist:

# Veruleg hættu skapaðist

**SJÚKRAFLUG** Á föstudagskvöld var þýrla Landhelgisgæslunnar kölluð út til Vestmannaeyja til þess að flytja sjúkling til Reykjavíkur vegna þess að sjúkraflugvél var ekki til staðar. Samkvæmt samningi við Heilbrigðisráðuneytið ber fyrirtækinu skylda til þess að hafa vélina ávallt til taks í Vestmannaeyjum en Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, segir að það hafi ítrekað komið fyrir að vélin hafi ekki verið til staðar þegar þörf hefur verið á henni. Landsflug tók við sjúkrafluginu 1. janúar í ár en áður sinni Flugfélag Vestmannaeyja því.

Gunnar Gunnarsson, fram-

kvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, segir að á föstudagsmorgun hafi ung kona verið í fæðingu á stofnuninni og þar sem henni blæddi nokkuð var haft samband við Landsflug og beðið um að hafa flugvél til taks ef á þyrfti að halda. Þegar ekkert fréttist af vélinni um eittleitið hringdi Gunnar aftur í Landsflug og fékk þær upplýsingar að vélin yrði send af stað um leið. Í eftirmiðdaginn var konan búin að fæða en læknar töldu ráðlagt að senda hana í aðgerð til Reykjavíkur vegna mikilla blæðinga. Enn var vélin ekki komin og því var hringt í þýrluna sem kom fljótlega og flaug með konuna til



FRÁ VESTMANNAEYJUM Heimamenn eru orðnir langþeyttir á stopulu sjúkraflugi.

Reykjavíkur þar sem hún fór í aðgerð og að sögn Gunnars er hún við góða heilsu núna.

Ekki náðist í forsvarsmenn Landsflugs í gær.

- gþg

Sjúkraflug í Vestmannaeyjum:

## Óskar eftir opinberri úttekt

**SJÚKRAFLUG** Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, sendi á föstudag beiðni til Heilbrigðisráðuneytisins þar sem hann óskar eftir opinberri úttekt á stöðu sjúkraflugs til Vestmannaeyja. Beiðnina sendi hann vegna þess að það hefur ítrekað gerst að sjúkraflugvél er ekki til staðar í Vestmannaeyjum þegar þörf er á henni.

Í vikunni voru tvö tilvik þar sem óskað var eftir vélinni en hún ekki til staðar. Elliði segir að það komi oft fyrir að þúsundir manna safnist fyrir í Eyjum og að þetta ástand sé algjörlega óviðunandi.

- gþg



ÚR MYNDBANDINU Mynd af bin Laden við hlíð lífandi myndar af al-Zarqawi.

Ný skilaboð frá bin Laden:

## Hrósar Zarqawi

**KAIRÓ, AP** Nýtt myndband var sýnt í gær með hljóðupptöku þar sem Osama bin Laden hrósar hryðjuverkamanninum Abu Musab al-Zarqawi. Hann sagði að al-Zarqawi hefði haft skipanir frá al-Kaída um að drepa alla sem styðja Bandaríkjamenn í Írak. Einungis sést kyrrmynd af Osama bin Laden, en við hlíðina sjást hreyfimyndir af al-Zarqawi sem bandarískir hermenn drápu nýverið.

Ef staðfest verður að röddin á hljóðupptökunni sé rödd bin Ladens þá er þetta fjórða upptakan, sem frá honum kemur á árinu.

- gþ

Kjaradeilur IGS í biðstöðu:

## Tillögu neitað

**KJARAMÁL** Enn er ekki ljóst hvort deilunni milli starfsmanna IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifstöð, og stjórnenda fyrirtækisins er lokið. Á fundi síðastliðinn fimmtudag var lögð fram tillaga sem virtist vera sátt um af hálfu trúnaðarmanna. Þegar hún var borin undir helming starfsmanna var henni hins vegar neitað.

„Ég tala við hina vaktina núna á mánudaginn. Deilan er eiginlega frosin þangað til, það verða engar aðgerðir fyrr en það er búið að bera tillöguna undir alla,“ segir Einar Atlason, talsmaður starfsmanna IGS.

- sþs

# Vörur varnarliðsins dýrari en fólk hélt

Fjöldi fólks mætti í Sigtúnið í gær til að skoða muni varnarliðsins. Búið er að losa tuttugu gáma af vörum og fleiri bætast við enda varnarliðið á förum.

**VERSLUN** Nokkur fjöldi fólks var saman kominn í gamla Blómavals-húsinu í Sigtúni í gær þegar sala á eignum varnarliðsins hófst þar. Á boðstólum var allt milli himins og jarðar, sófasett, rúm, stólar, tölvur og handlöd svo fátt eitt sé nefnt. Viðmælendur Fréttablaðsins voru flestir sammála um það að vörurnar væru dýrari en þeir höfðu búist við en flestum leist þó vel á þær.

Jón Páll Eyjólfsson hafði fest kaup á stól fyrir sjö þúsund krónur þegar blaðamaður náði tali af honum. „Það er bara fínt að herinn skuli vera að fara, bara æðislegt og við getum komið og keypt allt draslið, það er ennþá betra. Það er líka gaman að styrkja bandaríska herinn svona í lokin, ekki veitir þeim af, þeir eru í stríðsrekstri og það er dýrt. Þetta er mitt framlag til stríðsrekstrarins,“ sagði Jón.

Þau Bergþóra Jóhannsdóttir og Björn Olsen sögðust fyrst og fremst að vera að forvitnast en væru ekki í kauphugleiðingum. „Við erum bara að forvitnast, eins og meiri parturinn sennilega af fólkinu,“ sagði Bergþóra, „það getur vel verið að augað grípi eitt-hvað, það er alltaf þannig,“ bætti Björn við. Þeim leist ágætlega á vörurnar en sögðu eins og svo margir að verðið væri nokkuð hærra en þau höfðu búist við.

Ástvaldur Óskarsson stendur fyrir sölu á þessum vörum þegar losað tuttugu gáma og býst við nýrri sendingu hálfsmánaðarlega.



SALA Á VÖRUM VARNARLIÐSINS Sófar af ýmsum gerðum voru meðal þess sem var til sölu í gamla Blómavals-húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



JÓN PÁLL EYJÓLFSSON Keypti þennan glæsilega stól sem á að fara í verslun á Laugaveginum.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Ástvaldur sölna ganga vonum framfar og að hann væri búinn að selja heilmikið. „Það er nánast allur tölvubúnaður farinn, síðan



BERGÞÓRA JÓHANNSDÓTTIR OG BJÖRN OLSEN Leist vel á vörurnar en þjuggust ekki við að kaupa neitt

eru það náttúrulega húsgögnin, kommóðurnar, verkfæraskápar og fleira.“ Salan stendur í hálfm ári en hún verður opin alla daga vikunnar.

gudrun@frettabladid.is

- smk

Sveitastjórar á landsbyggðinni bregðast hart við frestun vegaframkvæmda:

## Segja íbúana vera agndofa

**SAMGÖNGUMÁL** Byggðaráð Norðurlands og Langanesbyggðar á Norðausturlandi mótmæla áformum ríkisstjórnarinnar um frestun vegaframkvæmda í fjórðungnum



HALLDÓR HALLDÓRSSON



BJÖRN INGIMARSSON

harðlega og telja að framkvæmdir til að slá á þenslu í samfélaginu eigi ekki að koma til framkvæmda í landshlutum þar sem þensluáhrifa gæti ekki og hefur ekki gætt á undanförunum misserum. Þvert á móti hafi þar verið samdráttur og fólksfækkun á síðustu áratugum.

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri í Langanesbyggð, segir að fólk sé agndofa yfir þessum áformum ríkisstjórnarinnar. „Þetta eru vegabætur sem hefðu átt að vera komnar á fyrir áratugum og þá bara til að koma á



Á VEGAMÓTUM Íbúar á Norðausturlandi eru orðnir langþeyttir á bið eftir samgöngubótum. Þeirra á meðal eru íbúar Þórshafnar og Raufarhafnar sem þurfa að sækja ýmsa þjónustu norður á Akureyri yfir Axarfjarðarheiði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eðlilegum samgöngutengingum á milli svæða. Loksins þegar menn sáu hilla undir að þetta yrði boðið út þá er það hoggíð af með vísun til þensluáhrifa, sem er með hreinum ólíkindum. Hér ríkir mikil reiði.“

Vegna þessa hafa forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja miklar áhyggjur og stjórn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hefur skorað á stjórnvöld að láta útboð við vegaframkvæmdir í fjórðungnum fara fram eins og til stóð. Í sama streng hafa stærstu sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum tekið.

Hörð mótmæli íbúa á Norðausturlandi koma í kjölfar sterkra

viðbragða frá Vestfjörðum vegna frestunar vegaframkvæmda þar. Allt útlit er fyrir að þverun Mjóafjarðar verði frestað sem þýðir að bundið slitlag frá norðanverðum fjórðungnum á hringveginn verður ekki að veruleika á næstunni.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafirði, segir að það væri æskilegt að fresta ýmsum öðrum framkvæmdum en samgöngubótum. „Vegaframkvæmdir í Djúpi mega einfaldlega ekki bíða. Sá kafli sem er eftir er ónýtur því hann hefur beðið eftir því lengi að þessi brú yfir Mjóafjörð yrði gerð. Ég get ekki stutt þennan tiltekna þátt í aðgerðum ríkisstjórnarinnar.“

svavar@frettabladid.is

2 fyrir 1

# Alicante

6. og 13. júlí

## 19.990


frá kr.

**Allra síðustu sætin**

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinu við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Allra síðustu sætin á frábæru tilboði. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval gistingualeika á Benidorm í boði.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri  
sími 461 1099 • www.helmsferdir.is





**ROCK STAR** **SUPERNOVA**







## VEISTU SVARID?

- 1 Hvað er Sigurbjörn Einarsson biskup gamall?
- 2 Hvað fengu starfsmenn Íslandspóstsmikla launahækkun á dögunum?
- 3 Hvaðan koma flestir ferðamenn á skemmtiferðaskipum í ár?

SVÖR Á Síðu 38



VERKEFNIÐ KYNNT Fyrstu hópar björgunarsveitarmanna héldu á hálandi í gær.

Landsbjörg á hálandinu:

## Til aðstoðar ferðamönnum

**EFTIRLIT** Alls munu fjórar björgunarsveitir á vegum Slysavarnarfélagssins Landsbjargar verða staðsettar á hálandi Íslands frá og með deginum í gær og fram til 18. ágúst í þeim tilgangi að aðstoða ferðamenn og fækka slysum.

Verkefnið var kynnt fyrir fjölmiðlum á fimmtudag en fyrstu hópar björgunarsveitarmanna lögðu þá leið sína upp á hálandið. Margvísleg verkefni bíða þeirra þar fyrir utan beina aðstoð við ferðalanga. Er ætlunin einnig að merkja vöð og ýmsar aðrar hættur sem valdið geta skaða eða tjóni í samstarfi við Vega-gerðina með það að markmiði að fækka slysum á svæðinu. - aðe

Landbúnaðarráðherra:

## Reiðhallir í hvert hérað

**LANDSMÓT** Í ávarpi sínu á Landsmóti hestamanna tilkynnti Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra að ríkisstjórn Íslands og Alþingi ætli að leggja peninga til reiðhalla og reiðskemman sem eiga að rísa í hverju héraði. Guðni sagði að slík mannvirki myndu efla starf hestamannafélaga og jafna aðstöðu þeirra í landinu.

Hann sagði einnig að samningar hefðu tekist um niðurfellingu á tólf prósentu tolli á seldum hestum frá Íslandi til ríkja Evrópusambandsins en breytingin tekur gildi um næstu áramót. - gþg



**ÍÞRÓTTÁLFURINN** Latóhagkerfið á meðal annars að auðvelda börnum að átta sig á gildi þess að spara peninga.

Latóhagkerfi Latabæjar:

## Starfrækt í fimmta skipti

**VIÐSKIPTI** Um helgina hleypa Latabær og Glitnir af stokkunum samstarfsverkefni um rekstur Latóhagkerfisins, en það er hagkerfi ætlað börnum 11 ára og yngri. Markmiðið með hagkerfinu er að auðvelda börnum að átta sig á gildi þess að spara peninga, neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og taka þátt í uppbyggilegu tómstundastarfi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Latabæ.

Þetta er í fimmta skiptið sem Latóhagkerfið er starfrækt, en með Latóseðlum má meðal annars kaupa aðgang í sundlaugar, Húsdýragarðinn og strætó á höfuðborgarsvæðinu. - sþs

Formenn stjórnarandstöðuflokka ekki hrifnir af skýrslu um hryðjuverkavarnir:

## Alþingi verði með í ráðum

**LÖGGÆSLA** Formenn stjórnarandstöðuflokka eru óhressir með skýrslu um hryðjuverkavarnir á Íslandi sem dómsmálaráðherra kynnti á fimmtudaginn.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra alfarið reka þetta áfram sem sitt gæluverkefni. „Alþingi ætti að vera með í ráðum ekki síður en framkvæmdavaldið þar sem ljóst er að þetta kallar á útgjöld og löggjöf ásamt eftirliti með því hvernig svona heimildir yrðu notaðar. Því yrði þetta aldrei einkamál dómsmálaráðuneytisins.“



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur hefur efasemdir um þörf á sérstakri þjóðaröryggiseild og telur nægar bjargir felast í núverandi skipulagi lög-

reglu ásamt alþjóðasamstarfi á borð við Interpol, Europol og Schengen.

„Við erum ekkert ofsa kátir að fara í þessa stefnumótun,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Fyrirfram ætla ég ekki að taka undir að við stofnum hér leyniþjónustu en ég tel í lagi að vinnuhópur skoði tillögur þessara erlendu manna.“

Guðjón segir að dómsúrskurður sé alger forsenda ef það eigi að fara í hleranir.

Hvorki náðist í formann né varaformann Samfylkingarinnar við vinnslu fréttarinnar. - sdg

Sameinuðu þjóðirnar:

## Gagnrýni á skilgreiningu

**ALÞJÓÐAMÁL** Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna lýsti í fyrra yfir áhyggjum sínum yfir því hversu óljós og víðtæk skilgreining á hryðjuverkum væri í íslenskum lögum. Í lokaathugasemdum mannréttindanefndarinnar kom fram að skilgreiningin gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum. Sérstaklega er vísað í 2. og 21. greinar mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem snúa að almennt viðurkenndum réttindum borgara og réttinum til að koma friðsamlega saman. - sdg

# Segja hryðjuverk skilgreind of vítt

Skýrsla um hryðjuverkavarnir á Íslandi mætir talsverðri gagnrýni. Hægt að fella nánast hvað sem er undir hryðjuverk vegna of víðtækrar skilgreiningar; þrengt yrði að mannréttindum á Íslandi, segir hæstaréttarlögmaður.

**LÖGGÆSLA** Talsvert hefur verið um gagnrýni á nýja skýrslu sérfræðinga Evrópusambandsins um hryðjuverkavarnir á Íslandi, sem dómsmálaráðherra kynnti á fimmtudaginn.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir megináhyggjuefnið vera hversu víðtæk skilgreining hugtaksins hryðjuverk sé á Íslandi. „Hugtakið hefur ekki verið skilgreint í alþjóðalögum og íslenska skilgreiningin hefur sett harðri gagnrýni af hálfu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna vegna þess hversu víðtæk hún er. Það er hægt að fella nánast hvað sem er undir hryðjuverk. Ég tel að skýrsluhöfundar hafi ekki verið meðvitaðir um þetta atriði.“

Ragnar segir þetta skipta miklu máli vegna þess að eftir því sem skilgreining á hryðjuverkum verður víðtækari, því víðtækara verður vald öryggislögreglu til að fella undir sitt starfssvið sem flesta þætti þjóðlífsins. „Verði þessar hugmyndir að lögum verður verulega þrengt að mannréttindum á Íslandi.“

Ragnar segir hryðjuverk vera framin til að koma á framfæri sjónarmiðum og tilgangurinn sé að hafa áhrif. „Í skýrslunni kemur fram að aðild að Atlantshafsbandalaginu geti auknið líkur á hryðjuverkum hér en ég er ósammála því. Aðallega vegna þess að Ísland er ekki með eigin her og hefur ekki nema að óverulegu leyti tekið þátt í hernaði.“

Ragnar telur líkur á hryðju-



DR. NIELS BRACKE OG BJÖRN BJARNASON KYNNTU SKÝRSLUNA Á FIMMTUDAG Starfshópur hefur verið settur á lagginnar til að vinna úr skýrslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verkum hérlendis verulega litlar og ef til þeirra kæmi þá myndi svona deild engu máli skipta.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segir mikilvægt að hafa samræmi milli aðgerða og nauðsynjar.

„Mikið hefur borið á gagnrýni í alþjóðasamfélaginu á að vegið sé að mannréttindum í skjóli svokallaðar hryðjuverkaógnar. Um leið og farið er að tala um auknar heimildir til eftirlits með borgurinum verður að stíga mjög varlega til jarðar.“

Guðrún bendir á að í skýrslunni komi fram að Ísland sé ekki

á meðal aðalskotmarka alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi. „En einn sérfræðinganna leggur þó til að hér verði stofnuð 25 til 30 manna þjóðaröryggiseild. Ég tel alltof mikla áherslu lagða á hryðjuverkavarnir á kostnað raunverulegra vandamála á borð við fíkniefnamisferli eða mansal.“

Guðrún deilir áhyggjum með Ragnar yfir of víðtækri skilgreiningu á hryðjuverkum. „Ég vona sannarlega að hér á landi leiðum við ekki í lög of víðtækar takmarkanir á frelsi borgaranna og friðhelgi einkalífsins í skjóli baráttu gegn hryðjuverkum.“

sdg@frettabladid.is

Anders Fogh Rasmussen með aðrar áherslur en starfsbræður í Bandaríkjunum:

## Ekki minnst á guð í ræðum

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hvatti danska stjórnámálamann og ráðamenn til þess að forðast að vísa til guðs í opinberum ræðuflutningi.

„Mér líkar það svo sannarlega ekki að stjórnmalaleiðtogar fjalli opinberlega um guð í ræðum,“ var haft eftir Fogh Rasmussen í Kristilega dagblaðinu í Danmörku.

Hann sagði það „hættulega blöndu“ að vísa oft til guðs í opinberum ræðum, sérstaklega þegar stríðandi andstæðingar telja sig allir hafa guð á sínu bandi, hver fyrir sig.

„Allar mannlegar verur, þar á meðal stjórnámálamenn, ættu hér að sýna auðmýkt og viðurkenna að við vitum ekki einu sinni hvað þessi eða hinn guðinn myndi halda um athafnir okkar,“ sagði forsætisráðherrann.



ANDERS FOGH RASMUSSEN FORSÆTISRÁÐHERRA DANMERKUR Anders Fogh segir það hættulega blöndu að vísa oft til guðs í opinberum ræðum. Ummæli hans þykja stínga mjög í stúf við afstöðu Tony Blair og George W. Bush sem báðir vinta óspart í guð í tengslum við eigin ákvarðanir í stjórnámálum.

Fogh Rasmussen er ekki þekktur fyrir að mæta oft í kirkju. Ummæli hans þykja stínga mjög í stúf við afstöðu þeirra Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og

George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem báðir sækja kirkju reglulega og hafa óspart vitnað í guð í tengslum við eigin ákvarðanir í stjórnámálum. - gb



BREYTINGAR Í VÆNDUM Búast má við miklum breytingum í Kúveit á næstu árum, þó engin kona hafi komist inn á þing í nýfastöðnum kosningum. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Kúveit:

## Engin kona komst á þing

**KÚVEIT, AP** Umbótasinnar hlutu meirihluta þingsæta í kosningunum sem fram fóru í Kúveit á fimmtudag, en engin kona komst á þing.

Niðurstöðurnar, sem birtar voru í gær, voru mörgum mikið áfall, en þetta var í fyrsta sinn sem konur fengu að kjósa og bjóða sig fram til þings. Þó konur hefðu eingöngu verið 27 af 249 frambjóðendum, vonuðu margir að einhverjar þeirra næðu kjöri.

Þó má búast við umbótum í Kúveit næstu árin, því 57 prósent kjósenda í Kúveit eru konur og er því líklegt að stjórnámálamenn muni sinna málefnum kvenna meira nú en áður. - smk

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra:

## Arnar aðstoðarmaður Jóns

**STJÓRNMÁL** Arnar Þór Sævarsson héraðsdómslögmaður hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Jóns Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, frá og með 1. júlí. Arnar Þór er 34 ára og hefur áður starfað hjá Fjármálaeftirlitinu og Símanum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Arnar Þór útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1999, öðlaðist héraðsdómslögmannaréttindi árið 2000 og lauk prófi í verðbréfafræðingum árið 2001. Hann á tvö börn og er í sambúð með Gerði Betu Jóhannsdóttur hjúkrunarfræðingi. - sþs

Sænskur áfengisframleiðandi:

## Mútur og gjafir faldar í bókhaldi

**SVÍÐJÓB, AP** Níu núverandi og fyrrverandi starfsmenn sænska áfengisframleiðandans Vin & Spirit voru ákærðir í gær fyrir meintu aðild sína að einu stærsta hneykslismáli sem upp hefur komið innan sænsku áfengisverslunarinnar.

Vínbúðir Svía eru ríkisreknað líkt og hér á landi og bannað er að hygla einni tegund frekar en annarri. Fólkið er sakað um að hafa þegið mútur sem nemur nær sjö milljónum íslenskra króna, og falið svindlið í bókhaldi.

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn sem hófst árið 2003 vegna gruns um að áfengisdreifingaraðilar mútuðu starfsfólki vínbúðanna til að ota vörum sínum fram. - smk





## Finndu vellíðan streyma um þig með Omega 3 og 6

Flora viðbit inniheldur mikið af Omega 3 og 6 fitusýrum sem gera æðakerfinu gott og eru þess vegna sjálfsagður hluti af hollu mataræði. Það er sama hvað þú tekur þér fyrir hendur: Flora sér til þess að hjartanu líður vel.







**FORSETAR Í MOSKVA** Vladimir Pútín Rússlandsforseti og tyrkneskur starfsbróðir hans, Ahmet Necdet Sezer, ræðast við í viðhafnarsal í Kremli í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landsþing Kvenfélagasambands Íslands var haldið í 34. sinn um síðustu helgi:

## Vilja bættu heimaþjónustu

**SAMKOMA** Landsþing Kvenfélagasambands Íslands var haldið í 34. sinn um síðustu helgi, í Íþróttahöllinni á Akureyri.

Meðal ályktana sem þingið samþykkti var áskorun á sveitarstjórnir landsins að standa við gefin kosningaloforð um að efla heimaþjónustu fyrir aldraðra og öryrkja og efla þjálfun og þekkingu þeirra sem starfa við heimaþjónustu. Í greinargerð fundarins segir: „Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar og þjóðfélagsbreytingum eru sífellt fleiri aldraðir sem búa einir. Allir eru sammála um að aukin og bætt heimaþjónusta sé lykillinn að því að fólk geti

haldið heimi meðan heilsa og aðstæður leyfa.“

Þingið bar yfirskriftina: Fjölskylda í nútíð og framtíð, heilsa og forvarnir. Alls sóttu 98 fulltrúar frá öllum kvenfélögum landsins þingið, en kvenfélögin eru um tvö hundruð talsins og starfa í um tuttugu svæðasamböndum.

Forseti Kvenfélagasambandsins til sex ára, Helga Guðmundsdóttir, gaf ekki kost á sér til endurkjör. Í hennar stað var Sigurlaug Garðarsdóttir kosin forseti sambandsins til næstu þriggja ára. Heiðursgestur þingsins var Merja Siltanen, forseti fjölmennustu kvennasamtaka Finnlands. - æþe



**GRÓÐURSETT Í SÓLINNI** Eftir krefjandi fundarstörf brugðu konurnar sér út og gróðursettu plöntur í kvíldsólinni við Kjarnaskóg sunnan Akureyrar.

Rannsóknasjóður:

## Guðrún Nordal formaður

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðherra hefur skipað stjórn Rannsóknasjóðs en skipunartíminn er til ársins 2009. Alls eru fimm aðalmennt og fimm varamenn en formaður sjóðsins er Guðrún Nordal.

Rannsóknasjóður styrkir rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla og fyrirtæki en hlutverk hans er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Sjóðurinn veitir styrki samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs en einnig leggur hann mat á gæði rannsóknarverkefna og færni þeirra sem stunda rannsóknirnar. - gþg



**FRÁ STYRKVEITINGUNNI** Guðrún Agnarsdóttir tekur við gjöfinni af hendi Svövu Grönfeldt hjá Actavis.

Krabbameinsfélagið 55 ára:

## Fékk tíu milljón króna styrk

**STYRKUR** Krabbameinsfélagið fékk afhentan tíu milljóna króna styrk frá Actavis í gær á 55 ára afmæli félagsins. Svava Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, sagði að fyrirtækið hafi viljað styrkja Krabbameinsfélagið á þessum tímamótum sem viðurkenningu fyrir áratuga starf félagsins í baráttunni gegn krabbameini.

Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, sagði gjöfina koma sér vel við hin fjölmörgu verkefni félagsins og þakkaði fyrir velvild Actavis í þeirra garð. - gþg

Forsætisráðherra Spánar með tímamótatilkynningu:

## Viðræður við ETA



**JOSÉ LUIS RODRÍGUEZ ZAPATERO** Ætlar að hefja friðarviðræður við ETA-samtökin. NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN, AP** José Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, tilkynnti á blaðamannafundi á fimmtudag að hann hygðist hefja „langar og erfiðar“ friðarviðræður við hin alræmdu ETA-samtök aðskilnaðarsinnaðra Baska. Í viðræðunum verður einblínt á endalok sjálfra samtakanna og örlög fimm hundruð baskneskra fanga sem dúsa í spænskum fangelsum, vegna tengsla við ETA. Sjálfstæði Baskalands verður ekki til umræðu.

Tilkynningin var áhrifamikil, enda um mikið deilumál á Spáni að ræða og Spánverjar klofnir í tvennt í afstöðu sinni til viðræðanna. Mariano Rajoy, formaður PP, helsta stjórnarandstöðuflokksins, var fljótur til að fordæma viðræðurnar og sakaði forsætisráðherrann um að „verðlauna hryðjuverk“. - kþp



**LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Deilur milli starfsfólks og yfirmanna spítalans eru algengar og telja lækarnir Tómas Zoega og Stefán E. Matthíasson sem unnið hafa dómsmál gegn spítalanum að undanföngu fulla ástæðu til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hlutist til um að skipt verði um stjórn og yfirmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stjórnin ætti að segja af sér

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi áminningu sem Landspítalinn veitti Stefáni Matthíassyni ólögmeða.

**DÓMSMÁL** „Að mínu viti ætti stjórn spítalans að segja af sér eða ráðherra að segja stjórninni upp enda hafa tveir dómur nú fallið um ólögmeði aðgerða þeirra gegn læknum spítalans,“ segir Tómas Zoega, fyrrverandi yfirlæknir á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Annar dómurinn gegn spítalanum í einum og sama mánuðinum féll í vikunni þegar Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að áminning á hendur Stefáni Matthíassyni, æðaskurðlækni, hefði verið ólögmeð.

Dómi Héraðsdóms í gær svipar til dóms Hæstaréttar Íslands, fyrr í þessum mánuði, í máli Tómasar Zoega gegn spítalanum þar sem rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun stjórnar spítalans að svipta Tómas yfirlæknisstöðu á geðdeild þar sem hann lagði ekki niður einkastofu sína utan spítalans var dæmd ólögmeð.

Stefán Matthíasson rekur einnig eigin stofu og hafði með samn-

ingi við spítalann samþykkt að loka henni að uppfylltum skilyrðum um að öll nauðsynleg aðstaða væri fyrir hendi á spítalanum. Þráðist Stefán við að loka, þar sem fullnægjandi aðstaða var aldrei sett upp á spítalanum að hans mati, og tekur dómurinn undir það sjónarmið. „Ég er afar ánægður með þessi málalok enda dómurinn afar skýr mér í hag og er mikill áfelligisdómur yfir stjórn og starfsháttum spítalans.“

Stefán ætlar að taka sér tíma með lögfræðingi sínum næstu daga og vikur til að ákveða framhaldið. „Ég tel eðlilegt að fara fram á miskabætur í kjölfarið en ég tek ákvörðun að höfðu samráði við lögfræðing minn næstu misserin.“

Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri LSH, segir að farið verði yfir niðurstöðu Héraðsdóms og lærdómur af honum dreginn en fellst ekki á að um áfelligisdóm sé að ræða yfir stjórn og yfirmönnum spítalans.

„Þessir tveir dómur fjalla um gjörólíka hluti og mér finnst fullhart til orða tekið að tala um niðurstöðuna sem áfelligisdóm.“

Má spítalinn búast við milljóna króna skaðabótamálum verði raunin sú að þeir Tómas og Stefán hefði mála en lögmaður Tómasar hefur látið hafa eftir sér að skaðabótakrafa geti numið allt að hundrad milljónum króna sem séu ætluð laun Tómasar til sjötugs auk miskabóta. albert@frettabladid.is



RENAULT



Með bílinn handa þér

Kangoo



Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.570.000

Verð frá kr. 1.261.044 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 23.774

Fjármögnunarleiga kr. 19.095 án vsk.

Trafic



Renault Traffic

Verð frá kr. 2.380.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 36.672

Fjármögnunarleiga kr. 29.455 án vsk.

Master



Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.

\* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendra myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



# ÚTSALA á húsgögnum

fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 90% afsláttur

|                       |            |                        |     |
|-----------------------|------------|------------------------|-----|
| Sófaborð              | 5.600 kr.  | <del>56.000 kr.</del>  | 90% |
| Borðstofuborð         | 35.940 kr. | <del>59.900 kr.</del>  | 60% |
| Fataskápar Modena     | 9.950 kr.  | <del>19.900 kr.</del>  | 50% |
| Rúm 90 cm             | 18.720 kr. | <del>23.400kr.</del>   | 20% |
| Kommóða með glertopp  | 9.995 kr.  | <del>19.990 kr.</del>  | 50% |
| Kommóða með leðurtopp | 14.995 kr. | <del>29.990 kr.</del>  | 50% |
| Náttborð              | 8.043 kr.  | <del>16.085 kr.</del>  | 50% |
| Sjónvarpsborð         | 7.740 kr.  | <del>12.900 kr.</del>  | 60% |
| Sófasett leður        | 99.000 kr. | <del>259.900 kr.</del> | 62% |
| Sófasett tau          | 78.435 kr. | <del>156.870 kr.</del> | 50% |
| Speglar               | 12.450 kr. | <del>24.900 kr.</del>  | 50% |
| Stakir stólar         | 7.794 kr.  | <del>12.990 kr.</del>  | 60% |
| Stóll með snúningi    | 7.794 kr.  | <del>12.990 kr.</del>  | 60% |
| Svefnsófi             | 17.495 kr. | <del>34.990 kr.</del>  | 50% |

Húsgögn fást einungis í Hagkaupum  
Smáralind og á Akureyri

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





AF EVRÓPUVETTANGI: AUÐUNN ARNÓRSSON

## EES stenst læknisskoðun

Evrópunefnd forsætisráðherra stóð í vikunni fyrir opnum málfundi um stöðu og framtíð EES-samningsins. Meðal ræðumanna þar voru framkvæmdastjóri EFTA og sendiherrar frá Liechtenstein, Sviss og Noregi, löndunum þremur sem eru ásamt Íslandi eftir í EFTA. Í stuttu máli má segja að niðurstaðan úr erindunum sem þarna voru haldin sé sú, að EES-samningurinn sé við góða heilsu. Til að svo verði áfram þurfi hins vegar að passa upp á að hann staðni ekki og að hann taki samvirkusamlega inn vítamín.

Þessi niðurstaða rímar vel við mat sérfræðings við Evrópurannsókn- og ráðgjafarstofnunina Centre for European Policy Studies (CEPS) í Brussel, sem rætt er við hér á síðunni. Þar sem í öllum EFTA-EES-ríkjunum eru nú við völd ríkisstjórnir sem allar sjá sér hag í því að halda EES-samstarfinu virku en stefna ekki á inngöngu í ESB, og af hálfu Evrópusambandsins er einnig vilji til að halda samstarfinu áfram eins lengi og það gengur eins snúðlaust fyrir sig og það hefur gert hingað til, er ekkert sem „ógnar“ því eins og sakir standa. Með öðrum orðum: framsögumenn gáfu EES heilbrigðisvottorð. Í bili. Björn Bjarnason, formaður Evrópunefndarinnar, greindi frá því í setningarárvari sínu að nefndin stefndi að því að birta lokaskýrslu sína öðru hvoru megin við áramót. Forvitnilegt verður að sjá hvort hún verði til þess að hleypa nýju lífi í umræðuna um Evrópustefnu Íslands, á miðjum kosningavetri.

Kostnaður EES-samstarfsins kom við sögu á ráðstefnunni. Nikolaus prins af Liechtenstein, sendiherra í Brussel, greindi frá því að Liechtensteinbúar greiddu fyrir EES-þátttökuna um 5 milljónir evra á ári, andvirði um 480 milljóna króna, sem er umtalsvert þegar það skiptist ekki á fleiri herðar en þær 30.000 sem í furstadæminu búa - það er um 16.000 kr. á hvert mannsbarn, sem er þá yfir 60.000 kr. á hverja meðalfjölskyldu. Að sögn sendiherrans hefur ávinningurinn af EES-samstarfinu verið til þessa metinn það mikill að við þennan kostnað mætti una. Sendiherrann skýrði reyndar ekki nánar út hvernig hann fékk þessa upphæð út en ljóst er að hlutfallslegur kostnaður smæsta aðildarríkis EES er meiri á hvern íbúa en í hinum stærri. Fjallað er nánar um þann kostnað sem Ísland ber af EES hér á síðunni. En jafnvel þótt reiknað væri með því að kostnaður Íslands af EES væri fullir tveir milljarðar króna samsvarar sú upphæð ekki meiru en um 6.700 krónum á hvern íbúa. Ef tilraun væri gerð til að reikna ávinning Íslands af EES-samstarfinu út í krónum er ljóst að talan sem út úr því kæmi væri margföld á við þá 1-2 milljarða sem samstarfið kostar, fyrir utan þann ávinning sem Evrópusamstarfið skilar Íslendingum og ekki verður mældur í fjárgildum.



### Sérfræðingur CEPS: EES stendur traust

EES-samningurinn stendur á traustum grunni og ekkert ógnar EES-samstarfinu í augnablikinu. Þetta er mat Marius Vahl, sérfræðings við rannsókn- og ráðgjafarstofnunina Center for European Policy Studies í Brussel.



MARIUS VAHL

Vahl er Norðmaður sem nýlega gaf út bók um tvíhliða samninga Sviss við ESB og var fyrir fjórum árum einn höfundari um reynslu Noregs af EES og valkosti í Evrópumálum. Hann segist ekki vita til þess að vilji neins sem hagsmuni hefur af EES-samstarfinu standi til annars en að viðhalda því sem öflugustu, að minnsta kosti eins og sakir standa.

„Eftir því sem ég fæ best séð er enginn hlutaðeigandi að íhuga að yfirgefa EES-samstarfið,“ segir Vahl. Hjá Evrópusambandinu sé meira að segja farið að horfa til EES-samstarfsins sem fyrirmyndar að hugsanlegu fyrirkomulagi á framtíðartengslum við grannríki, sem sambandið vill gjarnan eiga nánin tengsl við án þess þó að vilja heita þeim fullri aðild. Því sé vilji fyrir því að athuga hvort „EES-leiðin“ væri fær slíkum ríkjum. - aa

## Norðmenn nýta allar gáttir í ESB

Frá því meirihluti norskra kjósenda hafnaði aðildarsamningnum við Evrópusambandið í nóvember 1994 hafa norsk stjórnvöld lagt sig fram um að nýta allar hugsanlegar gáttir til að ota sínum tota í lagasetningar kerfi ESB og öðrum þáttum evrópsks samstarfs.

Þeir leggja meira að segja fram hermenn til að þjóna í norrænni herdeild undir sænskri forystu í svonefndu hraðliði ESB, sem er það sem næst kemst því að vera vísir að her ESB.

Vinstristjórnin, sem tók við stjórnartaumunum í Ósló í fyrra, nefnir þessa stefnu núna „EES plús“ og útfærir hana ítarlega í skýrslu sem birt var um miðjan júní.

Norski sendiherrann Guttorm Vik lýsti Evrópustefnu Norðmanna í erindi sem hann hélt á ráðstefnu Evrópunefndar forsætisráðherra í vikunni. Hann útfærði þar hvernig gengið hefði verið frá því í stjórnarsáttmála Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins að ekki skyldi stefnt að aðild að ESB á kjörtímabilinu, en allir þeir möguleikar sem EES-samstarfið og annað Evrópusamstarf býður upp á skyldu nýttir, einkum og sér í lagi til að hafa



EVROPUSTEFNAN RÆDD Norski sendiherrann Guttorm Vik í pontu á ráðstefnu Evrópunefndar forsætisráðherra um stöðu og framtíð EES-samningsins. Nefndarmennirnir Björn Bjarnason og Össur Skarphéðinsson hlýða á, ásamt öðrum ráðstefnugestum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

áhrif á Evrópulöggjöf sem Norðmenn eru skuldbundnir til að innleiða.

Vik benti meðal annars á, að Evrópuþingið, sem á síðustu árum hefur hlotið æ veigameira hlutverk í lagasmíðakerfi ESB, hefði reynst býsna opið fyrir því að hlusta á sjónarmið Norðmanna, þegar þeir leituðu eftir áheyrn þar.

### Ráðherrar á árbitfsfundum

Til vitnis um það nána samband sem Norðmenn leggja sig eftir við Evrópusambandið er að á austurríska formennskumissinum á fyrri

helmingi þessa árs áttu sér stað fimmtán fundir þar sem norskir ráðherrar eða staðgenglar þeirra áttu samráðsviðræður við ráðherra ESB-ríkjanna. Norskir ráðherrar mæta oft á óformlega morgunverðarfundi áður en formlegir ráðherrafundir ESB fara fram. Að sögn Marius Vahl, sérfræðings hjá CEPS í Brussel, gerir til dæmis norsk umhverfisráðherra sér far um að missa ekki af þessu tækifæri til að eiga óformlegt samráð við ESB-kollegana. Enginn íslenskur ráðherra sækir slíka fundi, nema helst dómsmálaráðherra

sem stundum mætir á fundi þar sem Schengen-mál eru á borði ESB-innanríkisráðherranna. Íslenskir ráðherrar hitta ESB-ráðherra aðallega er þeir hitta norræna kollega sína.

Norskir fjölmiðlar halda úti stórum hópi fréttaritara í Brussel. Norsku sveitarfélögin, samtök aðila vinnumarkaðarins og ýmsir aðrir hagsmunaaðilar í Noregi hafa það að atvinnu að hafa eyru og augu opin fyrir öllu sem varðar getur norska hagsmuni í ESB-kerfinu. auðunn@frettabladid.is

## Kostar á annan milljarð

Fastur árlegur kostnaður Íslands af þátttökunni í EES-samstarfinu er vel á annan milljarð króna. Hann mun að líkindum hækka nokkuð á næsta ári, þegar gert er ráð fyrir að Rúmenía og Búlgaría bættist í raðir bæði Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. ESB ætlast þá til að Ísland og hin EFTA-ríkin í EES, Noregur og Liechtenstein, greiði meira í þróunarsjóð sem eins konar „aðgangseyri“ að hinum stækkaða innri markaði Evrópu.

Kostnaður Íslands af EES-þátttökunni skiptist í fernt. Í fyrsta lagi er það hlutdeild Íslands í beinum rekstrarkostnaði EES-stofnananna - EFTA-skrifstofunni, Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), EFTA-dómstólnum o.s.frv. - í öðru lagi framlag Íslands til samstarfsáætlana ESB á sviði vísinda, menningar, starfsþjálfunar o.s.frv., í þriðja lagi framlag Íslands til Þróunarsjóðs EFTA og í fjórða lagi kostnaður íslenska stjórnkerfisins sjálfs af þátttökunni í EES-samstarfinu.

### Hækkar með stækkun ESB

Framlag Íslands til rekstrarkostnaðar EES-stofnananna nam á árinu 2002 um það bil 147 milljón króna og hefur hækkað talsvert síðan. Lætur nærri að hann nemi 200 milljónum króna á þessu ári.

Framlög Íslands og hinna EES-EFTA-ríkjanna til fjármögnunar samstarfsáætlana ESB eru reiknuð á grunni vergrar landsframleiðslu EES-EFTA-landanna og ESB-landanna 25. Þessi framlög hafa hátt í þrefaldast frá fyrsta rekstrarárinu, sem var árið 1995, en þessi hækkun helgast bæði af fjölgun samstarfsá-

ætlana en einnig hækkanði landsframleiðslu og verðbólgu. Á þessu ári er gert ráð fyrir að þessi framlög nemi alls 139 milljónum evra, sem samsvarar meira en 13 milljörðum króna. Af þeirri upphæð greiða Íslendingar tæplega sex milljónir evra, um 570 milljónir króna. Inni í þessu er framlag Íslands til samstarfsáætlana á borð við vísinda-rammaáætlun ESB, háskólanemaskiptiáætlunina ERASMUS, starfsþjálfunaráætlunina LEONARDO og fleira.

Framlag Íslands til Þróunarsjóðs EFTA hækkaði úr um 100 milljónum kr. á ári í yfir 500 milljónir er tíu ný ríki bættust í raðir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins vorið 2004. Rétt til greiðslna úr sjóðnum hafa aðilar í fátækari ríkjum sambandsins, fyrst og fremst nýju aðildarríkjunum sem voru áður austan járnþjaldsins. Á þessu ári nemur framlag Íslands í þróunarsjóðnum um 520 milljónum króna. Evrópusambandið mun gera kröfu til þess að þetta framlag hækki enn frekar er Rúmenía og Búlgaría fá inngöngu í sambandið og EES, sérstaklega frá Íslandi þar

sem niðurstaðan úr síðustu samningum um þróunarsjóðinn (árið 2003) varð sú að Norðmenn tóku á sig tvöfalt meiri hækkun framlaga en Íslendingar gerðu. Norðmenn greiða annars að jafnaði tæplega 95 prósent af heildarkostnaði EES.

Loks er það kostnaður íslensku stjórnslunnar af EES-samstarfinu. Á árinu 2002 kostaði þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins 60 milljónir kr. og ferðakostnaður ríkisins vegna EES var áætlaður um 35 milljónir. Þessar fjárhæðir hafa hækkað talsvert síðan, en þessir tveir þættir eru þó aðeins hluti af heildarkostnaðinum. Kostnaðurinn fellur til að hluta með því að íslenskir sérfræðingar og embættismenn eru „lánaðir“ til starfa í þeim stofnunum og stjórnarskrifstofum ESB sem annast rekstur samstarfsáætlana sem Ísland á aðild að; þeir starfa þá tímabundið úti í Brussel (eða Lúxemborg) en fá laun sín áfram greidd beint frá Íslandi.

Samanlagt lætur því nærri að beinn kostnaður Íslands af EES-þátttökunni sé vel á annan milljarð króna. Þá er að vísu ekki tekið tillit til þess fjár sem skilar sér aftur til Íslands í formi styrkja úr sjóðum samstarfsáætlana til verkefna sem íslenskir aðilar koma að.

### Sviss axlar hluta kostnaðarins

Rétt er að geta þess að Sviss, sem er fjölmennasta aðildarríki EFTA en stendur utan við EES, ber hluta af kostnaðinum af rekstri EES með því að greiða drjúgan hluta af rekstrarkostnaði EFTA-skrifstof-



SENDIRÁÐ ÍSLANDS Í BRUSSEL Fjölmennasta og þar með kostnaðarsamasta sendiráðið sem íslenska lýðveldið heldur úti er til húsa á efstu hæðum glerklæddu skrifstofubýggingarinnar fyrir miðri mynd, við Schuman-torg í hjarta „Evrópuhverfisins“ í Brussel.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

unnar í Brussel. Þessar greiðslur eru réttlættar fyrir svissneskum skattgreiðendum með því að á móti hafi svissneskir fulltrúar áheyrnarrett að fundum sem tengjast EES-samstarfinu. Eins og kunnugt er

höfðu Svisslendingar aðild að EES í þjóðaratkvæðagreiðslu í desember 1992 en hafa síðan gert tvíhliða samninga við ESB sem ná yfir hluta af gildissviði EES-samningsins. auðunn@frettabladid.is



# SETTU ÞAÐ SAMAN



HORIZON/3000



SOFT HVID/KF



DEKOR RAMME HVID EG/2000



CLASSIK HVID/KL



DEKOR HVID BØG/0600



DEKOR KASTANIE/800



SOFT LUD/KH

**FALLEGT,  
VANDAÐ,  
ÓDÝRT,  
TIL Á LAGER  
– NÚNA.**

**AEG**

HEIMILISTEKI Á  
TILBOÐSVERÐI  
ÞEGAR KEYPTAR ERU  
„SETTU ÞAÐ SAMAN“  
INNRETTINGAR



# ORMSSON





# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
AÐUNN ARNÓRSSON

HM-stemningin í Þýzkalandi:

## Liðsandinn smitar

Þeir sem þekkja til í Þýzkalandi hafa rekið upp stór augu við að sjá myndirnar af svart-rauð-gula fánahafinu, af landsliðsmönnum raunverulega að syngja þýzka þjóðsönginn og almennt af þeirri fólksvalausu gleði sem ríkir þessa dagana í gestgjafalandi heimsmeistaramótsins í knattspyrnu.

Aldrei fyrr í sögu þýzka Sambandslýðveldisins hefur jákvæður liðsandi þýzks landsliðs smitast með eins árangursríkum hætti yfir á þýzku þjóðina, sem almennt hefur forðast eins og heitan eldinn að hampa þjóðartáknum sínum frá því þýzku þjóðernisöfgastefna kallaði ólýsanlegar hörmungar yfir Evrópu og heiminn allan fyrir tæplega einum mannsaldri. Nema ef vera skyldi árið 1954, þegar landslið Vestur-Þýzkalands vann óvænt úrslitaviðureign heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í Bern í Sviss. Það var í fyrsta sinn eftir stríðið sem Þjóðverjum fannst þeir geta verið stoltir af einhverju.

*Það bezta við þessa nýju þjóðernisvakningu í Þýzkalandi er þó, að hún verkar ekki ógnandi á grannþjóðirnar. Hún er vísbending um að skuggi nazismans á þýzku þjóðarsálinni sé loks að dofna.*

Þegar Jürgen Klinsmann tók við sem þjálfari þýzka landsliðsins og lýsti því yfir að heimsmeistaratitillinn væri markmiðið, ekkert minna, hæddust álitgjafar opinberrar umræðu í Þýzkalandi gjarnan að honum. Nú er hins vegar svo komið að einbeittur sigurvilji og liðsandi landsliðsins hefur smitast yfir á alla þjóðina.

Nú keppast álitgjafar og leiðarahöfundar þýzkra fjölmiðla við að bera lof á nýja liðsandann og benda stjórnmaláttum landsins á að taka sér knattspyrnumennina til fyrirmyndar. Rétt eins og landsliðið hafi sýnt að það spili ekki „hugmynda-snaudan öryggisfótbolta“ eins og flestir ættu að venjast þegar Þjóðverjar ættu í hlut, heldur metnaðarfullan, opin og lífligan og næðu árangri með sigurvilja og einhug, ættu stjórnmaláttmennirnir að fylgja fordæmi landsliðsins og hefja sig upp úr „umbótastíflunni“ og skotgrafahernaði sérhagsmunanna. Það er reyndar engu líkara en að stjórnmaláttmennirnir hafi tekið þetta strax til sín; uppstokkun á sambandsríkisferfi Þýzkalands, sem togast hafði verið á um í mörg ár, var loks samþykkt á Sambandsþinginu á föstudag.

„Það sem liðsandinn er fyrir landsliðið er föðurlandsást fyrir þjóðina,“ skrifar einn leiðarahöfundurinn. „Þjóðverjar hafa endurheimt þjóðartákn sín, sem stjórnmaláttmennirnir vissu ekki hvernig ætti að umgangast. Fáninn og þjóðsöngurinn eru allt í einu eign þjóðarinnar, þau eru tákn fyrir samheldni og samhug.“

Það bezta við þessa nýju þjóðernisvakningu í Þýzkalandi er þó, að hún verkar ekki ógnandi á grannþjóðirnar. Hún er vísbending um að skuggi nazismans á þýzku þjóðarsálinni sé loks að dofna. Eða eins og einn fótboltaá hugamaðurinn orðaði það: „Við getum lagt söguna að baki. Við erum hið nýja Þýzkaland og viljum sýna heiminum að við kunnum að halda ærlega veizlu.“

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mótmælafánar

Í þessum dálki í gær var sagt frá því að starfsmenn vegagerðar ríkisins á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði hefðu flaggað í hálfá stöng. Með því vildu þeir mótmæla frestun vegaframkvæmda á Vestfirðum. Ríkjastjórn þegar ríkisstjórnir á hálendinu flögguðu í hálfá stöng 19. júlí 2003 og 2004. Vildu landverðir mótmæla óafturkræfum náttúruspjöllum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Málið rataði alla leið inn á Alþingi. Sagði Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, að sumir landverðir hefðu ekki verið endurráðnir vegna þessa. Því mótmælti Sív Friðleifsdóttir þá umhverfisráðherra. Þó er ljóst að nokkurs titrings gætti hjá yfirvöldum umhverfismála. Nú er spurning hvernig



yfirmenn samgöngumála bregðist við þegar ríkisstjórnir mótmæla ákvörðun yfirboðara sinna.

### Öflug andstaða

Samfylkingin í borgarstjórn ætlar greinilega að veita meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks öfluga andstöðu. Dagur B. Eggertsson, oddviti flokksins í Reykjavík, hefur komið með margar gagnlegar ábendingar fyrstu vikunnar eftir kosningar. Gagnrýnin hefur einkum beinst að jafnréttismálum, skipulagsmálum og nú síðast samkeppnismálum í tengslum við lóðaúthlutun. Nú er bara að sjá hvort gamli formaður Fylkis hafi úthald í jafn öfluga andstöðu næstu fjögur árin.

### Launaskrið ríkisins

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að pósthúðarfélag hjá Íslandspósti fái

launahækkun upp á 15 þúsund krónur frá og með 1. ágúst. Nú eru starfsmenn Íslandspósts örugglega ekki of hátt launaðir og eiga allt gott skilið. Hins vegar vekur þetta upp spurningar um ábyrgð stjórnenda ríkisfyrirtækja við núverandi efnahagsástand. Talsmenn aðildarfélaga ASÍ hafa lagt þunga áherslu á að ef launahækkunir flæði yfir vinnumarkaðinn sé samkomulagið við Samtök atvinnulífsins, um að bæta kjör þeirra lægst launuðu og slá á verðbólgu, í hættu. Slíkar kröfur séu eins og eldsneyti á verðbólguþálíð sem allir vilja slökkva. Því skýtur það skökku við að sá sem stendur fyrir launahækkunum hjá Íslandspósti, Ingimundur Sigurpálsson forstjóri, er líka formaður Samtaka atvinnulífsins.

bjorgvin@frettabladid.is



## Leyndardómar Landsvirkjunar

Í leiðara Fréttablaðsins í fyrradag færði Þorsteinn Pálsson, ritstjóri, rök fyrir því að ekki færi saman að Landsvirkjun væri í eigu hins opinbera jafnframt því sem leynd hvíldi yfir því á hvaða verði fyrirtækið seldi erlendum álverum orku. Þeirri leynd yrði að aflétta. Tildrög þessara skrifa voru umræður um hvort heimila hefði átt Alcoa að aflétta leynd á orkuverði sínu frá Landsvirkjun, líkt og Helgi Hjörvar lagði til í stjórn fyrirtækisins. Ég er þeirrar skoðunar að fyrirtæki í samkeppni á orkumarkaði, sem selur orkuna á mismunandi verði til samkeppnisaðila, geti ekki birt viðskiptasamninga sína og verð án þess að bera skaða af. Á þessu byggði ég þegar ég greiddi atkvæði gegn tillögu Helga í stjórn Landsvirkjunar á dögunum. Jafnframt skipti það mig máli að virða fyrri ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar frá 1995 um að orkuverð til stóriðju yrði ekki gert opinbert, en hún var staðfest af iðnaðarráðherra.

### Opinbert er opinbert

En ég tek undir það með Þorsteini Pálssyni að á meðan fyrirtæki eru í eigu hins opinbera hljóta almennar reglur um meðferð peninga skattborgaranna að gilda. Fyrirtæki getur vart talist vera opinbert ef lykilupplýsingar um það eru ekki opinberar. Það er því í sjálfu sér erfitt að standa gegn þeirri kröfu að Landsvirkjun opinberri verðlagningu sína. Á hinn bóginn hefur almenningur í landinu ríka hagsmuni af því að fá sem mestan arð af eign sinni. Það er í ljósi þessara hagsmuna sem ákvörðunin um leynd er tekin. Frá 1995 hefur það síðan gerst að ekki er einungis verið að semja við erlend iðnfyrirtæki heldur bæst við samkeppni við önnur innlend orkufyrirtæki, sem hefur gerbreytt starfsumhverfi orkufyrirtækjanna og ljóst að samkeppni á milli þeirra mun fara harðnandi á næstu árum.

### Í DAG ORKUVERÐ

ILLUGI  
GUNNARSSON

*Það er því í sjálfu sér erfitt að standa gegn þeirri kröfu að Landsvirkjun opinberri verðlagningu sína. Á hinn bóginn hefur almenningur í landinu ríka hagsmuni af því að fá sem mestan arð af eign sinni. Það er í ljósi þessara hagsmuna sem ákvörðunin um leynd er tekin.*

### Undirbúningur sölu

Að mínu viti er aðeins ein leið fær til að leysa þann vanda sem uppi er og hún er næsta augljós. Landsvirkjun getur ekki verið í opinberri eigu mikið lengur. Rökkin fyrir einkavæðingu eru almennt þau að ekki sé ástæða fyrir ríkið að standa í rekstri, sem einstaklingar og fyrirtæki þeirra geta sinnt. Hlutverk ríkisins sé að stuðla að heilbrigðu umhverfi atvinnulífs þar sem samkeppni er virk og þeir stóru oka ekki hina litlu. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið eiga þau rök ágætlega við Landsvirkjun núna. Forsætisráðherra hefur enda lýst því yfir að stefna beri að sölu Landsvirkjunar innan fárra ára og þá til langtímafjárfesta eins og lífeyrissjóðanna. Það er tímabært að hefja undirbúning þeirrar sölu. Landsvirkjun er um margt sérstakt fyrirtæki og nauðsynlegt að vanda mjög til sölnunar. Tryggja þarf hæfilega dreifða eignaraðild að fyrirtækinu og jafnframt er mikil

vægt að almenningur fái sem hæst verð fyrir þessa eign sína.

### Flókið eignarhald

Landsvirkjun er nú í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarborgar. Þetta eignarhald hefur áratugum saman reynst ágætlega þar til fyrir skemmstu. Samkeppni í raforkuframleiðslu er nú staðreynd og þá er uppi sú staða að Orkuveita Reykjavíkur, sem er í eigu Reykjavíkurborgar er í samkeppni við Landsvirkjun. Reykjavíkurborg er þar með í þeirri erfiðu stöðu að eiga fulltrúa í stjórnnum tveggja fyrirtækja sem eru í keppni sín á milli. Til að leysa þennan vanda hafa staðið viðræður á milli ríkisins annars vegar og Reykjavíkur og Akureyrar hins vegar, en þær hafa lítinn árangur borið til þessa.

Einn vandi er sá að Reykjavíkurborg og Akureyrarborg hafa af því áhyggjur að það verð sem ríkið gæti fengið með því að selja Landsvirkjun á markaði verði hærra en það verð sem sveitarfélögin tvö semdu um við ríkið.

### Tillaga að lausn

En það er einfalt að leysa þennan vanda, þannig að enginn beri skarðan hlut frá borði. Reynist það verð sem fæst við einkavæðingu Landsvirkjunar hærra en það sem um var samið þá greiðir ríkið til sveitarfélaganna mismuninn til baka í hlutfalli við upphaflegan eignarhlut sveitarfélaganna. Þar með væru sveitarfélögin tryggð fyrir því að semja ekki af sér hvað þetta varðaði. Það er að mínu mati sanngirniskrafa að eftir 40 ára farsælt samstarf í Landsvirkjun njóti allir til jafns mögulegs hagnadar af einkavæðingu. Komi til þess að ríkið fái lægra verð fyrir Landsvirkjun en greitt var fyrir til sveitarfélaganna ætti ríkið að bera þann halla. Það ræður tíma- setningu og framkvæmd einkavæðingarinnar og hefði þá einungis við sjálft sig að sakast ef ekki tekst til sem skyldi.

VÍSIR

VEF TV

NFS Í BEINNI  
Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega  
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafþórsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilar sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Sektarkennd?

## Umferðarlagabrot

|                       |                    |
|-----------------------|--------------------|
| *Ölvun við akstur     | kr. 294.000        |
| Ökuskírteini útrunnið | kr. 5.000          |
| Bílbelti ekki spennt  | kr. 5.000          |
| <b>samtals</b>        | <b>kr. 304.000</b> |

\* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 6 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.



## Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



VEGAGERÐIN



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



UMFERÐARSTOFA



VICENTE FOX FÆDDIST  
PENNAN DAG 1942

„Mexíkó á ekki skilið hvað hefur komið fyrir okkur. Lýðræðisleg breyting er áriðandi, breyting sem mun láta okkur hætta að vera minnimáttar þjóð.“

Vicente Fox mun hætta í stjórnárum eftir kosningarnar í dag, en hann hefur setið í forsetastól Mexíkó síðan árið 2000 og má samkvæmt stjórnarskrá ekki sækjast aftur eftir því embætti.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST: 2. JÚLÍ 1994

### Andres Escobar skotinn til bana

Pennan dag árið 1994 var kólumbíski knattspyrnumaðurinn Andres Escobar skotinn til bana. Escobar var varnarmaður með líðsnúmerið 2 og spilaði í tveimur heimsmeistarakeppnum fyrir hönd Kólumbíu, árið 1990 og 1994, en varð fyrir því óláni í leik gegn Bandaríkjunum á heimavelli þeirra árið 1994 að skora sjálfsmark. Kólumbía tapaði leiknum og komst ekki upp úr riðlinum.

Kólumbía var í riðli með Sviss, Bandaríkjunum og Rúmeníu og tapaði fyrstu tveimur leikjunum og vann þann seinasta, en það dugði ekki til. 26. júní vissu Kólumbíumenn fyrir vist að þeir væru að fara heim og vonir landa þeirra voru brostnar.

2. júlí, eftir að Escobar kom heim, réðst að



honum maður á bar í úthverfi heima-borgar hans, Medellín. Samkvæmt kærustu Escobars hrópaði maðurinn „mark!“ fyrir hvert þeirra 12 skota sem hann hleypti af.

Flestir hafa talið morðið vera refsingu fyrir sjálfsmarkið afdrifaríka. Ekki er þó vitað hvort morðinginn, Humberto Munoz Castro, hafi skotið Escobar af eigin frumkvæði eða vegna kröfu hópa fjárhættuspilara sem höfðu lagt mikinn pening undir og vonuðu að Kólumbía kæmist í 16-liða úrslit. Munoz, sem

hafði starfað sem lífvörður, var dæmdur fyrir morðið í júní árið 1995 og fékk dóm upp á 43 ára fangelsisvist. Árið 2001 var dómurinn svo stuttur í 26 ár, en Munoz var sleppt úr haldi árið 2005 eftir ellefu ára varðhald fyrir góða hegðun í fangelsi.

## MERKISATBURÐIR

- 1777** Vermont er fyrsta ríki Bandaríkjanna til að afnema þrælalald.
- 1839** 53 afrískir þrælarná yfirráð-um á þrælaskipinu Amistad 20 mílum undan strönd Kúbu.
- 1937** Amelia Earhart og Fred Noonan hverfa yfir Kyrrahafinu, en þau voru að reyna að fljúga viðstöðulaust kringum heiminn við miðbaug.
- 1947** Fljúgandi furðuhlutur sagður hrapa við Roswell í Nýju-Mexíkó, en Bandaríkjaher segir það hafa verið veðurloftbelg.
- 1976** Norður- og Suður-Vietnam, sem höfðu verið aðskilin síðan 1954, sameinast í Sósíalíska lýðveldið Vietnam.

## AFMÆLI

Steinunn Ólína  
Porsteinsdóttir leikkona  
er 37 ára.



Magnús Skarphéðinsson er 51 árs.

## JÓN KRISTINSSON: NÍRÆÐUR Í DAG

# Mikið langlífi í ættinni

Jón Kristinsson, fyrrverandi forstöðumaður dvalarheimila aldraðra á Akureyri, er níutíu ára í dag. Hann hefur áorkað miklu um langa ævi, verið virkur í félagsstörfum, starfað innan kirkjunnar og rakað margan Akureyringinn, svo fátt eitt sé nefnt.

„Það er mikið langlífi í ættinni, mamma varð 97 ára og Jóhanna föðuramma mín líka. Fjögur af átta systkinum pabba urðu nírað svo ég get vel búið við því að tóra eitthvað áfram,“ segir Jón og gerir lítið úr því að merkilegt geti talist að verða níutíu ára. Hann segist ekki ætla að halda upp á afmælið en skiljist á dóttur sinni að hún ætli að standa fyrir einhverri samkomu. „Ég hefði nú bara strokið úr bænnum ef ég hefði mátt ráða því sjálfur,“ bætir hann svo við.

### Í fjölda félaga


Jón er lærður rakari og rak rakarastofu í rúm þrjátíu ár. Síðan varð hann forstöðumaður dvalarheimilis aldraðra í Skjaldarvík í fjölda ára og rak einnig Dvalarheimilið Hlíð, þar sem hann býr í dag. Hann var virkur félagi í Leikfélagi Akureyrar, formaður félagsins í tólf ár og tók að sér mörg hlutverk. Aðspurður um hvað hafi verið stærsta hlutverk hans á sviði segir Jón að oft sé jafn erfitt að skila stórum og litlum hlutverkum. „Ég man eftir einum leikara hér, Jóni Norðfjörð, í hlutverki þar sem hann sagði aldrei orð. En hann átti senuna, bara með augnaráðinu.“

Önnur félagsstörf hefur Jón ekki látið afskipt. „Ég var nú bara eingöngu í félagsstörfum, alveg í hópi af félögum,“ segir Jón sem bætir einnig við að hafa verið meðhjálpari innan kirkjunnar í mörg ár. Hann byrjaði félagsmálaferil sinn í íþróttafélaginu Þór á Akureyri þar sem hann starfaði áratugum saman, meðal annars sem formaður. Einnig var hann áratugi í Góðtemplarareglunni og formaður Náttúrulækningafélags Akureyrar um tíma. „Síðast var ég í Frímúrarareglunni og starfaði þar af krafti,“ bætir Jón við.

Aðspurður segist Jón ekki hafa verið virkur í pólitík þrátt fyrir allt félagsmálavafstrið, en segist samt hafa sínar skoðanir á hreinu. „Ég hef alltaf verið framsóknarmaður eða alveg frá því í barnaskóla. Þá vissi ég auðvitað ekkert um hvað pólitíkin snerist en ég var í B-bekk og Framsóknarflokkurinn hafði bókstafinn B. Síðan hefur það bara haldist.“

### Afdrifarík stöðvunarskylda

Margir þekkja til Jóns vegna máls hans gegn íslenska ríkinu sem fór fyrir Mannréttindanevnd Evrópu og endaði með sátt milli hans og ríkisins. „Þetta kom nú til vegna þess að ég var að keyra yfir gatnamót hérna ytra. Maður þurfti að stoppa þar vegna þess að vestan götunnar var stór garður með miklum trjám svo maður sá ekki svo vel hvort einhver umferð kæmi úr þeirri átt. Ég kúplaði þarna sundur og lét bílinn renna aðeins áfram, sá að þar kom enginn svo ég fór bara yfir. Þá voru þar einhverjir ungir menn í afleysingum í lögreglubransanum og þeir kærðu mig fyrir að hafa farið yfir ólöglega þar sem átti að stoppa.“ Ungur maður fór með málið og bæði rannsakandi málið og dæmdi í því, „sem felldi hann, þegar málið kom fyrir nefnd-



JÓN KRISTINSSON NÍRÆÐUR Akureyringurinn Jón Kristinsson hefur komið víða við um langa ævi. Hann hefur meðal annars ferðast um heimsins höf, stigið marginnis á leiksviðið á Akureyri og átti þátt í stórum breytingum á dómkerfi landsins vegna máls hans gegn íslenska ríkinu sem var gerð sátt um fyrir Mannréttindanevnd Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ina,“ bætir Jón við.

Málið hafði miklar afleiðingar „og var dýrt fyrir ríkið“ en niðurstaðan vó þungt í því að ráðist var í breytingar á dómkerfi ríksmálagi á landsbyggðinni. Jón segist hafa sagt um leið og dómurinn kom úr fyrsta dómstiginu að það myndi fara lengra, en þegar staðfesting á dómnum kom frá Hæstarétti fór fólk að ráðleggja honum að fara ekki lengra. „Þetta var nú bara þrjú þúsund króna sekt og fólk sagði við mig að það yrði miklu dýrara að halda málinu áfram. Ég sagði að ég myndi aldrei borga og þeir skyldu frekar senda mig í fangelsi en að ég myndi borga þessa sekt.“

### Óútgefin Jónsbók

Ekki kemur því á óvart að ævisaga Jóns, sem hann hefur ritað sjálfur, er æði þykk. Sagan er reyndar óútgefin en Jón gluggar í útprent af henni sem er geymt í stórri möppu. „Bókin heitir að sjálfsgögu Jónsbók en það var einhver á undan mér að nota það nafn svo ég get ekki gefið bókina út,“ segir hann og brosir í kampinn. Bókina skrifaði Jón þegar hann var áttíu ára og hefst hún á orðunum: „Það var sunnudagur 2. júlí 1916. Kona stendur við eldhúsbordið og er að gera brauð þá skyndilega fær hún verk, hríðir,“ Hríðirnar komu að sjálfsgögu engum á óvart og var þar Jón á ferðinni.

Frá þessum sunnudegi fyrir níutíu árum hefur ýmislegt gerst. Jón flutti „á mölina“ til Akureyrar þegar hann var sjö ára og hefur búið þar síðan, eða í 83 ár. Fyrsta húsið sem fjölskyldan bjó í var kallað Norðurpóllinn vegna þess að framan á því stóð stórum stöfum „Nordpolen“. „Það eru fleiri hús hérna á Akureyri sem bera stór nöfn, eins og París og Hamborg,“ bætir Jón við rétt til útskýringar.

### Um heimsins höf

Jón hefur ferðast mikið og til næstum allra króka og kima heimsins. „Ég hef reyndar aldrei komið til Þýskalands en til flestra hinna landanna í Evrópu. Fyrst þegar ég fór til útlanda, það er nú reyndar um hálf öld síðan, fór ég til Kaupmannahafnar og með bílinn með mér á Gullfossi.“ Jón nefnir sérstaklega ferð sem hann fór til Kína þegar honum tókst næstum því að koma við í Ástralíu. „Ég var þá nýbúinn að missa konuna mína og fór á fund með fararstjóra sem var að lýsa ferðinni til Kína. Mér leist svo vel á það að ég ákvað bara að skrá mig í þetta. Það var svo furðulegt að þegar ég var á flugvelli í Svíþjóð, þar sem við millilentum á leiðinni til Kína, hitti ég dóttur mína, Helgu, sem var sjálf á leiðinni frá Kína.“ Jón dvaldi í hálfan mánuð í Kína og þótti „ansi gaman“. Hann hefur einnig komið við í Afríku og sest þar á úlfaldabak. „Ég hef ekki komið til Suður-Ameríku að vísu,“ segir Jón.

Aðspurður segist hann alveg vera hættað að ferðast núna. „Ég fer ekki einu sinni lengur til Reykjavíkur enda líður mér vel hérna á Akureyri.“ Hann segir enga leið að vita hversu gamall hann mun verða héðan í frá. „Það er annar sem ákveður það. Það er alveg gefið mál að hverjum og einum er gefinn ákveðinn tími og einhver þroskaleið sem við erum send í hingað til jarðarinnar. Sumir þurfa ekki nema aðeins að fæðast en fara um leið aftur,“ segir Jón og vitnar að lokum í vers Biblíunnar sem varð Matthíasi Jochumsson innblástur í Þjóðsöng Íslendinga. „Því að þúsund ár eru í þínum augum sem dagurinn í gær.“

annat@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og blýbug við andlát og útför

**Magnúsar Kristjánssonar**  
vélstjóra, Heiðvangi 48, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á deild A7 á Landspítalanum, Fossvogi, fyrir frábæra umönnun í veikindum hans og hjálpssemi og stuðning í garð fjölskyldu.

Karin Gústavsdóttir  
Claus Hermann Magnússon Ásdís Elín Guðmundsdóttir  
Gunnar Geir Magnússon  
Garðar Þór Magnússon Elínros Erlingsdóttir  
Pálmei Magnúsdóttir Bjarni Knútsson  
og barnabörn.

LEGSTEINAR  
OG FYLGIHLUTIR  
Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**  
Harmanshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA


Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



# STELPUDEILDIN ER Á STÖÐ 2!



## ÞÚ NÆRÐ Í FLESTAR STELPURNAR Á STÖÐ 2

Heildaráhorf í mínútum allar konur á aldrinum 12-39 ára.\*

## ÞETTA ER ÁSTÆÐAN:

### 10 VINSÆLUSTU STELPURÞÆTTIRNIR HJÁ ÁSKRIFENDUM STÖÐVAR 2



1. Grey's Anatomy
2. Stelpurnar
3. Prison Break
4. Strong Medicine
5. Medium
6. Neighbours
7. Oprah Winfrey
8. Twenty Four
9. Aðþrengdar eiginkonur
10. America's Next Top Model

Konur 12-39 ára í áskrift að Stöð 2.\*

AUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

\*Skv. áhorfskönnun Gallup dagana 28. maí til 3. júní.

GOTT FOLK McCANN



# Snæfellskir ráðherrar í rokkinu

Stutt er á milli skrifstofa samgöngu- og félagsmálaráðuneytis sem bæði eru í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Jón Sigurður Eyjólfsson varð vitni að óvenjulegum samgangi þar á milli en Ólafsvíkingarnir **Sturla Böðvarsson** og **Magnús Stefánsson**, sem þar sitja á ráðherrastólum, stilltu saman strengi sína og rifjuðu upp árin í poppbransanum, en Magnús teigaði þann bikar til fulls og var um tíma landsþekktur poppari en Sturla lét sveitaballa-bransann nægja.

Magnús hefur tekið af sér bindið og tyllt sér á lítið borð með bongótrommur milli læranna og syngur ljúflega við fagra tóna sem samgönguráðherra galdrar úr gítarnum. Þeir félagar eiga margt sameiginlegt en þeir eru báðir tónlistarmenn og ráðherrar frá Ólafsvík og feður þeirra beggja voru byggingameistarar. Áður en þeir fóru á þing voru þeir æðstu menn í sinni sveit; Sturla bæjarstjóri í Stykkishólmi og Magnús sveitarstjóri á Grundarfirði.

„Ég hef ekki leikið þetta lag í 25 ár,“ segir samgönguráðherra og telur í næsta lag. Það er þó ekki að sjá né heyra á gítarleik hans að æfinguna skorti en úthald tvímenn-inganna er hins vegar ekki upp á marga fiska svo þeir taka sér hvíld eftir örfá lög og fara að rifja upp gamla tíma fyrir blaðamann.

„Sturla var þá idol-ið mitt, hann minnti helst á Lennon sjálfan.“

## Sturla var idol-ið

„Þegar ég var tólf eða þrettán ára fór ég að spila í hljómsveit í Ólafsvík með Jónasi Kristóferssyni, systursyni Sturlu,“ segir Magnús. „Það hefur þá væntanlega verið til að herma eftir mér,“ skýtur Sturla inn í og hlær við. „Já, það má til sanns vegar færa því fyrstu minningar mínar um hljómsveit á sviði eru frá því þegar ég var fimm ára snáði í Ólafsvík og sá hljómsveitina Ómó sem Sturla var í,“ segir félagsmálaráðherra. „Sturla var þá idol-ið mitt, hann minnti helst á Lennon sjálfan,“ bætir



hann við og hlær. Ekki verður betur séð en Sturlu þyki nokkuð til um gullhamrana og fer að rifja þennan tíma upp. „Á þessum árum, 1964 og 1965, spilaði ég heilmikið á böllum úti um allt Snæfellsnesið. Á veturna var mikil vertíðarstemning og þá var ball um hverja helgi og ekki var minna um að vera á sumrin en þá spiludum við oft föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld á böllum. Og mætingin var alltaf gríðarleg, það var yfirleitt troðfullt hús. Þú manst nú hvernig þetta var, Magn-

ús,“ segir hann og snýr sér að sveitunga sínum. „Jú, mikil ósköp,“ svarar hann sem einnig hefur langa reynslu af því að spila á böllum á Snæfellsnesi. „Það kom líka fyrir að upp úr sauð hjá ballgestum og þá varð allt logandi í slagsmálum,“ segir Magnús sem nú þarf að glíma við öll félagsleg vandamál þjóðarinnar. „En þó var aðaláhuggjuefnið hjá okkur hvort rafmagníð myndi detta út eða ekki, en það lét oft undan öllum þessum tólum og tækjum sem við vorum með.“

**RÁÐHERRARNIR Í ÓRAFVÍK HAFU ROKKI** Til allrar lukku eru skrifstofur samgönguráðherra og félagsmálaráðherra skammt hvor frá annari og því geta gömlu rokkaramir frá Ólafsvík komið saman og rifjað upp gamla takta þegar frí gefst frá önnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## Lærði taktana af Kinks

Það var kannski ekki nema von að rafmagníð gæfi sig hjá Magnúsi og félögum í hljómsveitinni Lúkasi því rokkið hjá þeim gat orðið býsna þungt. „Við lékum að sjálfsgöðu Bítalög, lög eftir Eagles og Grand Funk sem var mjög öflug hljómsveit. Svo fórum við meira að segja út í það að spila Deep Purple-lög svo þetta var orðið nokkuð þungt,“ segir Magnús.

Tónlistarmaðurinn Sturla er þó sprottinn upp úr annars konar tónlist að hluta til. „Við í Ómó og Þyrnum, sem var önnur hljómsveit sem ég lék með, lékum mikið af Shadows-lögum og svo sérhæfðum við okkur í Bítlumum og The Kinks. Bítalögin Yesterday og Michelle eru meðal þeirra laga sem mér þótti skemmtilegast að spila. En svo fór ég á tónleika með The Kinks sem komu hingað um árið og léku í Austurbæjarbíói og þá sá maður hvernig gítarleikarar eiga að bera sig að,“ segir Sturla og hlær við.

Sturla fór þó aldrei í hljóðver með hljómsveitum sínum. „En þó eru til upptökur frá þessum tíma á kassettem en þær eru geymdar á góðum stað,“ segir hann og brosir.

## Traustur vinur

Ferill Sturlu í poppbransanum varð þó ekki langur en hann lék á sveitaböllum til ársins 1969. „Ég var ungur kominn með fjölskyldu og svo þegar ég hóf framhaldsnám ákvað ég að þetta væri orðið gott,“ segir hann. „En það var mjög þroskandi að standa í þessu og þetta var skemmtilegur tími.“

En Magnús lét ekki staðar numið eftir að hafa slegið í gegn á Snæfellsnesi. Hann söng um tíma með hljómsveitinni Upplyftingu og mörg laganna með þeirri sveit náðu miklum vinsældum og heyrast sum þeirra enn á öldum ljósvakans. Hann er þó hógvæðin uppmáluð þegar hann er beðinn um að rifja upp þessi ár. „Trúlegast stendur lagið Traustur vinur upp úr enda er þetta grípandi lag og óskaplega fallegur texti,“ segir Magnús.

„En svo fór ég á tónleika með The Kinks sem komu hingað um árið og léku í Austurbæjarbíói og þá sá maður hvernig gítarleikarar eiga að bera sig að,“ segir Sturla og hlær við.

Stundum lendir félagsmálaráðherra í því að vera í fjölmenni þar sem upptökur með söng hans hljóma og þá prísar hann sig sælan með það að sennilegast vita fæstir úr hvers barka söngurinn kemur. „Ég var til dæmis á handbolandsleik Svía og Íslendinga þann 17. júní síðastliðinn og þá heyrðist lag sem ég söng og er löngu orðinn vanur að heyra einu sinni á ári. Þetta er sautjándi júní-lagið sem ég söng um árið. Menn tóku vel undir á landsleiknum „hæ, hó jibbi-jei ó jibbi-jei, það er kominn 17. júní“. Ég lét hins vegar lítið fyrir mér fara. En svona löguðu verður maður stundum að sitja undir,“ segir Magnús og brosir við þessum raunum sínum. Sturla segir að hann hafi verið afar stoltur þegar Magnús sveitungi hans sló í gegn í poppinu. „Mér finnst það líka vel við hæfi að lagið Traustur vinur loði við hann enda lýsir lagið mannum vel.“

## Tromma og glamra þegar frí gefst

En sveitungarnir höfðu leikið saman áður en til þessa óvenjulega ráðherraspilerís kom á skrifstofu samgönguráðherra. „Við lékum saman í hljómsveit Alþingis en hún var skipuð góðum mönnum,“ segir Sturla. „Auk okkar Magnúsar voru þarna Árni Johnsen, Ísólfr Gylfi Pálmason og Gísli S. Einarsson, sem nú er bæjarstjóri á Akranesi.“

Þingmannabandið hefur nú lagt upp laupana en tvímenningarnir eru enn að en alla jafna hvor í sínu lagi. „Ég var alveg hættur þessu gítarglamri,“ segir Sturla, „en svo tók konan mín sig til og gaf mér gítar í afmælisgjöf og þá fór ég að eiga meira við þetta og nú þykir mér það alveg ómetanlegt að geta leitað á náðir tónlistarinnar til að hvíla mig á skarkala stjórnmálanna.“

Magnús er líklegast öllu háværari í sinni tónlistariðkun. „Ég keypti mér nýlega trommuset og það er alveg firna gott að taka góða rispu á settinu þegar maður vill fá útrás,“ segir hann. „Svo er ekki laust við það að mann klæi í fingurna þegar maður heyrir í þessum nýju hljómsveitum á böllum, en lagavalið hefur eiginlega ekkert breyst frá því ég var að spila. Ég gæti einfaldlega stökkið upp á svið og tekið við,“ segir félagsmálaráðherra sem er greinilega kominn í fíling. Það var því við hæfi að leyfa ráðherrunum að taka lokalagið áður en þeir þurftu að rjúka til starfa.



**MAGNÚS STEFÁNSSON OG UPPLYFTING** Þarna er Magnús, annar frá vinstri, ásamt félögum sínum í Upplyftingu. Hæfileikar Magnúsar voru nýttir á alla kanta í hljómsveitinni en auk þess að syngja lék hann um tíma á bassa, öðru sinni á gítar og svo lamdi hann húðirnar. Á myndinni eru Kristján Björn Snorrason, Magnús, Kristján Óskarsson og Sigurður V. Dagbjartsson. Myndin er sennilegast tekin árið 1980.



**GÍTARLEIKARINN HUGPRÚÐI FRÁ ÓLAFSVÍK** Sturla Böðvarsson, sem þarna sést með gítarinn á sveitaballi með Þyrnum árið 1965, var fyrirmynd Magnúsar á þessum árum.



FM957 56%

XFM 28%

Kiss FM 17%

Flash 16%

# ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga  
fólksins er enn að vaxa.



[www.minnsirkus.is](http://www.minnsirkus.is)

Auglýsingasími: 550 5000

FM957



# Baráttan um Mexíkó

Í dag ganga Mexíkómenn að kjörborðinu. Baráttan um forsetaembættið er hnífjöfn milli tveggja frambjóðenda og er þeim stillt upp á sígildan máta; hægri eða vinstri. Miðjan er þó skammt undan. *Klemens Ólafur Prastarson* kynnti sér forsvarsmenn þessara þriggja höfuð-átta í mexíkóskum stjórnmálum.

**F**orsetakosningarnar í Mexíkó árið 2006 þóttu sögulegar fyrir þær sakir að Vicente Fox, lítt þekktur hægrimaður og fyrrum forstjóri Coca Cola-fyrirtækisins í Mexíkó, fór með sigur af hólmi gegn PRI-flokknum, sem hafði stjórnad landinu í rúm sjötíu ár sleitulaust og nánast verið áskrifandi að atkvæðum landsmanna. Fox sigraði með aðstoð auglýsingastofa og markvissrar ímyndarherferðar sem hin staðnaða og værukæra valdaklíka mátti sín lítills gegn.

Þessi sigur lítilmagnans markaði upphafið að nútímavæðingu kosningabaráttuáferða í mexíkóskum stjórnmálum, að því leyti að nú eygir fleiri en einn frambjóðandi möguleika á sigri. Því má segja

að kosningarnar sem nú fara fram séu hinar fyrstu eiginlegu lýðræðislegu kosningar síðari tíma í Mexíkó og án vafa þær æsilegustu.

## Vinsæli vinstrimaðurinn

Með um þrjátíu og sex prósentu fylgi í skoðanakönnunum er vinstrimaðurinn Andrés Manuel López Obrador líklegastur til að verða næsti forseti Mexíkó. Hann á að baki afar farsælan feril sem borgarstjóri Mexíkóborgar; hvorki meira né minna en áttatíu prósent borgarbúa voru hlynntir störfum hans þar. Obrador gladdi fátæka borgarbúa með beingreiðslum til einstæðra mæðra og alla borgarbúa með mismögum hraðbrautum sem drógu úr landlægri umferð-



ZOCALO, MIÐTORG MEXÍKÓBORGAR Hér hafa margir kosningafundir verið haldnir og lauk kosningabaráttu Andrés Obradors hér á miðvikudaginn, með mannfjölda sem jafnaðist á við næstum alla íslensku þjóðina.

arteppu í borginni.

Hann heldur sínu striki í kosningabaráttunni og heitir fátækum þegnum landsins, en til þeirra teljast fimmtíu milljónir landsmanna, að auka kaupmátt þeirra um tuttugu prósent og auðvelda ungmennum af lægri stigum þjóðfélagsins að mennta sig í háskóla. Hann hóf baráttuna með yfirlýsingu um að til staði að „hrista upp í stoðum samfélagsins“ svo annað eins hefði ekki sést síðan í mexíkósku byltingunni, en eftir að andstæðingar hans útmáluðu hann sem nýjan Hugo Chávez hefur flokkur hans, PRD, lagt áherslu á að Obrador sé hófsamur vinstrimaður sem eigi meira sameiginlegt með evrópskum sósíaldemókrötum en amerískum róttæklingum. Tekin voru upp mild slagorð eins og „brosið, við munum vinna“ og „hamingjan er í nánd“. Einnig brá Obrador á það ráð að tala vinsamlega um

ráðamenn í Washington og gerði hósar sínar grænar fyrir forkölfum viðskiptalífsins með óvæntri lofræðu um aðhaldsemi í fjármálum.

Tédir forkölfar, og með þeim efnaðri lög samfélagsins, hallast þó fremur að hinum hægrisinn- aða Felipe Calderon, frambjóðanda PAN-flokksins sem faðir hans átti þátt í að stofna árið 1939.

## Hagsýni hægrimaðurinn

Í aðalhlutverkinu er Þorvaldur Davíð Kristjánsson og það verður að segjast eins og er að honum var enginn greiði gerður með því að skipa honum í hlutverkið. Hann vantar þjálfun í textameðferð og raddbeitingu og vinnur hlutverkið fyrst og fremst af dugnaði. Slíkt krefst mikillar einbeitingar - á

kostnað tjáningar.

En Þorvaldur Davíð er ekki einn um það. Hin mikla kúnt „leiklist“ er að mestu víðs fjarri í Footloose. Það bara hamast allir við að keyra sýninguna áfram. Hástemman heldur áfram úr tónlistinni yfir í mæla málið, raddbeiting er vægast sagt óeðlileg, enda virtust flestir vera að missa röddina strax á annarri sýningu. Undantekningar frá þessu eru Jóhann Sigurðarson og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir í hlutverkum prestshjónanna. Þau fluttu textann sinn eðlilega. Samt heyrðist og skildist hvert orð. Undir lok sýningarinnar syngur Jóhann sitt númer - og sýningin lifnar við. Þetta var eins og að fá súrefni þegar maður er alveg að kafa. Svona á að gera þetta. Einnig kom

Jörundur Ragnarsson í hlutverki Mikka, vinar Arons, þægilega á óvart; vann hlutverk sitt fallega og eðlilega þótt það byði svo sannarlega upp á fíflgang og keyrslu.

Dansarnir í sýningunni eru vel af hendi leystir og karldansara-flokkurinn góður. Leikmyndin sýnist mér vera sótt í Cabaret sem L.R. sýndi hér um árið og sem fyrr skapar hún leikurum sem vinna á annarri hæð nokkurn vanda með að ná sambandi við salinn. En það er ágætlega unnið með hana að öðru leyti. Búningar eru smart en nokkuð ótrúverðugir. Í plássi sem er á móti syndinni og öllum hennar upptakti, er unga fólkið klætt eins og það sé á leiðinni í meiri háttar kynferðislegar athafnir. Höndunum hefur verið kastað til



um of í Footloose. Það er eins og aðstandendur sýningarinnar séu nokkuð vissir um að lýðurinn mæti, sama hvernig henni er klúðrað á svið. Rétt mat, ef marka má viðbrögð áhorfenda sem virtust vera gelgjur á öllum aldri. Það stóð ekkert á pikuskækjunum.

Súsanna Svavarsdóttir

## Boot cAMP



Róbert Traustason  
Þjálfari Boot Camp

Evert Víglundsson  
Þjálfari Boot Camp

Arnaldur Birgir Konráðsson  
Þjálfari Boot Camp

## 5 PLÖTUR



**SNORRI SNORRASON,**  
Idol-stjarna

Segir plötu Guns N' Roses, Appetite for Destruction, eina bestu rokkplötu allra tíma.

### 1. GUNS N' ROSES APPETITE FOR DESTRUCTION

„Þetta er að minnu mati ein besta rokkplata sögunnar og lærði ég til dæmisdálla mína söngtækni af henni. Axl Rose er málið.“



### 2. HEART THE ROAD HOME

„Þetta fornfræga „eighties-band“ gerði þessa „unplugged“ tónleika árið 1994 og fengu John Paul Jones úr Led Zeppelin til að útsetja lögin upp á nýtt og úr varð þessi gargandi snilld sem allir ættu að eiga.“



### 3. THE WILLIAMS BROTHERS WILLIAM BROTHERS

„Þessir gospel-drengir gerðu þessa plötu árið 1991. Þetta er mjög þægileg plata yfir mat eða öðru kósi. Þarna er lag eins og Can't Cry Hard Enough sem er náttúrulega bara snilld.“



### 4. AEROSMITH PUMP

„Þetta er nú líka enn ein snilld í rokk-sögunni. Geðveik lög og geðveikur söngvari þar á ferð. Maður lærir margt af þessum snillingum.“



### 5. MAGNÚS ÞÓR SIGMUNDSSON HLJÓÐ ER NÓTTIN

„Þessi plata er líka í miklu upphaldi hjá mér. Það er skemmtilegt að heyra góða lagasmíði syngja lögin sín sjálfir og gefa þeim nýtt og öðruvísi líf.“



## Við hlaupum Blátt áfram...



### ... alla leið frá Helli til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Helli á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

**Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálf maraþon!**

## Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

### • Þú getur hringt í 907 2000

þá dragast 1.000 kr. af simreikningnum þínum

### • Þú getur keypt bol\*

og fylgt Boot Camp þjálfurunum síðasta spölinn - frá hlaupastöð 1 eða 2

### • Þitt fyrirtæki getur heitið á Boot Camp þjálfarana

Hringdu í 533 2929 og styrktu Blátt áfram

\*Þú getur keypt Blátt áfram bolina á næstu Esso stöð, á [www.blattafram.is](http://www.blattafram.is) eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.

### Laugardagurinn 8. júlí

#### Hlaupastöð 1

10.00 Litla Kaffistofan - Hafnarbakkinn = 26,3km

#### Hlaupastöð 2

12.00 Húsgagnahöllin - Hafnarbakkinn = 7,6km

Leiðin sem farin verður: Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður að höfn.

Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

14.00 Reykjavíkurhöfn - Skemmtun

Vertu með!

actavis  
hagur í heilsu

Lítið skref fyrir þig, stórt skref fyrir börnin

BLÁTT ÁFRAM!



# Ekkert mál eftir sjö fyrstu dæturnar

Eiríkur Einarsson frá Réttarholti hét því þegar næstelsta dóttir hans og konu hans, Sigrúnar Benediktu Kristjánsdóttur, fæddist að öll börn þeirra skyldu bera tvö nöfn. Seinna nagaði hann sig í handarbökin því þau hjón máttu tína til 30 kvenmannsnöfn á dætur sínar sem alls urðu fimmtán. Jón Sigurður Eyjólfsson ræddi við elstu dóttur þeirra, Rannveigu Ingveldi, og einn annan af þeim 180 afkomendum þeirra Réttarholtshjóna.

Eiríkur var uppallinn í Mýrdal en fór árið 1916, þá 25 ára gamall, vestur á Bildudal til að rafvæða þorpið ásamt öðrum laghentum mönnum. Herbergisfélagi hans þar var þó ekki hinn hentugasti þar sem hann vildi sifell til sofa með gluggann opinn en Eiríkur var kul-sækin og sótti það hart að glugganum yrði lokað. Þessum deilum félaganna lauk með því að Eiríkur knúði dyra á bænum Bræðraminni og spurði heimilisfólkið hvort það ætti herbergi til afnota. Heimasætan, Sigrún Benedikta, vissi um leið og hún leit kappann laghenta augum að þar væri mannsfni hennar komið. Eiríkur fékk herbergið og síðar dótturina á Bræðraminni og fæddust tvær elstu dætur þeirra á Bildudal en árið 1921 fluttu þau til Reykjavíkur. Þau bjuggu svo um tíma á

Vatnsleysuströnd en lengst af bjuggu þau í Réttarholti í Sogamýri í Reykjavík, þar sem nú er Sogavegur 103. Allar dæturnar fimmtán náðu fullorðinsaldri og ólust allar upp hjá þeim hjónum fyrir utan Unni Kristjönu, þá næstelstu. Hún var fengin bróður Eiríks og hans konu í Höfðabrekku í Skaftafellssýslu en þau áttu engin börn og segir Rannveig Ingveldur að það hafi verið gert af kærleika að fá þeim stúlkuna til fósturs. Sigrún Benedikta var 47 ára gömul þegar yngsta dóttir hennar fæddist en þá var hún orðin tvöföld amma.

## Geðgóð fimmtán barna móðir

„Fólk var vant að spyrja móður mína hvort ekki væri erfitt að eiga fimmtán dætur,“ segir Rannveig Ingveldur, „en hún svaraði þannig



PRETTÁN SYSTUR FRÁ RÉTTARHOLTI Myndin er tekin árið 1991 eða 1992. Efri röð frá vinstri: Björg Aðalheiður, Stefania Salomé, en hún lést árið 1999, Ólöf Svandís, Lilja Ragnhildur, Magnfríður Dís, Svava Guðrún og Rafnhildur Björk. Fremri röð frá vinstri: Rannveig Ingveldur, Inga Ásta, Erla Eyrún, Auður Halldóra, en hún lést árið 2004, Jóna Kristjana og Lára Brynhildur. Systur þeirra Unnur Kristjana og Magga Alda höfðu fallið frá þegar þessi mynd var tekin.

að það væri ekkert erfitt nema kannski með þær sjö fyrstu,“ segir hún og hlær við. Hún segir að þó hennar foreldrar hafi haft í fleiri horn að líta en flestir aðrir þá hafi systurnar hlotið gott uppeldi. „Það var tvennt í uppeldinu sem hafði hvað mest áhrif á okkur. Það fyrsta var það að móðir okkar brýndi það alltaf fyrir okkur að við ættum allt saman enda hefðu margir fundið fljótlega til öfundar þegar einhverjum einum áskotnaðist eitthvað sem aðrir girntust. Þá var mamma von að segja, „ég á þig, þú átt mig og við eigum allt saman,“ og þessu voru allir sammála. Hún var einnig von að minna á þetta þegar hún varð vör við það að einn var í meira upphaldi hjá einhverjum en annar. Og þó við værum margar þá var hver og ein einasta ómissandi; það var öllum gert ljóst.

„Hitt var svo að þar sem við áttum engan bróður voru ekki til nein karlmannsverk eða kvenmannsverk, við gengum bara allar til þeirra verka sem þurfti að vinna. Við vissum því varla hvort við vorum strákar eða stelpur; við vorum bara manneskjur.“

Flestir kynnu að halda að móðirin hefði lítinn tíma til að sinna börnum sínum nema með það allra nauðsynlegasta en það var öðru nær. „Hún var von að lesa fyrir okkur sögur og ævintýri og syngja með okkur,“ segir Rannveig Ingveldur um móður sína. „Hún var alltaf svo geðgóð og glöð að það var leitun að öðru eins.“

## Flúið undan ljóðalestri skáldsins

Eiríki var býsna margt til lista lagt enda var starfsferill hans mun fjölbreyttari en títt var á þessum árum. Auk þess að starfa við rafvirkjun stundaði hann bústörf, sjómennsku, verslunarstörf, skósmíði og einnig var hann duglegur við að hanna tæki og aðferðir til vinnuhagræðingar við bústörf. Auk þess var hann hagamæltur og sinnti hann listagyðjunni eftir fremsta megni og var mikið í mun um að dætur hans fengju menningarlegt upp-



FJÓRIR ÆTTLIDIR Sú elsta af fimmtán systur, Rannveig Ingveldur Eiríksdóttir, situr með barnabarnabarn sitt, Kristmund Sörla Kristmundsson, í fanginu en þar við hliðina eru barnabarnabörnin Orri Geir Andrésson og Sandra Dögg Ómarsdóttir. Fyrir aftan standa svo Elin Elísabet Jóhannsdóttir, móðir Söndru Daggar og Kristmundar Sörla, og Elfa Sif Jónsdóttir móðir Orra, svo Sigrún Löve, móðir Elinar Elísabetar, og loks Christina Ruth Ammon, systurdóttir Rannveigar Ingveldar.

eldi. „Ég man eftir því að stundum kallaði hann ákveðinn á okkur stelpurnar og sagði okkur að koma inn til sín. Þá vissi ég það að ekki yrði hjá því komist að hlýða á karlinn þylja löng og mikil kvæði eftir mestu skáldin,“ segir Rannveig Ingveldur. „Þær yngri gátu skriðið í burtu svo lítið bar á meðan á ljóðalestri stóð en ég var stóra stelpa og mátti sitja undir þessu. Það var ekki svo gaman þá en nú er ég afskaplega þakklát fyrir þetta og síðar fór ég sjálf að hafa gaman af kveðskap. Hann var einnig mjög hagamæltur og orti fjöldann allan af ljóðum sem hann gaf svo út.“ Listin hefur greinilega haldist innan ættarinnar því barnabarn hans, Eiríkur Rúnar Einarsson, hefur samið lög við ljóð langafa síns og gefið út á hljómdiski. „Hann var afar skipulagður og vandvirkur,“ segir Rannveig Ingveldur um föður sinn. „Allt þurfti að vera akkúrat enda var hann kallaður Eiríkur akkúrat.“

Amman dreif liðið vestur á Bildudal En Rannveigu Ingveldi er heldur

ekki fisjað saman og lætur hún aldurinn ekki aftra sér við hlutina. „Hún tók sig til sú gamla í fyrra, skipulagði ferðina, pantaði rútu fyrir allt liðið og fór svo með hersinguna vestur á Bildudal svo allir vissu hvaðan þeir ættu móðurætt sína að rekja,“ segir Elin Elísabet Jóhannsdóttir um ömmu sína. Í ár sá svo yngri kynslóðin um að stefna skyldulíðinu saman í Mýrdal á æskulóðir Eiríks og höfðu langafabörnin Elin Elísabet, Sigrún Benedikta Guðmundsdóttir, Elfa Sif Jónsdóttir og Sigrún Björk Cortez umsjón með þeirri ferð.

„Það var mikið fjör og góð mæting, þó gátu vissulega ekki allir mætt enda eru afkomendurnir um 180,“ segir Elin Elísabet. „Það var mikið sungið eins og verða vill þegar þessir ættingjar koma saman.“ Leggja menn hart að sér til að vera viðstaddir ættarsamkomur sem þessar og var Christina Ruth Ammon, barnabarn Eiríks og Sigrúnar, komin frá Bandaríkjunum til að vera viðstödd fagnaðarfundina ásamt eiginmanni sínum.



ELÍN ELÍSBET JÓHANNSDÓTTIR Þegar ættin kemur saman verður ekki komist hjá því að taka lagið enda eru ljóðlistin og tónlistin þeim í blóð borð. Hér er Elin Elísabet á ættarmótinu með gítarinn.



RANNVEIG INGVELDUR EIRÍKSDÓTTIR Sú elsta þurfti ávallt að hlusta á karl föður sinn þylja ljóð meðan þær sem yngri voru gátu komist skriðandi undan því. Nú leggur hún sjálf það í vana sinn að flytja ljóð þegar þau yngri heyra til eins og hún gerði á ættarmótinu í Mýrdal.



FJÓLSKYLDAN FRÁ RÉTTARHOLTI Hjónin frá Réttarholti með dæturnar fimmtán. Rannveig Ingveldur í efri röð lengst til hægri.

## Unnur Ösp

Skapar fantasíuheim á stóra sviðinu




Birta er komin út!

Markaðsstemming í miðbænum Ásta hennar fyrir erlendan markað Krullað og náttúrulegt Öflugasta sjónvarpsdagskráin

**birta**  
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS





# Villandi framsetning - er það **kjarni málsins?**

## Gættu þess vel hvað er á bak við tölurnar í auglýsingum Morgunblaðsins



Auglýsing í Morgunblaðinu 21. júní 2006.

Morgunblaðið hefur á síðustu dögum birt auglýsingu með afar villandi skilaboðum. Þar er lagður saman **uppsafnaður lestur Morgunblaðsins** og **heimsóknir á mbl.is** sem eru, eins og allir vita, gjörólíkir miðlar. Þessi **framsetning er villandi** fyrir auglýsendur og í raun eins og að **bera saman epli og appelsínur**. Til að eiga möguleika á að ná til umrædds hóps þarf ekki aðeins að auglýsa hvern einasta dag í heila viku í Morgunblaðinu heldur líka að ná til hvers einasta gests sem lítur inn á mbl.is.

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið en Morgunblaðið**. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til **68,3% þjóðarinnar** sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið.\*

Það skiptir því ekki máli hvaða **reiknikúnstum** er beitt - Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið á Íslandi.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið





Á **HARÐASTÖKKI** Elsa Magnúsdóttir lætur gamminn geisa á Pyt frá Kálfhóli.

# Glatt í hjörtum hestamanna

Landsmóti hestamanna lýkur í dag. Mótið hefur verið ein allsherjar veisla fyrir augu, hjörtu og eyru hestamanna, sem setið hafa þétt í áhorfendabrekkunum til að fylgjast með því allra besta sem í boði er í hestaheiminum í dag. Landsmót er þó ekki aðeins fyrir hestamenn enda margt um að vera fyrir þá sem ekki hafa úthald í langa brekkusetu. Líflæg verslun er í markaðstjaldi þar sem í boði er allt frá hestavörum, lopapeysum og hestastyttum til heitra potta og gjafavöru.

Stór hluti hestamanna hefur einnig brennandi áhuga á knattspyrnu enda eltir þar ein dellan aðra. Órvænting var þó óþörf því skjá hafði verið komið fyrir í veitingatjaldi á landsmótssvæðinu. Ríkti einlægur fögnuður á föstudagskvöldið þegar Þjóðverjar unnu Argentínunum, enda er á Landsmóti staddur fjöldi Þjóðverja og annarra útlendinga. Sólvéig Gísladóttir blaðamaður og Valgarður Gíslason ljósmyndari brugðu sér á landsmót.



**FELLIHÝSAHIMNARÍKI** Hestamenn eins og aðrir landsmenn eru orðnir forframaðir í útleguviðbúnaði sínum. Gamaldags tjöld heyrðu til undantekninga en húsbílar, fellihýsi og tjaldvagnar réðu ríkjum.



**HLÍFUNUM SKELT** Á Reiðkempan þekktu, Sigurbjörn Bárðarson, undirbýr sig fyrir næstu keppnislotu. Útlitið skiptir máli, bæði hjá hesti og knapa og eins gott að vera snyrtilegur til fótanna.



**HVÍLST MILLI ATRÍÐA** Það er ekki allt jafn spennandi sem gerist á vellinum. Það er því ekki úr vegi að nýta dauðu tímana til að ljúka aftur augum og hlaða batteriín.





**MANNHAF** Þétt var setið í áhorfendabrekkuinni þegar þrúðir hestar og þrúðbúnir hestamenn sýndu listir sínar á vellinum. Talið er að á laugardegi hafi tíu þúsund manns verið komnir á Landsmótssvæðið og búist var við að gestum fjölgaði nokkuð þegar leið á daginn.



**EITTHVAÐ FYRIR ALLA** Bananinn úr Ávaxtakörfunni skemmti krökkunum sem tóku vel undir. Landsmót er sannkölluð fjölskylduhátíð enda fjöldi barna sem fylgir foreldrum sínum.w



**ÆRSLAGANGUR** Máttur frá Torfunesi var ekki sáttur við það að þurfa að deila athyglinni með öðrum stóðhestum í afkvæmasýningu Markúsar frá Langholtsparti. Hann gerði uppreisn og lagði til atlögu við keppinautana. Knapi hans, Sigurbjörn Bárðarson, átti fullt í fangi með að róa hann niður.

## Nú þegar allir eru að grilla fer Grillið í frí



Sumarkveðja,

*Eyðví Guðmóðir Kristjánsdóttir  
Jónas Mátthíasson*

Nú er hásumar og þá notum við tækifærið og förum í sumarfrí. Á meðan hlöðum við batteriinn og komum aftur með nýjan og spennandi matseðil þegar við opnum í ágúst.

Grillið verður lokað frá 3. júlí til 8. ágúst.  
Nýr matseðill í ágúst. Borðapantanir í síma 525 9960.

*Grillið*

Grillið / Radisson SAS Hótel Saga / sími: 525 9960 / [www.grillid.is](http://www.grillid.is)



# Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu\*

Þú sérð innihaldið!



## AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22  
**800 5555**  
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu\*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA  
\* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

## STUÐ MILLI STRÍÐA Tónleikasnobb

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VELITUR FYRIR SÉR TÓNLEIKAMENNINGU LANDANS



Síðasta sumar sló öll met í tónleikahaldi. Hverjir tónleikarnir voru haldnir á fætur öðrum og þurfti maður að velja og hafna enda var ekki beinlínis ókeypis á þessa viðburði. Þetta sumar virðist vera alveg dautt enda úrvalið kannski ekki verið upp á það besta. Tónleikahaldarar hafa verið að flytja inn útbrunna listamenn þar sem markhópurinn er í elsta lagi. Nú er verið að fresta hátíðum, færa tónleika á minni staði og miðsala dræm. Það hlýtur að segja fólki ýmislegt þegar bara landsliðið í handbolta og

Bubbi Morthens geta fyllt Laugardalshöllina en engir tónleikar sem hafa verið haldnir þar í sumar hafa gert slíkt hið sama. Ætli íslenska þjóðin hafi ofmetnast af öllu stjórnuflóðinu sem var í fyrrasumar. Setjum við upp snúð og krossleggjum hendur ef við fáum ekki U2 eða Rolling Stones til að bætast í hóp Íslandsvina. Við þykjumst vera of góð til heiðra „semi“ frægar hljómsveitir með nærveru okkar vegna þess að við erum nú búin að sjá bæði Metallicu og Snoop Dog. Nú viljum við bara fara upp á við enda erum við best í heimi eins og fræg auglýsing greinir frá.

Ég fór á frábæra tónleika í

vikunni. Búið var að auglýsa þessa tónleikaröð með plakötum út um allan bæ og tilkynningum í blöðunum. Þarna voru á ferðinni tvær áhugaverðar nýjar íslenskar hljómsveitir sem ég hlakkaði mikið til að sjá. Reyndar var staðsetningin ekkert sérstaklega góð en auðvitað lét ég það ekki á mig fá enda rokkari inn við beinið. Þetta voru gríðarlega skemmtilegir tónleikar en áhorfendur voru innan við 50 manns og voru það mest vinir og vandamenn. Tónleikagestir voru í miklu stuði og undir lokin voru margir farnir að dansa. Það væri dapurleg staðreynd ef við gerumst of snobbuð fyrir hljómsveitir þessa lands.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ





Ef til vill á maður ekki að hætta alveg að vera barn, heldur miklu frekar að verða betra barn, eftir því sem maður eldist. Og kannski er það fyrst þá, að maður telst fullorðinn, þegar maður hefur náð því marki að vera fullkomlið barn.

Úr skáldsögunni **Góða ferð, Sveinn Ólafsson** eftir Friðrik Erlingsson sem kom út hjá bókaforlaginu Íðunni árið 1998.

# bækur

menning@frettabladid.is

## Berfætt í Skorradal

Rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir ræðir um hugmyndasturtur og hunangsfylltar bókmenntir en á dögnum kom út þýðing hennar á skáldsögunni Leyndardómar býflugnanna hjá Bjartsútgáfunni.

Þessi metsölubók bandaríska rithöfundarins Sue Monk Kidd hefur þegar klifið metsölulista víða um heim en þessi þroskasaga unglingsstúlkunnar Lily hefur vakið hrifningu lesenda á öllum aldri.

„Það var mjög þerapískt að takast á við þessa bók,“ útskýrir Guðrún Eva. „Hún er ofboðslega tilfinningarík og togar í einhverja spotta hjá manni sem maður vill ekkert endilega láta toga í,“ segir hún. „Hún hjálpaði mér til dæmis að skilgreina það viðhorf sem ég hafði þegar til trúarinnar.“ Í sögunni er fjallað um þann átrúnað að allir þurfi að eiga sér guð sem lítur út eins og þeir sjálfir en meðal persóna bókarinnar eru þrjár systur og býflugnaræktendur sem trú á Maríu mey. „Þær halda því fram að konur eigi að hafa kvenkyns guð og að María mey sé alveg kjörin í það hlutverk, hún er ekki einhver aukaleikari eða props í kringum Jesú. Þessar konur stunda skurðgoðadýrkun og trú á stafnlíkneski sem þær halda að geti gert kraftaverk. Maður verður dálítið löðrandi í hunangi þegar maður les þessa bók - það getur bæði verið dálítið klístruð og óþægileg tilfinning en líka unaðslegt balsam á sálina.“

Guðrún Eva útskýrir að þýðendastarfið sé vafalaust mjög gefandi fyrir sig sem rithöfund en kveðst taka mun meira eftir því hversu mikið það gefi henni sem manneskju. „Það að grufna í texta sem er svona hunangsfylltur eins og þessi - það lædist ábyggilega aftan að manni,“ segir hún og áréttar að höfundurinn sé gjöfull á hugmyndir sínar og að bókin sé auðveld aflestara. „Þessi bók tekur í höndina á þér og leiðir þig mjúklega í gegnum Suður-Karólínu á sjötta áratugnum,“ segir hún spök.

Fimmta skáldsaga Guðrúnar Evu, Yosoy: Af líkamslistum og hugarvili í hryllingsleikhúsinu við Álafoss, kom út fyrir síðustu júl og hlaut frábærar viðtökur og fékk til að mynda sérstök verolaun íslenskra bóksala. Höfundurinn vill lítið láta uppi um ritstörfin þessa dagana en kveðst vera að vinna í tveimur verkefnum en jafnframt að reyna að njóta sumarsins. Eftir að hafa lagt lokahönd á skáldsöguna Yosoy og þýðinguna lagðist hún rúmið vegna veikinda en um leið og hún jafnaði sig á því var dagnaðarkrafan komin aftur yfir hana eins og kláði í fingurna. „Mig dreymdi eintómar löggur sem voru alveg brjálaðar. Ég var handtekin í draumi því ég var berfætt á Laugaveginum og löggan tók því ótrúlega persónulega. „Hvað heldurðu að þú sért að gera?“ spurði hún mig og ég varð

## Eru Tinnabækur bókmenntir?

Myndasögurnar um kynlega spæjarann Tinna eftir myndsmiðinn Hergé hafa notið gífurlegra vinsælda og verið þýddar á yfir fimmtíu tungumál, þar á meðal á íslensku. Nú er ritverk á leiðinni í verslanir sem setur sögurnar um hann í stærra samhengi en þar er spurt hvort ef til vill megi finna lykilið að leyndardómum bókmenntanna í sögu piltins og skapara hans.

Höfundurinn McCarthy tekur Tinna sjálfan sér til fyrirmyndar. Spæjarinn ver talsverðum tíma í að fletta ofan af ólöglegum útvarpsendingum og afkóða dulin skilaboð og því telur McCarthy mikilvægt að stilla sig inn á og afhjúpa það sem raunverulega býr í verkum Hergés. Samkvæmt fréttatilkynningu bókaforlagersins Granta sem gefur út bókina Tintin and the Secret



GEORGES RÉMI, ÖÐRU NAFNI HERGÉ Þekkti hann leyndardóma bókmenntanna?

gera mynd um kappann.

of Literature fjallar höfundurinn þar um hvernig rekja má sigild viðfangs efni heimsbókmenntanna í gegnum höfundarverk Hergés og fjölskyldu sögu hans þar sem koma við sögu þemu á borð við helgisþjöll, falsanir og afleiðingar þess að vera rekinn burt af heimili sínu. Niðurstaða hans er sú að leyndardómur Tinna sjálfs sé hinn sami og leyndardómur bókmenntanna en menn þurfa vitanlega að lesa bók McCarthy vandlega til að komast að því hvert sá leyndardómur er.

Bókin kemur út á næsta ári en þá verða hundrað ár liðin frá fæðingu Hergés og verður þeirra tímamóta vafalítið minnst með margvíslegum hætti, til dæmis hefur heyrst að leikstjórinn Steven Spielberg sé að



### > Bók vikunnar

Játningar Ágústínusar eru endurútfærnar í flokki Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags. Þýðandi er hr. Sigurbjörn Einarsson fyrrum biskup en hann ritar einnig inngang að verkinu ásamt Eyjólfri Kjalari Emilssyni heimspækingsi og syni sínum Einari Sigurbjörnssyni guðfræðingi.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

29 30 1 2 3 4 5

#### Sunnudagur

#### ■ ■ TÓNLEIKAR

□ 16.00 Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari flytja verk eftir J. S. Bach og Sergei Rachmaninov á stofutónleikum á **Gljúfrasteini**.

□ 17.00 Kvartett Sigurðar Flosasonar leikur lög af geislaþlötunni **Hvar er tunglið?** ásamt söngkonunni **Kristjönu Stefánsdóttur** í **Stykkishólmskirkju**.

□ 20.00 Sænski organistinn **Per Ahlman** leikur á hádegistónleikum í **Hallgrímskirkju**.

#### ■ ■ MESSUR

□ 11.00 **Minjasafnið á Akureyri** heldur messu í samstarfi við **Möðruvallaklausturskirkju** í kirkjutóttinni á **Gásam**. Sr. **Solveig Lára Guðmundsdóttir** sóknarprestur í **Möðruvallaklausturskirkju** mun messa og félagar úr kirkjukórnum leiða fjöldsöng með undirleik.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## Miðasala á netinu!

[www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**SJÁLSTÆÐU LEIKHÚSIN**

**Tjarnarbió**  
Sími 561 0250

Mán. 3/7 Kl. 20:30  
*Otomoto*  
- Danmörk  
*History of My Stupidity*  
- Króatía  
Miðaverð 2.500

Sun. 16/7 Kl. 20:30  
*This Side Up*  
- Singapor  
Miðaverð 2.000

[www.leikhopar.is](http://www.leikhopar.is)

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

**MR SKALLA GRÍMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi  
Sýningar í júlí

|           |          |        |           |
|-----------|----------|--------|-----------|
| Laugardag | 1. júlí  | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag  | 2. júlí  | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag  | 7. júlí  | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 8. júlí  | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag  | 9. júlí  | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag  | 14. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 15. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag  | 16. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag  | 21. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 22. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag  | 23. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag  | 28. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 29. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag  | 30. júlí | kl. 20 | laus sæti |

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tvívíttadur matur, miði og fritt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs  
Frá kr. 4000 - 4800  
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR RITHÖFUNDUR Slökunarástand getur opnað fyrir sköpunarkraftinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

alveg miður mín. Jung myndi áráðanlega túlka þetta sem samviskubit yfir því að vera ekki að vinna meira,“ segir hún hlæjandi. „Ég er í fyrsta sinn að taka eftir því hversu mikilvægt það er að slaka örlítið á, maður er alltaf að hugsa og skrifa eitthvað niður og þó maður sitji ekki með vöðvaþölgu við tölvuna allan daginn er óþarfi að hringja á lögguna.“

Þess í stað reynir Guðrún Eva að leyfa hugmyndunum að koma til sín og hefur til dæmis vappað um berfætt og eftirlitslaus í Skorradalnum í sumar.

„Það er líkt og svona slökunarástand opni gáttina fyrir guðóm-

legri hugmyndasturtu,“ útskýrir hún.

Í vetur vonast hún einnig til þess að geta sinnt hinni ástríðunni sinni, heimspekinni, sem hún segir að setið hafi á hakanum dálítið lengi. „Ég hef verið inni og úti úr háskólanum í átta ár en þetta er alveg að koma. Mér finnst gott að taka þetta smátt og smátt og fá að hafa ákveðna nautn af því. Eftir því sem maður eldist kann ég betur að meta það að vera nemandi. Það er stórkostlegt að fólk nenni að standa í því að kenna manni og brjótast inn í einhverjar gáttir í hausunum,“ segir hún að lokum.

kristrun@frettabladid.is

**Footloose**

1. júlí - Uppselt  
6. júlí - laus sæti  
7. júlí - laus sæti  
8. júlí - laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)  
[www.minnsirkus.is/footloose](http://www.minnsirkus.is/footloose)



**Nýtt í bíó**  
VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG!

**CLICK**  
Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.  
**ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í FYNDNUSTU GAMANMYND ÁRSINS**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000  
CLICK kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA  
CLICK SÝND Í LÚXUS kl. 3, 5.30, 8 og 10.30  
JUST MY LUCK kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20  
R.V. kl. 1.30, 3.40, 5.50 og 8  
X-MEN 3 kl. 10.10 B.L. 12 ÁRA  
DA VINCI CODE kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA  
RAUÐHETTA M / ÍSL. TAL kl. 1.30 og 4  
ISÖLD M / ÍSL. TAL kl. 1.30

**REGNBOGINN** Sími 551 9000  
CLICK kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA  
JUST MY LUCK kl. 3, 5.40, 8 og 10.20  
R.V. kl. 3 og 5.50  
THE OMEN kl. 10.30 B.L. 16 ÁRA  
DA VINCI CODE kl. 3, 6 og 9 B.L. 14 ÁRA  
TAKE THE LEAD kl. 8

**Borgarbíó** Sími 462 3500  
CLICK kl. 2, 4, 8 og 10.10 B.L. 10 ÁRA  
FAST AND THE FURIOUS: TD kl. 4, 6, 8, 10.10 B.L. 12 ÁRA  
JUST MY LUCK kl. 2  
R.V. kl. 6

**400 kr. í bíó!**  
Gættu á allar sýningar í borgarbíó og smárá bíó með myndum.

Dolby Digital, SDDS, THX, BÍÓ.IS - allt á einum stað

**LAUGARÁS BÍÓ** bara lúxus  
Sími 553 2075  
**KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS**

**THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT**  
EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA  
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15-POWER B.L. 12

**CLICK**  
hvað ef þú ættir fjarstýringu...  
...sem gæti stýrt lífi þínu?  
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10:15 B.L. 10

**400 KR. Í BÍÓ** Gættu á allar sýningar með myndum.

4 ÍSL. TAL 3 ÍSL. TAL 2 ÍSL. TAL

**Nýtt í bíó**  
**KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS**  
ON THE STREETS OF TOKYO  
SPEED NEEDS NO TRANSLATION

**THE FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT**  
EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA

LAUGARÁS BÍÓ, ALFABANKA, Borgarbíó, ego X

## Britney berrösuð

Söngkonan Britney Spears hefur átt erfitt uppdráttar síðustu mánuði vegna vandræða í hjónabandi sínu. Britney, sem er ófrísk öðru sinni eftir dansarann Kevin Federline, hefur látið mynda sig nakta í nýjasta tímaritinu af Haper's Bazaar. Á myndunum er Britney með dökkt sít hár, ýmist ein eða heldur á syni sínum Sean Preston. Britney er ekki fyrsta fræga konan til að láta mynda sig svona því Demi Moore gerði slíkt hið sama fyrir nokkrum árum. Hvort myndirnar verða til þess að bæta ímynd Britneyjar á eftir að koma í ljós en þó verður það að teljast harla ólíklegt.



BERRÖSSUÐ BRITNEY Situr nakin fyrir á mynd til að reyna að bæta ímyndina.

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**

**TILBOÐS BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ **ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400**

**CLICK** ATH. SÝND KL. 2  
hvað ef þú ættir fjarstýringu...  
...sem gæti stýrt lífi þínu?  
400 kr. ISLENSKT TAL

**RAUÐHETTA** ATH. SÝND KL. 2  
400 kr. ISLENSKT TAL

**Skrolla og Skemja Á SALTKRÁKU** ATH. SÝND KL. 4  
400 kr. ISLENSKT TAL

**ÍSÖLD** ATH. SÝND KL. 2  
400 kr. ISLENSKT TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR -



ANGELINA JOLIE OG BRAD PITT Eiga þrjú börn og vilja stækka fjölskylduna enn frekar.

## Jolie og Pitt vilja fleiri börn?

Aðeins nokkrum vikum eftir fæðingu dótturinnar Shiloh eru Angelina Jolie og Brad Pitt farin að huga að því að stækka fjölskylduna enn frekar og ættleiða annað barn. Tímaritið US Weekly vitnaði í heimildamann sem sagði að parið vildi ættleiða eldri strák „til að styðja við þá hugmynd að fólk ætti að ættleiða fleiri börn, ekki bara ungabörn.“

Brad og Angelina eiga fyrir tvö ættleidd börn, Maddox og Zahara.



Sendu SMS skeytið **JA CKF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

**9. hver vinnur**

A D A M S A N D L E R

**CLICK**

FRUMSÝND 28. JÚNÍ



Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr. skeytið





**KRAFTMESTA HJASARMYND ÁRSINS**

EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÖRNINA

**FAST AND THE FURIOUS TOKYO DRIFT**



**SAMBÍÓIN**

FRA FRAMLEIÐENDUM "THE INCREDIBLES" & "LEITIN AD NEMO"

**BÍLAR**



Keanu Reeves  
Sandra Bullock

Hvernig heldurðu í einhverjum sem þú hefur aldrei hitt?

**THE LAKE HOUSE**



**KEEPING MUM**



**SLITHER**



**she's the MAN**



**POSEIDON**

**ÁLFABAKKA**

|                                |                            |         |
|--------------------------------|----------------------------|---------|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 THE | KL. 3-5:30-8-10:20         | B.I. 12 |
| FAST AND THE FURIOUS 3 VIP     | KL. 1:30-4:15-8-10:20      |         |
| BÍLAR ísl. tal                 | KL. 12:15-1:30-3-5:30-8    |         |
| CARS enskt tal                 | KL. 12:15-3-5:30-8-10:30   |         |
| THE LAKE HOUSE                 | KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 |         |
| SLITHER                        | KL. 10:30                  | B.I. 16 |
| SHE'S THE MAN                  | KL. 5:45-8                 |         |
| POSEIDON                       | KL. 10:30                  | B.I. 14 |
| BAMBI 2 ísl. tal               | KL. 1:30                   |         |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

|                            |                      |         |
|----------------------------|----------------------|---------|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 6-8:15-10:30     | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal             | KL. 1-2:15-3:30-5:30 |         |
| *CARS enskt tal            | KL. 1-3:30-6-8-10:30 |         |
| *POSEIDON                  | KL. 8:30             | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3      | KL. 10:30            | B.I. 14 |

\*SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

|                         |                         |         |
|-------------------------|-------------------------|---------|
| BÍLAR ísl. tal          | KL. 1-3:15              |         |
| THE FAST AND THE FUR. 3 | KL. 5:45-8-10:10        | B.I. 12 |
| THE CLICK               | KL. 1-3:15-5:45-8-10:10 | B.I. 10 |

**AKUREYRI**

|                |          |         |
|----------------|----------|---------|
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10 |         |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 2-5  |         |
| CARS enskt tal | KL. 2-5  |         |
| KEEPING MUM    | KL. 8-10 | B.I. 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

|                |                  |         |
|----------------|------------------|---------|
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 |         |
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11    |         |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30       |         |
| KEEPING MUM    | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON       | KL. 6-8:20-8:20  | B.I. 14 |
| SLITHER        | KL. 11           | B.I. 16 |
| MI:3           | KL. 10:30        | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Pamela Anderson er komin með nýjan mann upp á arminn ef marka má bresku pressuna. Pamela sást í kossafflensi við breska sjónvarpsþáttastjórnandann Steve Jones þegar hún var úti á lífinu í London fyrir skömmu. Párið, sem átti vist í stuttu ástarsambandi árið 2004 eftir að Steve tók viðtal við hana, á að



hafa eytt nótt saman þegar dýraverndunarsamtökin PETA veittu verðlaun á miðvikudaginn var. Pamela og Steve eyddu fyrst nokkrum klukkustundum saman heima hjá vini Pamelu áður en þau tóku til við viltta skemmtun á heitustu skemmtistöðum London.



Denise Richards ætlar að selja húsið sitt til að forðast fyrirverandi bestu vinkonu sína Heather Locklear. Richards á í ástarsambandi við gítarleikarann Richi Sambora úr Bon Jovi, en hann er fyrrum eiginmaður Heather Locklear. Richards hefur því ákveðið að setja sex herbergja húsið sitt til sölu, en það er við hliðina á húsinu hennar Locklear. Leikkonan, sem lék meðal

annars í myndinni Wild Thing, ætlar að flytja til Los Angeles með dætrum sínum tveimur sem hún á með leikaranum og kynlífsfíkinum Charlie Sheen.

Svo gæti farið að Pierce Brosnan tæki í fótspor Sir Sean Connery og taki að sér hlutverk í nýrri mynd framleiddri af Kevin McClory. Brosnan, sem missti stöðuna sem leynipjónustumaðurinn 007 í fyrra, er



talinn líklegastur til að hreppa hlutverk í nýrri Bond-mynd framleiddandans McClorys. McClory er sá sami og framleiddi Bond myndina Never Say Never Again en hann á kvikmyndaréttinn á Bond-myndinni Thunderball frá árinu 1965. Bond mynd McClory mun væntanlega keppa um hylli áhorfenda við Bond-myndina Casino Royale með Daniel Craig í aðalhlutverki.



Icelandair hefur verið, er og verður dyggur stuðningsaðili íslenska landsliðsins í fótbolta í harðri keppni á meðal stórpjóða heimsins.



**HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ**

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)





### Elín fyrst kvenna í mark

Í gær lauk 100 km ofurmaraboni í Lapplandi en fjórir íslenskir hlauparar tóku þátt. Öll komu þau í mark eftir um ellefu klukkustunda hlaup en Elín Ruth Reed varð fyrst allra kvenna í mark. Aðrir Íslendingar sem tóku þátt voru Ellert Sigurðsson, Pétur Franzson og Gunnar Richter.

**sport**  
sport@frettabladid.is

# 60 MEÐ ARNARI GUNNLAUGSSYNI

## SEKÚNDUR

**Akranes er ...**  
fótboltabær.

**Pelsinn eða jakkafötin?**  
Jakkafötin.

**Óli Þórðar eða Gaui Þórðar?**  
Báðir léttgeggjaðir.

**Óli Þórðar er ...**  
stórkostlegur karakter.

**Muntu skipta sjálfum þér út af vegna lélegrar frammistöðu?**  
Aldrei.

**Muntu skipta Bjarka út af af sömu ástæðu?**  
Já, ekki spurning.

**Fallbarátta er ...**  
áhugaverð og krefjandi.

**Hvor ykkar heldur hálfleiksreðuna?**  
Tölum hvor ofan í annan.

**Spútniklið ársins er ...**  
Vikingur.

**Hverjir verða heimsmeistarar?**  
England (eða Þýskaland).

**Sven-Göran Eriksson er ...**  
Snillingur eða hálfviti.

**Besti leikmaður heimsins?**  
Ronaldinho.

**Besti leikmaður Íslandsmótsins?**  
Viktor Bjarki Vikingur.



### > Heiðar hætti keppni

Heiðar Davíð Bragason, kylfingur úr GKJ, hætti í gær keppni á opna Danfoss móttinu í Vejle, Danmörku. Heiðar lék fyrsta hringinn í fyrradag á 78 höggum, sex yfir pari, en rétti úr kútnum í gær. Þar lék hann á 73 höggum og hefði komist í gegnum niðurskurðinn ef hann hefði ekki þurft að hætta. Heiðar sagðist vera mjög þreyttur auk þess sem hann sneri sig en félagi hans Ófeigur Jóhann Guðjónsson,

norsk-íslenskur kylfingur, hætti líka. Mótið er hluti af dönsku Scanplan mótaröðinni og er þetta þriðja mótið í röð hjá þeim félögum á 10 dögum í Danmörku. Þeir komust báðir í gegnum niðurskurðinn á tveimur fyrstu móttunum.



### HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

29 30 1 2 3 4 5

#### Sunnudagur

#### LEIKIR

- 16.00 Fjarðabyggð og Valur mætast í VISA-bikarkeppni karla.
- 19.15 Fimm leikir í VISA-bikarkeppni karla. KA-Breiðablik, Njarðvík-KR, FH-Vikingur og Fram-ÍA.

#### SJÓNVARP

- 16.30 Formúla 1 á Rúv. Bein útsending frá Bandaríkjunum.
- 21.45 Helgarsportíð á Rúv.
- 22.00 Landsmót hestamanna á Rúv. Samantekt frá lokadeginum.

# Verð hér eins lengi og þeir vilja mig

Færeyingurinn Símun Eiler Samuelsen er leikmaður 9. umferðar í Landsbankadeild karla hjá Fréttablaðiinu. Símun átti frábæran leik í 5-0 burstinu gegn Blikum þar sem hann lagði upp þrjú mörk og skoraði eitt.

**FÓTBOLTI** Símun kom til Íslands undir lok júlí á síðasta ári og skrifaði þá undir þriggja ára samning við Keflavík. Þessi 21 árs gamli færeyski landsliðsmaður sýndi lipra takta undir lok síðasta Íslandsmóts en hefur vaxið ásmegin og átt hvern stórleikinn á fætur öðrum í sumar. Móðir hans er frá Íslandi en afi hans og amma búa í Keflavík auk þess sem hann á mörg frændsystkini þar í bæ.

Þessum geðþekka strák, sem talar mjög góða íslensku, líkar lífið vel hér á landi en hingað hafði hann ekki komið í ellefu ár þegar hann skrifaði undir við Keflavík.

„Mér líður mjög vel hérna. Það er gott að hafa fjölskylduna svona nálægt mér en ég hef ekki mikið verið á Íslandi og ólst upp í Færeyjum,“ sagði Símun við Fréttablaðið í gær, þar sem hann var staddur í Noregi að undirbúa sig undir stórleikinn gegn Lilleström í dag. Hann kveðst vera nokkuð sáttur við sumarið hjá Keflavík fram að þessu.

„Ég er ánægður með líðið en við erum klárlega með betri mannskap heldur en sjötta sætið segir til um. Við töpuðum þremur leikjum í röð og áttum ömurlegan leik gegn Val, við eigum að gera miklu betur en það. Það vantar stöðugleika í líðið og kannski einhverja leikgleði,“ sagði Símun áður en talið barst að honum sjálfum.

„Ég er nokkuð ánægður með sjálfan mig en ég er kannski að hluta til eins og Keflavíkurlíðið, mig skortir stöðugleika. Stundum er ég að spila mjög vel en dett aðeins niður þar á milli og get ekki neitt. Heilt yfir er ég þó ánægður með mitt framlag,“ sagði Símun sem hefur verið að spila á miðjunni hjá Keflavík, ýmist vinstra eða hægri megin.

Símun spilaði með VB í Færeyjum en segir að mikill munur sé



**JAFNFÆTTUR** Færeyingurinn getur lagt upp, og skorað mörk, með bæði hægri og vinstri fæti. Hann er mjög fjölhæfur og getur spilað hvar sem er.

á deildinni í heimalandi sínu og íslensku deildinni. „Mér finnst íslenski boltinn vera góður og mun betri en í Færeyjum. Þegar ég spilaði þar þá var ég, án þess að ég vilji fara fram úr sjálfum mér, einn af allra bestu leikmönnum. Það sama má segja um Rógva Jacobsen í KR. Þar bárum við af en hérna föllum við meira í hópinn enda er mun meira um góða leikmenn hér en í Færeyjum,“ sagði Símun en hann og Rógvi tala mikið saman enda perluginir.

Símun er mjög ánægður með liðsfélaga sína og segir að sér líði eins og heima hjá sér. „Ég get ekki sagt neitt annað en þetta séu toppmenn. Það er góður andi í hópnum og eftir þrjá tapleiki í röð reyndu sprelligosarnir að lyfta andanum með sínum einstaka húmor, þar fóru Jónas Guðni og Gummi Steinars fremstir í flokki eins og þeim einum er lagið,“ sagði Símun og glotti við tönn.

Þessi knái leikmaður er að vinna frá átta til tvö á degi hverjum auk knattspyrnuíðkunarinnar en horfir bjartur til framtíðarinnar. „Maður vill alltaf komast áfram í fótboltanum en ég er virkilega ánægður hérna og vil vera hérna eins lengi og þeir vilja hafa mig,“ sagði Símun sem er með háleit markmið fyrir framtíðina. „Stefna ekki allir knattspyrnumenn að komast lengra? Ég er þar engin undantekning,“ sagði Símun Samuelsen.

hjalti@frettabladid.is



## Fjölgreinaskóli frábær nýjung!

Ætlaður börnum á aldrinum 5 til 10 ára (1996 til 2000)

Á einu og sama námskeiðinu eru æfðar nokkrar íþróttagreinir s.s. sund, frjálsar íþróttir og júdó á hverjum degi.

Ekki má gleyma fjölda almennra leikja og uppákoma sem allir hafa gaman af.

Leiðbeinendur eru sérþjálfarar frá viðkomandi íþróttagreinum auk uppeldismenntaðs starfsfólks.

Starfsemi skólans fer fram við bestu aðstöðu í landinu s.s. glæsilegri nýrri fjölnota íþróttahöll í Laugardal, nýrri innisundlaug Laugardalslaugar og knattspyrnuvöllum í Laugardal.

Hollur og góður hádegismatur og grillað í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í lok hvers námskeiðs þar sem allir fá glaðning.

Tveggja vikna námskeið  
27. júní – 7. júlí  
10. – 21. júlí

Víku námskeið  
7. – 12. ágúst  
14. – 18. ágúst

Einnig býður Íþróttaskólinn í Laugardal uppá knattspyrnu-, frjálsíþrótt- og fimleikaskóla.

### Fjárfestu í barninu þínu með þátttöku þess í námskeiði Fjölgreinaskólans í hjarta Laugardalsins

Nánari upplýsingar á [trottur.is](http://trottur.is) og [armenningar.is](http://armenningar.is), í síma 690 0640 eða tölvupóstfang [fjolgreinaskoli@trottur.is](mailto:fjolgreinaskoli@trottur.is)



### LIÐ UMFERÐARINNAR

Bikarmeistarar Vals mæta liði Fjarðabyggðar í sextán liða úrslitum VISA-bikarsins í dag:

## Á maður ekki alltaf möguleika?

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit VISA-bikars karla hefjast í dag með sex leikjum. Bikarmeistarar Vals fá það erfiða og krefjandi verkefni að fara austur á land þar sem þeir etja kappi við Fjarðabyggð á Eskifjarðarvelli.

Leikurinn leggst mjög vel í Þorvald Örylgsson, þjálfara Fjarðabyggðar. „Undirbúningurinn er sá sami, reglurnar breytast ekkert fyrir þennan leik þrátt fyrir að getumunurinn sé kannski ekki sá sami og í venjulegum deildarleik. Ég veit ekki hvort það skiptir nokkru máli hvort við förum varfærnislega inn í leikinn eða ekki, við þurfum aðallega að spila eftir okkar eigin getu og kunnáttu og leggja okkur fram.

Það er það sem við þurfum að gera til að ná árangri,“ sagði Þorvaldur við Fréttablaðið í gær.

„Á maður ekki alltaf möguleika? Maður trúir því þegar farið er til leiks sama hver leikurinn er. Það hefur lítið upp á sig að taka þátt í bikarkeppninni ef maður hefur ekki trú á því sem maður er að gera. Vissulega er þetta úrvalsdeildarlið og 2. deildarlið og það þýðir einfaldlega að róðurinn verður erfiður fyrir okkur. Þetta verður líka skemmtilegur prófsteinn fyrir okkur og gott að sjá hvað leikmennirnir eru tilbúnir í,“ bætti Þorvaldur við.

- hþ

**TITLNUM FAGNAÐ** Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, hampar hér VISA-bikarnum í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL







ARNI ÞÓR SIGTRYGGSSON Verður áfram í Haukum um sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arni Þór Sigtryggsson:

## Verð heima í ár í viðbót

**HANDBOLTI** Stórskyttan Arni Þór Sigtryggsson hefur gefið þeim félögum sem hafa sýnt honum áhuga undanfarið afsvar og hyggst hann spila hér heima næsta vetur með Haukum.

Spænsku stórliðin Portland San Antonio og CAI Aragon höfðu samband við Arna sem ákvað þó á endanum að vera heima enn um sinn, enda er hann enn í háskólanámi í Reykjavík.

„Þegar stórlið eins og Portland sýnir manni áhuga segir maður ekki nei strax. En ég kom hingað suður til að fara í háskóla og ætla að sinna náminu enn um sinn. Það gæti svo gerst eitthvað í þessum málum næsta sumar enda var fyrirvarinn nú heldur stuttur.“ - esá

Marceli Lippi:

## Áfram með landslið Ítala

**FÓTBOLTI** Ítalska knattspyrnusambandið hefur ítrekað að Marcelo Lippi verði áfram með ítalska landsliðið, sama hvernig fer á HM en liðið er komið í undanúrslit keppinnar. „Við viljum að Lippi verði áfram með liðið. Hann er rétti maðurinn fyrir liðið og hefur sýnt það með frábærum árangri á HM,“ sagði Guido Rossi hjá ítalska sambandinu. - hþh



MAGNAÐUR Agassi þakkar hér áhorfendum fyrir sig í síðasta skipti en hann hefur átt magnaðan feril. NORDICPHOTOS/AFP

Andre Agassi tapaði í gær:

## Spaðinn kominn á hilluna

**TENNIS** Bandaríski tenniskappinn Andre Agassi hefur endanlega lagt tennisspaðann á hilluna eftir að hann tapaði fyrir hinum tvítuga Rafael Nadal á Wimbledon-mótinu í gær. Agassi var hræður vegna viðtakanna sem hann fékk en áhorfendur stóðu og hylltu hann eftir leikinn.

„Ég mun aldrei geta borgað ykkur til baka fyrir það hvernig þið hafið tekið mér öll þessi ár, ég þakka ykkur kærlega fyrir það. Þetta er toppurinn fyrir okkur tennisleikarana. Ef þú ert atvinnu- maður í tennis, dreymir þig um að spila á Wimbledon og ég hef hlotið þau forréttindi að koma hér oft og ég mun svo sannarlega ekki gleyma þessu skipti,“ sagði Agassi.

„Hann er einn besti tennisleikari sögunnar og ég verð að óska honum til hamingju með hversu mikil áhrif hann hefur haft á tennisinn,“ sagði Nadal en það var við hæfi að Agassi sendi fingurkossa til stuðningsmannanna á Wimbledon, rétt eins og hann gerði eftir að hann vann mótið árið 1992. - hþh

Birgir Leifur Hafþórsson hefur spilað glimrandi vel á móti á Spáni:

## Birgir í sjöunda sæti fyrir lokadaginn

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, kyflingur úr GKG, hefur spilað glimrandi vel til þessa á opna Mahou-mótinu í Madrid en mótið er liður í Áskorendamótaröðinni í Evrópu. Birgir átti sinn besta hring til þessa í gær og lék á 67 höggum, fjórum undir pari vallarins. Samtals er hann á níu höggum undir pari eftir þrjár umferðir og hefur spilað þær allar á undir 70 höggum. Hann er í 7.-14. sæti fyrir lokahringinn.

„Þetta hafa verið ferlega skrítnir dagar því ég hef spilað betur á síðustu mótum en ég hef gert núna. En ég skora hins vegar betur og það er það sem telur,“

sagði Birgir við Fréttablaðið í gær. „Ég fékk til að mynda bæði skramba og örn í gær og það lýsir þessu vel. Ég hef átt of mikið af lélegum höggum en ég hitti líka vel inn á milli og á réttum tíma líka.“

Peningahliðin á þessum mótum hefur mikið að segja þar sem mikill kostnaður fylgir þátttöku á mótaröð sem þessari. Til þessa hefur Birgir unnið sér inn um 230 þúsund krónur á þeim sex mótum sem hann hefur spilað á. Ef hann lýkur keppni á svipuðu róli og hann var á í gær er viðbúð að hann muni tvöfalda þá upphæð og jafnvel gott betur.

„Það telur mest að vera í efstu þremur eða fjórum sætum. Ef maður nær einu eða tveimur sva-leiðis mótum þá hífir það mann mjög mikið upp,“ sagði Birgir en kvaðst þó ekki vera taugaóstyrkur fyrir lokahringinn. „Það fylgir þessu alltaf spennan og það eru margir sem eins og ég vilja vera á meðal efstu manna. Ég ætla mér að mæta grimmur til leiks og spila sóknarbolta á morgun.“

- esá

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Hefur spilað mjög vel á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON



# Í BÍÓ

## Keanu Reeves Sandra Bullock

Hvernig heldurðu í einhvern sem þú hefur aldrei hitt?

# THE LAKE HOUSE

WARNER BROS. PICTURES PRESENTS  
IN ASSOCIATION WITH VILLAGE ROADSHOW PICTURES A VERTIGO ENTERTAINMENT PRODUCTION AN ALEJANDRO AGRESTI FILM KEANU REEVES SANDRA BULLOCK "THE LAKE HOUSE"  
BYLAN WALSH SHOHREH AGHDASHLOO AND CHRISTOPHER PLUMMER WITH RACHEL PORTMAN SONNY MALLHI LYNZEE KLINGMAN A.C.E. ALEJANDRO BROTHERSON  
PRODUCED BY NATHAN CROWLEY DIRECTED BY ALAR KOVILQ A.S.C. EXECUTIVE PRODUCERS MARY McLAGLEN ERWIN STOFF HAL GABA DANA GOLDBERG  
EDITED BY DAVID AUBURN PRODUCED BY ALEJANDRO AGRESTI  
www.thelakehousemovie.com

KOMIN Í BÍÓ!

REYKJAVÍK • AKUREYRI



# Líf og fjör á Shellmótinu í Vestmannaeyjum

Um 1.000 strákar leika nú við hvern sinn fingur á hinu árlega Shellmóti í Vestmannaeyjum. Mikið er gert sér til skemmtunar á mótinu en að sjálfsögðu er knattspyrnan í aðalhlutverki hjá guttunum. Myndirnar frá Vestmannaeyjum tala sjálfar sínu máli.



**DUGLEGUR** Það er ekki alltaf hægt að halda búningnum hreinum í fótbolta og Alex sem lék með ÍBV var ekki mikið að spá í það.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**SIGUR** Víkingar fagna fræknum sigri.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**Í MIKLUM HAM** Aron, leikmaður B-liðs Aftureldingar, á fleygiferð upp kantinn framhjá varnarmanni FH.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**HUGAD AÐ MEIÐSLUNUM** Menn meiðast á Shellmóti alveg eins og á HM en Elmar, leikmaður Leiknis, var samt klár í slaginn fjötlega aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**FLOTTIR** Daniel, Ísak, Alex, Óðinn, Helgi, Sæmundur Þór, Arnór, Sæmundur Óli og Albert, Fylkispeyjar, voru ánægðir með mótið en þeir léku með C-liðinu hjá Árbæjarfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**GAMALKUNNIR TAKTAR** Árni Johnsen var að venju í markinu hjá Stjörnuliði Ómars Ragnarssonar sem lék gegn þjálfurum og fararstjórum á setningarkvöldinu. Árni mætti með lundaháfinn til að „veiða“ knöttinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**EYJAEYJINN MÆTTI** Það er erfitt að vera frægur! Gunnar Heiðar Þorvaldsson landsliðsmaður lék með Stjörnuliði Ómars og hann átti í mesta basli með að komast af vellinum eftir leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**LANGBESTIR!** Guðmundur, Adam, Stefán, Þorgeir, Hrafnkell, Jollí, Leifur og Ísak leika með C-liði Stjörnunnar og þeir voru búnir að vinna alla sína leiki á mótinu þegar útsendari Fréttablaðsins rakst á þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**FLOTTUR** Það er ekki nóg að vera bara góður á Shellmóti, þú verður líka að vera flottur! Kristleifur var með hárgreiðsluna á hreinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**KAPPÁTIÐ** Menn þurfa að vera góðir í fleiru en fótbolta á Shellmóti. Ívar, KA-maður keppti í kappátinu fyrir Akureyrarliðið þar sem hann þurfti að háma í sig einn feitan hamburgara og skola honum niður með gosi.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**VATNIÐ KLIKKAR ALDREI** Kristján, leikmaðurur með B-liði FH, slappaði af í sólinni og fékk sér vatnsopa.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI



**EKKI ALLTAF DANS Á RÓSUM** Það getur verið erfitt að tapa. Þorkell, leikmaður A-liðs Þróttar, var ekki sáttur við gengi sinni manna.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN INGI





**VINIR Á NÝ?** Oliver Kahn og Lehmann faðmast hér í gær en þeir hafa lítið talað við undanfarna mánuði. Kahn talaði þó mikið við Lehmann í gær og virðast þeir vera orðnir perluvínir á ný. NORDICPHOTOS/AFP

Jens Lehmann:

## Undirbjó sig vel fyrir vítin

**FÓTBOLTI** Þýski markmaðurinn Jens Lehmann undirbjó sig vel undir vítaspyrnukeppnina gegn Argentínu. Lehmann varð hetja Þjóðverja þegar hann varði tvö víti og kom sínum mönnum þar með í undanúrslit HM.

„Hann horfði á myndbönd af öllum vítaspyrnum sem Argentínumennirnir hafa tekið síðustu tvö ár. Hann tók síðan niður punkta í samráði við markmannspjálfrann okkar þar sem maður veit ekki hverjir taka spyrnur áður en á hólminn er komið,“ sagði Oliver Bierhoff, aðstoðarmaður Jürgen Klinsmann landsliðspjálfrara.

„Fyrir leikina gegn Svíum og Argentínu gáfum við Lehmann upplýsingar um þá sem mögulega myndi taka vítaspyrnur ef til þess kæmi. Svo sögðum við honum bara að verja tvær spyrnur, ef ske kynni að hann gleymdi því,“ bætti Bierhoff við, léttur í bragði. - hþh



**STÖÐVAÐUR** Andriy Rusol nær hér að stöðva Totti í leiknum gegn Úkraínu en það var þó engan veginn nóg þar sem Ítalir unnu leikinn 3-0. NORDICPHOTOS/AFP

Francesco Totti:

## Ánægður að fá Þjóðverja

**FÓTBOLTI** Francesco Totti, landsliðsfyrirliði Ítala, er ánægður með að fá heimamenn í undanúrslitum HM en liðin mætast á þriðjudaginn. Ítalir báru sigurorð af Úkraínu í 8-liða úrslitunum á meðan Þjóðverjar unnu Argentínu í vítaspyrnukeppni.

„Við erum tilbúnir í þennan virkilega mikilvæga leik gegn heimamönnum. Fyrir mér eigum við aðeins lítið skref eftir að úrslitaleiknum, þrátt fyrir að leikurinn verði mjög efiður. Að komast í úrslitaleikinn hefur verið markmiðið okkar frá upphafi en við höfum trú á okkur sjálfum og viljum verða heimsmeistarar,“ sagði Totti.

„Þýskaland er með gott lið, þeir eru vel skipulagðir. Ef þú hefur spurt mig hvort ég hefði viljað forðast það að mæta einhverju öðru liði hefði ég sagt nei,“ bætti Totti við. - hþh

Enska fyrsta deildin:

## Hoddle hættur

**FÓTBOLTI** Glenn Hoddle, fyrrum landsliðspjálfari Englendinga, er hættur með enska 1. deildarliði Wolves eftir átján mánuði í starfi. Þegar forráðamenn liðsins tilkynntu um sparnaðarráðstafanir á næstunni fannst Hoddle sem að metnaður sinn og félagsins færi ekki lengur saman. „Ég vildi gera þetta sem fyrst svo að félagið hefði tíma til að bregðast við,“ sagði Hoddle en ákvörðunin kom forráðamönnum Wolves mjög á óvart. - esá

# Lilleström refsaði Keflavík grimmilega

Það verður á brattann að sækja hjá Keflavík í síðari leiknum gegn norska liðinu Lilleström í Intertoto-keppninni í knattspyrnu. Keflvíkingar töpuðu fyrri leiknum í Noregi í gær en voru einkar óheppnir undir lokin.

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar riðu ekki feitur hesti frá viðureign sinni gegn Lilleström í Intertoto-keppninni í gær. Norska liðið skoraði fyrsta markið eftir mistök hjá Keflvíkingum en þar var að verki Björn Helge Riise, bróðir Johns Arne, leikmanns Liverpool.

Keflvíkingar léku ágætlega sín á milli en hver mistök þeirra voru dýr. Keimlíkt atvik átti sér stað skömmu eftir fyrsta markið þegar þeir misstu boltann á miðjunni, norska liðið fór í hraða sókn og eftir að hafa fengið aukaspyrnu



**ERFIÐIR** Jónas Guðni Sævarsson setur hér pressu á einn leikmann Lilleström í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

skoraði Kasey Wehrman glæsilegt mark beint úr aukaspyrnunni.

Keflvíkingar voru ekki af baki dottnir og náðu að minnka muninn skömmu seinna þegar Stefán Örn Arnarson skoraði glæsilegt mark með þrumuskoti úr vítateignum. Staðan í hálfleik var 2-1 og Keflvíkingar sist lakari aðlinn, en mistök voru þeim dýr.

Wehrman skoraði aftur eftir hornspyrnu í byrjun síðari hálfleiks en eftir það fór að hægjast til muna á leiknum. Hvorugt liðið náði að skapa sér mikið af færum og leikurinn virtist ætla að fjara út í stöðunni 3-1 þegar ófárirnar dundu yfir og skelfileg mistök í Keflavíkuvörðunni urðu til þess að Magnus Myklebust skoraði og nánast tryggði Lilleström áfram í keppninni, en þar mætir annaðhvort liðið Newcastle.

„Við hættum að trú á sjálfa okkur undir lokin en það var hryllilegt að fá á okkur markið í uppbótartímanum, það var blóðugt. 3-1 hefði getað gefið okkur gott jafnvægi fyrir síðari leikinn en þetta er mjög erfitt í 4-1,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga við Fréttablaðið eftir leikinn



**MARKINU FAGNAÐ** Keflvíkingar fagna hér marki Stefáns í Noregi í gær en markið hans var einkar glæsilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

en síðari viðureignin fer fram þann 9. júlí.

„4-1 gefur alls ekki rétta mynd af þessum leik, við erum betri en það en stundum er þetta svona. Dómgæslan var líka skelfilega léleg en svona er þetta oft í Evrópukeppnum, heimadómgæslan er bara til staðar. Munurinn á liðunum er ekki mjög mikill, þeir

eru með hávaxnari lið en við erum liprari,“ sagði Kristján.

„Þeir áttu kannski skilið að vinna en ekki 4-1, og dómgæslan hjálpaði okkur ekki. Newcastle-draumurinn er úti eins og staðan er núna en hver veit nema hann glæðist ef við náum að læða inn marki snemma í seinni leiknum,“ sagði Kristján. hjalti@frettabladid.is

**LITUR VEL ÚT**  
**SANTA FE**

Hyundai kynnr nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíl í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fagaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.

**NJÓTTU ATHYGLINNAR!**  
**NÝR SANTA FE**

Með bílinn handa þér

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524





**LUKKUDÝRÍÐ NÁNAST ALLS STAÐAR** Lukku-dýr Heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi, Goleo, má sjá nánast alls staðar á götum úti. Honum var þó meinað að koma í heimsókn í skóla einn í Þýskalandi þar sem hann er ekki í buxum. Hann lætur þó lítið á sig fá, þar á meðal grenjandi rigningu eins og sjá má á myndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Formúla 1 í Bandaríkjunum:

## Ferrari á ráspól

**FORMÚLA 1** Ökumenn Ferrari, Michael Schumacher og Felipe Massa, höfðu mikla yfirburði í tímatökukeppninni á Indianapolisbrautinni þar sem bandaríski kappaksturinn í Formúlu 1 fer fram um helgina. Schumacher náði besta tímanum, 0,6 sekúndum á undan Massa en þriðji varð Giancarlo Fisichella, ökumaður Renault. Heimsmeistarinn, Fernando Alonso, verður fimmti á ráspól. McLaren-mönnum gekk illa og náðu 9. og 11. sæti. - esá

# Enn tapa Englendingar á vítum

Portúgal tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum HM í knattspyrnu í fyrsta sinn í 40 ár. Það gerðu þeir á kostnað Englands sem í þriðja skiptið af síðustu fjórum falla úr leik á HM eftir vítaspyrnukeppni.

**FÓTBOLTI** Landslið Portúgals er komið áfram í undanúrslit heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu í fyrsta sinn síðan liðið náði þriðja sæti á HM í Englandi árið 1966, þá með Eusebio fremst í flokki. Þá tafaði Portúgal fyrir Englandi í undanúrslitum en í gær urðu hlutskiptin önnur er Portúgal lagði þá ensku í vítaspyrnukeppni að loknum markalausum framlengdum leik.

Árangur enska landsliðsins í vítaspyrnukeppni er skelfilega lélegur og það hafa leikmenn sjálfsagt vitað þegar þeir gengu að punktinum í gær. Hinir leikreyndu Steven Gerrard, Frank Lampard og Jamie Carragher misnotuðu öll sín víti en Ricardo, portúgalski markvörðurinn, var vel á tánum og varði allar spyrnur þeirra. Hann var þar að auki mjög nálægt því að verja spyrnu Owen Hargreaves sem var sá eini sem skoraði fyrir þá ensku.



**FAGNA SÍNUM MÖNNUM** Portúgalskir stuðningsmenn á Laugaveginum fagna sigri sinna manna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Tveir vendipunktur voru á leiknum sjálfum og komu þeir með skömmu millibili í síðari hálfleik. Fyrirliðinn David Beckham fór meiddur af velli á 51. mínútu og Wayne Rooney fékk rautt spjald á þeirri 62. fyrir að ýta við Cristiano Ronaldo, liðsfélaga sínum hjá Manchester United.

En eins undarlega og það kann að hljóma var það fyrst þá sem enska landsliðið fór að spila almennilega og berjast eins og ljón. Aaron Lennon kom inn á fyrir Beckham og átti skínandi góðan leik sem og Owen Hargreaves sem var án efa að leika sinn lang besta landsleik frá upphafi. Peter Crouch átti einnig sterka innkomu en þrátt fyrir harða atögu þeirra ensku eftir því sem leið á tókst þeim ekki að skora.

Portúgalar áttu hins vegar í vandræðum með að nýta sér yfirtöluna þó svo að þeir hafi nokkrum sinnum átt skeinuhættar sóknir. Postiga tókst að koma boltanum í netið en markið var réttilega dæmt af vegna rangstöðu.

„Ég óska Englendingum til hamingju,“ sagði Scolari, þjálfari Portúgala, eftir leik. „Þeir voru ótrúlegir manni færi. Þetta var magnaður leikur. En þetta var eins og að leika gegn 11 manna liði.“

Sven-Göran Eriksson er hættur með enska landsliðið og aðstoð-



**FYRIRLIÐINN HUGHREYSTIR** David Beckham reynir að hughreysta þá John Terry og Rio Ferdinand að lokinni vítaspyrnukeppni í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

arþjálfari hans, Steve McLaren, er tekinn við. Hann baðst afsökunar á frammistöðunni. „Við æfðum vítin svo mikið, ég veit ekki hvað við hefðum getað gert meira. Við stöðum okkur vel í leiknum en við erum úr leik og það er sársaukafullt. Ég finn til með stuðningsmönnum sem hafa verið frábærir. Ég held að við höfum ekki átt skilið að tapa - leikmennirnir áttu meira skilið.“

Englendingar hafa dottið úr leik á HM í knattspyrnu í þriðju skipti af þeim síðustu fjórum sem þeir hafa tekið þátt. Árið 1990 töpuðu þeir fyrir Vestur-Þjóðverjum,

1998 fyrir Argentínu og nú gegn Portúgal. Það gerðu þeir einnig á EM 2004, einmitt gegn Portúgólum í fjórðungsúrslitum keppninnar. eirikur.aseirsson@frettabladid.is

### ÁRANGUR ENGLANDS Í VÍTASPYRNUKEPPNUM Á HM

| ÁR   | ANDSTÆDINGAR      | ÚRSLIT | VÍT. |
|--|-------------------|--------|------|
| 1990   | V-ÞÝSKALAND (1/4) | 1-1    | 3-4  |
| SKORUÐU EKKI: CHRIS WADDLE, STUART PEARCE                    |                   |        |      |
| 1998   | ARGENTÍNA (1/16)  | 2-2    | 3-4  |
| SKORUÐU EKKI: PAUL INCE, DAVID BATTY                         |                   |        |      |
| 2006   | PORTÚGAL (1/8)    | 0-0    | 1-3  |
| SKORUÐU EKKI: FRANK LAMPARD, STEVEN GERRARD, JAMIE CARRAGHER |                   |        |      |



Sirry fær til sín áhugavert fólk sem segir frá deginum sem hafði varanleg áhrif á líf þess. Í hverjum þætti greinir einn viðmælandi frá örlagadeginum sínum á hispurlausan og innilegan hátt.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Andri Snær Magnason sent frá sér hverja metsölubókina á fætur annarri og vakið þjóðina til umhugsunar um umhverfis- og þjóðfélagsmál. Sirry fer með honum á fjöll og í heimsókn til afa og ömmu til að kynna þvi hvað hefur mótað sterkar skoðanir Andra Snæs.

## ÖRLAGADAGUR ANDRA SNÆS

Misstu ekki af Sirry og draumalandi Andra Snæs á NFS og Stöð 2 í kvöld kl. 19.10 – í opinni dagskrá.

Endursýndur á NFS á þriðjudags- og föstudagskvöldum kl. 20.10 og á Stöð 2 á laugardögum kl. 16.55.



**GLEÐIN SKÍN AF HONUM** Zinedine Zidane hefur notið sín til fullnustu í síðustu tveimur leikjum Frakklands. Hér fagnar hann ásamt Patrick Vieira í leiknum í gær en Zidane lagði upp markið fyrir Thierry Henry í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Ekkert nema Evrópuþjóðir eftir á HM:

## Zidane og Henry sendu heimsmeistarna heim

**FÓTBOLTI** Frakkar og ekki síst Zinedine Zidane hafa hlotið uppreisn æru eftir heldur slappa byrjun á heimsmeistararamótinu í knattspyrnu og hræðilegt gengi á HM 2002. Zidane og félagar gerðu sér lítið fyrir og slógu út heimsmeistara Brasilíu sem þar með töpuðu sínum fyrsta leik í tólf leikjum í röð í úrslitakeppni HM. Þar á undan töpuðu þeir síðast fyrir Frökkum, í úrslitaleiknum í París á HM 1998.

Frökkunum tókst algerlega að halda Brasilíumönnum niðri í leiknum. Ronaldinho, sem margir veðjuðu á að yrði besti maður keppninnar, náði sér aldrei á strik frekar en fyrri daginn. Hann heldur því heim á leið án þess að hafa skorað mark.

Zidane var besti maður vallarins og greinilegt að hann hafði engan áhuga á að kveðja knattspyrnuheiminn í gær en hann hefur lýst því yfir að hann muni leggja skóna á hilluna að lokinni HM í sumar. Nú er ljóst að hann spilar

tvo leiki til viðbótar en hvort sá síðari verði sjálfur úrslitaleikur keppninnar skal ósagt látið.

Eina mark leiksins kom á 57. mínútu er Thierry Henry skoraði eftir aukaspyrnu Zidane. Henry hafði aðeins nokkrum mínútum áður skorað mark sem var dæmt af vegna rangstöðu en flagginu var þá veifað óvenjulega seint.

Brasilíumenn reyndu hvað þeir gátu til að klóra í bakkann og skiptu inn Adriano fyrir Juninho og breyttu leikkerfinu úr 4-2-3-1 í 4-4-2. En þrátt fyrir ágæta tilburði tókst liðinu ekki að skora og það voru reyndar Frakkar sem áttu besta færi leiksins eftir markið. Franck Ribery var þá við það að komast einn gegn markverðinum en Dida sá við honum með góðu úthlaupi.

Frakkar verða því að teljast til alls líklegir á HM í Þýskalandi eftir að hafa lagt sigurstranglegasta liðið að velli. Eftir standa fjórar Evrópuþjóðir og hafa þrjár þeirra unnið titilinn áður en Frakkar mæta Portúgólum í undanúrslitum. - esá





**MARADONA** Hafði séð alla leiki Argentínu til þessa af völlum í Þýskalandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Maradona lét ekki segjast:

## Sniðgekk leik Argentínu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnugóðsögnin Diego Maradona ákvað á síðustu stundu að vera ekki viðstaddur leik Argentínu og Þýskalands í fjórungsúrslitum HM sem fór fram í Berlín á föstudag. Hann hefur verið áberandi á leikjum Argentínu til þessa og hagað sér eins og flestir aðrir stuðningsmenn liðsins á áhorfendapöllum.

Maradona hefur verið á leikjum með fyrrverandi eiginkonu sinni og dóttur þeirra ásamt lífverði og fleiri ónefndum aðilum og þegar ljós kom að einum úr fylgdarliði hans hafði ekki verið úthlutað miða sneri hann við og fór ekki á leikinn. Sá sem hafði ekki verið úthlutað miða hafði áður hagað sér illa á leikjum Argentínu og orðið meira að segja árásargjarn, sagði Markus Siegl, talsmaður FIFA, aðspurður um málið.

Auk þess að styðja sína menn hafði Maradona unnið fyrir spænska sjónvarpsstöð og tekið þátt í lýsingum leikja.

- esá



**SORIN BRJÁLADUR** Juan Pablo Sorín sést hér segja Oliver Bierhoff til syndanna eftir leikinn í gær. Tim Borowski er fyrir aftan Bierhoff.

NORDICPHOTOS/AFP

Sepp Blatter óánægður:

## Verður FIFA-rannsókn

**FÓTBOLTI** Sepp Blatter, forseti FIFA, er allt annað en ánægður með ólætin sem brutust út eftir leik Argentínu og Þýskalands á föstudag. Leikmenn og starfsmenn liðanna létu margir hverjir illum látum, spörkuðu og kýldu. Einn ónotaðara varamanna Argentínu, Leandro Cufre, fékk að líta rauða spjaldið fyrir sinn hlut að máli. „Ég er fokillur vegna þessa og aganefnd okkar mun skoða þetta atvik,“ sagði Blatter. „Við munum gera einhverjar ráðstafanir vegna þeirra sem áttu upp-tökin að þessu.“

Torsten Frings, leikmaður Þýskalands, lýsti stemningunni eftir leikinn. „Þeir kunna ekki að tapa. Þeir gjörsamlega töpuðu sér. Þeir eru ekki miklir íþróttamenn og vonandi verða leikmenn úr þeirra röðum dæmdir í leikbönn,“ sagði Frings.

- esá

Hélt með heimamönnum:

## Vallarþulurinn í Berlín rekinn

**FÓTBOLTI** Vallarþulurinn á leik Þýskalands og Argentínu hefur verið rekinn úr starfi sínu eftir frammistöðu sína á föstudag. Í hita leiksins ávarpaði hann heimamenn sem voru í meirihluta meðal áhorfenda. „Dömur mínar og herrar, liðið okkar þarf á stuðningi okkar að halda,“ sagði þulurinn og stangast það á við hlutleysisreglur FIFA. „Hann hefur unnið á leikvanginum í mörg ár en mun ekki frammar komast í hljóðnema á vellinum. Hann var mjög spenntur þar sem leikurinn var afar sérstakur,“ sagði talsmaður skipulagsnefndar HM í Berlín.

- esá

Jose Pekerman, þjálfari Argentínu, skildi Lionel Messi og Javier Saviola eftir á bekknum:

## Messi og Saviola hefðu getað hjálpað Argentínu mikið

**FÓTBOLTI** Mörgum er það hulin ráðgáta af hverju Jose Pekerman, þjálfari Argentínu, ákvað að skilja undrabarnið Lionel Messi eftir á bekknum í leik liðsins gegn Þýskalandi á föstudaginn. Þar að auki ákvað hann að skipta Juan Roman Riquelme út af þegar um 20 mínútur voru til leiksloka og setja inn á í hans stað Esteban Cambiasso sem er varnarsinnaður miðjumaður. Þar að auki var Javier Saviola, rétt eins og Messi, ónotaður í leiknum.

Vissulega er Argentína með stóran og breiðan leikmannahóp og hlutverk Pekerman var ekki auðvelt. En Joachim Loew, aðstoðarþjálfari þýska landsliðsins, var einn þeirra sem skildi ekki ákvörð-



**LIONEL MESSI** Rólegur með tónlist í eyrum og tyggjó í munni fyrir leikinn.

NORDICPHOTOS/AFP

un Pekermans. „Ég ber mikla virðingu fyrir bæði Messi og Saviola. Messi er einkar fljótur og góður að rekja knöttinn - af honum hefði

okkur staðið mikil hætta,“ sagði Loew og sagði einnig að innkoma Cambiasso hefði komið sér á óvart. „Þá vissum við að Argentína ætl-

aði að verjast og reyna að halda sínu og urðum við að nýta okkur það til fullnustu.“

Þátttöku Argentínu verður fyrst og fremst minnst fyrir 6-0 sigur liðsins á Serbum og tvö ótrúleg mörk. Fyrst mark Cambiasso sem kom eftir ótrúlegan samleik Argentínuliðsins og 24 samfelldar sendingar. Þá glæsimar Maxi Rodriguez í framlengingunni gegn Mexíkó í 16-liða úrslitum. Margir bjuggust við að Riquelme, Messi og Tevez yrðu hetjur liðsins og bestu menn keppinnar en það fór á annan veg.

Jose Pekerman sagði starfi sínu lausu strax eftir leikinn á föstudag.

- esá

## VISA BIKARINN 2006



### 16 LIÐA ÚRSLIT

| Dagur                       | Tími  | Lið                    | Völlur            |
|-----------------------------|-------|------------------------|-------------------|
| Sunnudagur<br>2. júlí 2006  | 16:00 | Fjarðabyggð - Valur    | Eskifjarðarvöllur |
|                             | 19:15 | KA - Breiðablik        | Akureyrarvöllur   |
|                             | 19:15 | Njarðvík - KR          | Njarðvíkurvöllur  |
|                             | 19:15 | FH - Víkingur          | Kaplakrikavöllur  |
|                             | 19:15 | Fram - ÍA              | Laugardalsvöllur  |
| Mánudagur<br>3. júlí 2006   | 19:15 | Fylkir - ÍBV           | Fylkissvöllur     |
|                             | 19:15 | Próttur R. - Grindavík | Valbjarnarvöllur  |
| Fimmtudagur<br>6. júlí 2006 | 19:15 | Leiknir R. - Keflavík  | Leiknissvöllur    |

## VISA styður íslenska boltann

Netleikur á [www.visa.is/bikarleikur](http://www.visa.is/bikarleikur)  
 Utanlandsferð í vinning og fjöldi glæsilegra aukavinninga.

Bikarleikur þar sem spáð er um úrslit leikja er á [www.visa.is/bikarleikur](http://www.visa.is/bikarleikur)  
 Í verðlaun eru utanlandsferð fyrir tvo auk fjölda glæsilegra aukavinninga.





**ÚR BÍÓHEIMUM**

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Having a kid is great... as long as his eyes are closed and he's not moving or talking.”**

6661 191  
Svar: Sonny úr kvikmyndinni *Big Daddy*

# dagskrá



## Í TÆKINU: WOODY ALLEN LEIKUR Í HANNA AND HER SISTERS Á SKJÁ EINUM KL. 23.15

### Vill bara vera í Stóra eplinu

Allen Stewart Konigsberg, eða Woody Allen, er fæddur í New York árið 1935. Foreldrar hans voru gyðingar af austurrískum og rússneskum uppruna. Í æsku var Woody kallaður Red út af rauðu hárinu og hreif samnemendur sína með göldrum af ýmsu tagi. Hann hóf feril sinn 15 ára gamall með því að selja brandara til ýmissa dagblaða. Eftir miðskóla fór Woody í miðlunar- og kvikmyndanáms í New York-háskóla en hann var aldrei mikill námsmaður og hætti fljótt sökum lélegra einkunna. 19 ára gamall var Woody farin að skrifa handrit fyrir þætti, svo sem The Ed Sullivan Show og The Tonight Show, og hlaut fyrstu Emmy-verðlaunin 22 ára. Skrifin þróuðust fljótlega yfir í leikrit og árið 1960 hóf Woody nýjan feril sem uppstandari ásamt því að skrifa fyrir þættina Candid Camera. Woody hafði snemma vit á því að snúa veikleikum sínum í styrkleika og þróaði með sér hina tauga-



veikluðu, hugsjúku og feimnu persónu sem allir þekkja í dag. Hann varð fljótt mjög vinsæll grínisti og birtist reglulega á næturklúbbum og í sjónvarpi. Fyrsta kvikmyndin sem Allen kom að var *What's New Pussycat* árið 1965, en hann var handritshöfundur hennar. Reynslan var honum sérstaklega óánægjuleg þar sem hann þurfti að dveljast í París í 6 mánuði en hann vill helst ekki fara frá New York, borginni sem hann hefur búið í allt sitt líf. Árið síðar leikstýrði hann fyrstu mynd sinni, *What's Up, Tiger Lily*, en þar endurgerir hann gamla, japanska mynd með nýjum og mjög svo myndum samtölum. Woody hefur verið afkastamikill listamaður á ferli sínum, gert tæplega eina mynd á ári og ýmist setið í hlutverki leikstjóra, leikara og handritshöfundar, eða allt í senn. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna og á aðdáendur úti um heim allan.

**20.50**  
**Heimild**  
KLINK & BANK

**20.35**  
**Gaman**  
MONK

**21.50**  
**Drama**  
CLUBHOUSE

**23.15**  
**Gaman**  
HANNA AND HER SISTERS

**19.10**  
**Spjall**  
ÓRLOGADAGURINN

**SJÓNVARPIÐ**

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Bubbi byggir (805:813) 8.11 Geirharður boing boing (4:26) 8.35 Hopp og hj Sessami (8:26) 9.01 Stjáni (56:58) 9.25 Sígildar teiknimyndir (42:42) 9.32 Sögur úr Andabæ (62:65) 9.54 Gældýr úr geimnum (16:26) 10.17 Konstanse (2:6) 10.25 Latibær 10.50 Hlé

12.10 Út og suður 12.40 Kóngur um stund (3:12) 13.10 Svört tónlist (6:6) 14.05 Taka tvö (6:10) 14.50 Vesturálman (9:22) 15.35 Stundin okkar (9:31) 16.05 Ævintýri Kötú kanínu (8:13) 16.20 Táknálsfréttir 16.30 Formúla 1

**SIRKUS TV**

7.00 Pingu 7.05 Jellies 7.15 Myrkfælnu draugarnir 7.40 Stubbarnir 8.05 Könnuðurinn Dóra 8.30 Noddy 8.40 Kalli og Lóla 8.50 Taz-Mania 1 9.10 Ofurhundurinn 9.30 Kalli litli kanína 9.55 Sabrina – Unglingsnornin 10.20 Barnatími Stöðvar 2 10.45 Hjólagengið 11.10 Hestaklúbburinn 11.35 Tvlburasysturnar

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.45 Neighbours 13.05 Neighbours 13.25 Neighbours 13.45 Neighbours 14.10 Það var lagið 15.20 Curb Your Enthusiasm 15.55 Eldsnögg með Jóa Fel (5:6) 16.40 Veggfóður (2:20) 17.25 Martha 18.12 Íþróttfréttir

**SKJÁREINN**

12.30 Whose Wedding is it anyways? (e) 13.20 Beautiful People (e) 14.10 The O.C. (e) 15.10 The Bachelorette III (e) 16.00 America's Next Top Model V (e) 17.00 Brúkaupspátturinn Já (e) 18.00 Borgin mín (e)

**NFS**

10.00 Fréttir 10.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Þetta fólk

12.00 Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða 12.25 Pressan 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Þetta fólk 16.00 Fréttir 16.10 Pressan 17.45 Hádegis E 18.00 Veðurfrettir og íþróttir

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Út og suður (9:16) Textað á síðu 888 í Textavarp.

20.00 Dýrahringurinn (10:10) (Zodiaque) Franskur myndaflokkur.

► 20.50 Klink & Bank Klink & Bank er ný heimildamynd eftir Þorfinn Guðnason um starfsemi ungra listamanna í gamla Hampiðjuhúsinu í Reykjavík. Textað á síðu 888 í Textavarp.

21.45 Helgarsportíð

22.00 Landsmót hestamanna

22.30 Ginostra (Ginostra) Spennumynd frá 2002 um bandarískan lögreglumann sem fer til lítillar eyju við Ítalíu ásamt konu sinni og barni og freistar þess að upplýsa morð á mikilvægu vitni. Leikstjóri er Manuel Pradal og meðal leikenda eru Harvey Keitel, Andie MacDowell, Harry Dean Stanton.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Órlogadagurinn (4:10) ("Uppgötvæði draumalandið") Órlogadagur Andra Snæs Magnasonar rithöfundar. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Andri Snær sent frá sér metsöluþækur og vakið þjóðina til umhugsunar um umhverfis- og þjóðfélagsmál.

19.45 William and Mary (6:6)

► 20.35 Monk (4:16)

21.20 Cold Case (15:23) (Óupplýst mál)Bönnuð börnum.

22.05 Twenty Four (22:24) (24)Í fimmtu þáttaröð 24 á Jack Bauer í höggi við rússneska hryðjuverkamann sem ógna öryggi bandarísku þjóðarinnar með taugagasarásum. Stranglelega bönnuð börnum.

22.50 Star Trek: Nemesis (Star Trek: Vélráð) Leikstjóri: Stuart Baird. 2002. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir NFS

19.10 Friends (6:17) (e)

19.35 Friends (7:17) (e)

20.00 Bernie Mac (12:22) (e)

20.30 Twins (5:18) (e)

21.00 Killer Instinct (5:13) (e) Bönnuð börnum.

► 21.50 Clubhouse (9:11) (e) Heitasta ósk Petes Youngs rættist þegar hann fær draumavinnuna sína, sem kylfusveinn hjá hafnaboltaliðinu New York Empires. Þar kynntist hann öllum stjörnum um í liðinu og hefst mikill vinskapur á milli Petes og fyrirlíðans sem trúir því stöðugt að Pete sé lukkugripur liðsins.

22.40 Falcon Beach (4:27) (e) (Family Portrait) Falcon Beach er sumarleyfistaður af bestu gerð.

18.30 Völlí Snær (e)

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.

19.45 Melrose Place

20.30 Point Pleasant

21.30 Boston Legal

22.30 Wanted Sérsveit innan lögreglunnar í Los Angeles sem sér um að elta uppi hættulegustu glæpamenn borgarinnar er umfjöllunarefni þessara hörkuspennandi þátta. Maðurinn á bak við þættina er Jorge Zamacona, en hann á meðal annars að baki þætti á borð við Homicide: Life on the Street. Zamacona eyddi miklum tíma í að fylgjast með raunverulegum lögreglumönnum við störf sín til að gera þættina eins raunverulega og frekast væri unnt. Hér eru á ferðinni lögregluþættir sem eiga enga sína líka.

18.30 Kvöldfréttir

► 19.10 Órlogadagurinn (4:10)

19.45 Hádegisviðtalið (frá föstudegi)

20.00 Pressan Viðtalsþáttur í umsjá Róberts Marshalls þar sem tekin verða fyrir heitustu málefni vikunnar úr fréttahæminum og fjölmiðlum.

21.35 Þetta fólk (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heims-hornafakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framtíð heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppfraða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld – heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu á viðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þess.

22.30 Kvöldfréttir

0.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

0.45 Sleeping Dictionary (Bönnuð börnum)

2.30 Sex Traffic (1:2) (Bönnuð börnum) 4.05 Sex Traffic (2:2) (Bönnuð börnum) 5.40 Fréttir Stöðvar 2 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.30 X-Files (e) 0.20 Smallville (7:22) (e) 1.05 Fashion Television (e)

► 23.15 Hanna and Her Sisters 0.55 C.S.I. (e) 1.50 The L Word (e) 2.40 Beverly Hills 90210 (e) 3.25 Melrose Place (e) 4.10 Óstöðvandi tónlist

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin í h

**BÍÓ** STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Barber of Siberia 9.00 Ultimate X: The Movie 10.00 Possession 12.00 Big 14.00 The Barber of Siberia 17.00 Ultimate X: The Movie 18.00 Possession 20.00 Big (Sá stón) Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um 12 ára strák sem dreymir um að verða „stærri og eldri“ og viti menn, dag einn verður honum að ósk sinni! Strákurinn er nú orðinn full-orðinn en þessi snögga breyting hefur ansi marga erfiðleika í för með sér því það er hægara sagt en gert að hlaupta yfir svona mörg ár í einum grænum. Maltin gefur þrjár

og hálfu stjörnu. Aðalhlutverk: Tom Hanks, John Heard, Elizabeth Perkins, Robert Loggia. Leikstjóri: Penny Marshall. 1988. Leyfð öllum aldurshópum. 22.00 Cellular (Gemsinn) Kyngimögnaður spennutryllir með Kim Basinger í aðalhlutverki. Aðalhlutverk: Kim Basinger, Caroline Aaron, Brenda Ballard. Leikstjóri: David R. Ellis. 2004. Stranglelega bönnuð börnum. 0.00 Foyle's War 2 2.00 The North Hollywood Shoot-Out (Stranglelega bönnuð börnum) 4.00 Cellular (Stranglelega bönnuð börnum)

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

**E! ENTERTAINMENT**

12.00 E! News Weekend 13.00 THS Lindsay Lohan 14.00 THS The Hilton Sisters 16.00 THS Angelina Jolie 17.00 Child Star Confidential 17.30 Rise of the Geeks 18.00 10 Ways 18.30 Gone Bad 19.00 THS Charles In Charge 20.00 Rich Kids: Cattle Drive 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Sexiest 23.00 10 Ways 23.30 Gone Bad 0.00 101 Craziest TV Moments 1.00 101 Craziest TV Moments 2.00 101 Craziest TV Moments

**AKSJÓN**

Fréttabáturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



# PRESSAN

Róbert Marshall fjallar um pólitísk tíðindi vikunnar alla sunnudaga kl. 12:25. Endursýnt sunnudaga kl. 16:10 og 20:00



**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

Örlogadagurinn

Stöð 2 kl. 19.10

**Dramaland Andra Snæs**

Í kvöld ræðir Sirrý við Andra Snæ Magnason metsöluhöfund um stóra örlogadagurinn í lífi hans. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Andri Snær sent frá sér metsöluþætur og vakið þjóðina til umhugsunar um umhverfis- og þjóðfélagsmál. Sirrý fer með honum á fjöll og í heimsókn til afa og ömmu til að kynna því hvað mótaði sterkar skoðanir Andra Snæs. Fáar íslenskar þætur, ef einhver, hafa vakið eins mikla athygli og umtal og bók Andra Snæs, Dramalandið, sem kom út fyrir nokkrum vikum síðan. Hún er nú þegar orðin söluhæsta bók ársins; með yfir tíu þúsund seld eintök, og í Örlogadeginum fáum við að sjá hvert Andri Snær sótti innblásturinn í þessa áhrifamiklu bók.



**Einkamál**

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

**19.00**

**Golf**

US PGA TOUR 2006



**10.35** Gillette Sportpakinn **11.05** Hápunktar í PGA mótardönni

**12.05** Kraftasport **12.35** A1 kappaksturinn 2005/2006 **13.30** HM 2006 **15.15** HM 2006 **17.00** 4 4 2 **18.00** KB banka mótardönn í golfi 200

**19.00** US PGA Tour 2006  
**22.00** Stjörngolf 2006 Upptaka frá góðgerðarmóti í golfi þar sem landspekkir íslendingar tóku þátt.  
**22.30** Enska bikarkeppnin – upprifjun (FA Cup 2006 – review show)

**23.30** 4 4 2

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Framtíð lýðræðis **10.15** Íslenskar afþreyingarbókmenntir **11.00** Guðsþjónusta í Háskólakapellunni

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Bryggjuball **14.00** Íslenska einsöngslagið **15.50** Skáldskapur og landfræði **16.08** Veðurfregnir **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **18.28**

Hengirúm og himinblámi **19.00** Hið ómótstæðilega bragð **19.50** Óskastundin **20.35** Úr minningabókum **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Teygjan **23.00** Andrarimur

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

**12.45** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Þvergríp **0.10** Popp og ról

**BYLGJAN** FM 98,9

**9.00** Valdis Gunnarsdóttir

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Enn á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.00** Ivar Halldórsson

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**  
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**  
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin  
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp  
**FM 102,9 Lindin** / Kristlegt efni  
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying  
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristlegt efni  
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bitid í bænum  
**FM 88,5 XA-Rádió** / 12 spora efni  
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying  
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

**Kjörís**

**HIUNKUR** Kjörís

**Luxus** Kjörís

**MAGNUM**

**WALL'S**

**Twister**

Appelsínur Hlunkur, Ávaxta Hlunkur, Ananas Hlunkur, Grænn Hlunkur, Idol Hlunkur, Grænn Hlunkur minur - sykurlaus, Ananas Hlunkur minur - sykurlaus, Sükkuláttipinnur, Lakkrísipinnur, Vanillupinnur, Karamellupinnur, Luxus karamellupoppis, Luxus jarðarberjatoppis, Luxus jarðarberjatoppis, Luxus súkkuláttipoppis, Pökstött, vanillur með hlappukum, Trúðis með tyggöklu, Gormur með ávaxtabragði, Klakastöng með jarðarberjabragði, Græn flaug, Sprengipinnur, Jarðarberja- og strúkkulakúkur, Klakastöng með appelsínubragði, Magnum með myntubragði, Magnum með karamellu og tyoföldu dokku súkkuláði, Magnum með dokku súkkuláði, Magnum með hvítu súkkuláði, Magnum með mündlum, Solero Orange, ávaxtabrot með appelsínuhjúpi, Berjasóbat með strúvafningi.





## HRÓSIÐ

...fær Sveppi sem ætlar að feta í fótspor Afa og stjórna barnatím-anum á Stöð 2.

## HIN HLÍÐIN KRISTÍN RUTH JÓNSDÓTTIR, DAGSKRÁRGERÐARKONA Á FM 957

### Skorradalur fallegasti staður landsins

#### Hvað er að fréttu?

Allt bara rosa gott að fréttu! Nóg að gera, vinna vinna vinna.

#### Augnlitur?

Ég er með blá augu.

#### Starf?

Útvarpskona í Morgunþættinum Zúuber á FM 957.

#### Fjölskylduhagir?

Laus og líðug. En á stóra og yndislega fjölskyldu.

#### Hvaðan ertu?

Ég er af Nesinu, Seltjarnarnesi.

#### Ertu hjátrúarfull?

Ég myndi segja að ég væri það.

#### Uppáhaldssjónvarpsþáttur?

Friends og 24.

#### Uppáhaldsmatur?

Lasagne og flest allt sem gamla settið eldar.

#### Fallegasti staður?

Skorradalur!!! Ekki spurning.

#### Hvað er skemmtilegast?

Flest allt sem ég geri, ég er mikið fyrir útiveru og ferðalög.

#### Helsti veikleiki?

Ég er eyðslukló.

#### Helsti kostur?

Ég er ábyrg, dugleg og traust.

#### Helsta afrek?

Að mæta á hverjum einasta morgni um miðja nótt í vinnuna er sko afrek.

#### Hver er draumurinn?

Heilbriggt og ánægjulegt líf með fjölskyldu.

#### Hver er fyndnastur/fyndnust?

Pottþétt pabbi minn og Gassi frændi.

#### Á hvað trúirðu?

Sjálfa mig og æðri mátt.

#### Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óheiðarleiki og óstundvísí.

#### Hvað er mikilvægast?

Að eiga góða að!



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Veðurfréttamaðurinn Sigurður Þ. Ragnarsson er maður áhugasamur um starf sitt og nær oft að vekja áhuga ólíklegasta fólks á veðrinu með einlægum áhuga sínum. Siggi stormur, eins og hann er jafnan kallaður, er jafnframt duglegur við að fræða samstarfsfólk sitt um veðrið og tengd málefni. Fyrir helgi sendi Siggi samstarfsmönnum sínum tölvupóst þar sem hann upplýsti að í júní-mánuði hefðu alþurrir dagar í Reykjavík verið sex á móti 24 rigningardögum, en þar með hafi júní-mánuður verið einn sá úrkomusamasti í Reykjavík í 23 ár. „Það verður því ekki annað sagt en sumarbyrjunin hafi hér í Reykjavík valdið mörgum nokkrum eða miklum vonbrigðum. Koma tímar koma...“ sagði Stormurinn að lokum í hugveku sinni.



Álfadregirnir okkar í Sigur Rós spilaðu fyrir gesti tónlistarhátíðarinnar í Hrósarkeldu á fimmtudagskvöldið. Fjöldi Íslendinga sækir hátíðina á hverju ári og hefur verið giskað á að um þúsund Íslendingar séu staddir þar nú. Tónleikar fengu góða dóma í Hrósarkeldu-

blaðinu sem kemur út alla daga hátíðarinnar, alls fimm í einkunn af sex mögulegum. Rokk-hljómsveitin Guns N' Roses lék á sama tíma og Sigur Rós á fimmtudagskvöldið. Axl Rose og félagar létu áhorfendur bíða eftir sér í klukkutíma og þóttu ekki betri en svo að þeir fengu tvo í einkunn.



## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 95 ára.
- 2 15.000 krónur.
- 3 Frá Þýskalandi.



HERA HJARTARDÓTTIR Spilar víða úti á landi í sumar og fer til Grænlands í ágúst þar sem hún spilar á Artic Team Challenge-keppinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## HERA HJARTARDÓTTIR: ÓVÆNT Á ÍSLANDI Í SUMAR

# Þrjár heimsálfur á einu sumri

Söngvaskáldið Hera Hjartardóttir er mætt til Íslands með gítarinn og nýtt lag í farteskínu. Hún hefur búið á Nýja-Sjálandi undanfarin tólf ár og kom óvænt til landsins fyrir að verða tveimur mánuðum.

„Það kom reyndar ekki til af góðu,“ útskýrir hún. „Amma mín greindist með krabbamein á lokastigi fyrir nokkrum mánuðum og ég flýtti mér heim til að geta verið hjá henni áður en hún kvaddi. Hún dó aðeins tveimur mánuðum eftir að hún greindist en ég náði næstum því þremur vikum með henni og er virkilega glöð yfir því.“

Fátt er þó með svo öllu illt að

ekki boði nokkuð gott því þrátt fyrir aðstæður ætlar Hera að nota tækifærið og halda nokkra tónleika á meðan hún er á landinu og spilaði meðal annars á Ingólfs-torgi í gær í tilefni af afmæli Landsbankans. „Ég á ábyggilega eftir að spila aðeins meira í Reykjavík áður en ég fer aftur heim, þetta bar svo fljótt að og það er ekki allt komið í ljós. Ég spila hins vegar á Írskum dögum á Akranesi á fimmtudaginn kemur, á Kristjáni tíunda á Hellu á sunnudaginn 9. júlí og verð á Draugasetrinu á Stokkseyri 15. júlí í tengslum við Bryggjuhátíðina.“

Hún lætur sér þó ekki nægja að ferðast milli tveggja heimsálfa í sumar, því í byrjun ágúst fer hún til þeirrar þriðju til að spila á hátíðinni Artic Team Challenge á Grænlandi. „Það er gaman að geta sagst hafa verið á Nýja-Sjálandi, Íslandi og Grænlandi sama sumarið,“ segir Hera og hlær. „Ég var með tónleika á Grænlandi í desember og þeir sem buðu mér þá vildu fá mig aftur. Þessi hátíð er víst mjög skemmtileg, það mæta fjölmörg lið frá nokkrum löndum og keppa í alls konar þrautum, til dæmis klettaklifri og ísjakahlaupi. Ég á víst að spila á ströndinni með

ísjakana í baksýn svo þetta verður ábyggilega rosalega fallegt.“

Eftir tónleikana á Grænlandi kemur Hera aftur til Íslands og dvelur yfir eina helgi áður en hún heldur heim á leið, en hún segist vera alsæl á Nýja-Sjálandi. „Ég hef getað einbeitt mér algjörlega að tónlistinni og spila mikið. Ég er líka sísemjandi og á meðal annars nýtt lag á safnplötunni Svona er sumarið. Ég býst samt ekki við að gefa út nýja plötu alveg strax. Það er hins vegar nýbúið að uppfæra heimasíðuna mína, herasings.com, og þar má finna fullt af nýju efni,“ segir Hera að lokum.

bergsteinn@frettabladid.is

## LÍÐSAUKI TIL GÁSKA



Íris Huld Hákonadóttir, sjúkráþjálfari, hefur hafið störf í Gáska sjúkráþjálfun, Bolholti 6-8.

Tímabantanir í síma 568 9009

GÁSKI SJÚKRÁÞJÁLFUN



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



## Venni „páer“ á skjáinn í haust

Draumur júðókappans Vernharðs Þorleifsson rættist í haust þegar grínþættir sem hann skrifaði handrit að verða sýndir á Skjá einum. Fréttablaðið greindi frá þessu uppátæki Vernharðs fyrir nokkru en nú er allt að verða klappað og klárt.

„Ja, ég vona að fólk taki þessu sem gríni,“ sagði Venni léttur í bragði þegar hann var beðinn um að lýsa þáttum sínum. Þeir munu heita Venni „páer“ og fjalla um samnefndan mann sem er einkaþjálfari. Hann hefur ívið meira sjálfstraust en hann hefur efni á svo útkoman gæti orðið eitthvað í líkingu við The Office að sögn Venna.

Þættirnir gerast í World Class þar sem Venni „páer“ starfar sem

einkaþjálfari. Hann hefur þó bara einn kúnna svo að ekki er hægt að segja að honum gangi allt í haginn. „Venni er alltaf að leita að viðurkenningu en það gengur erfiðlega,“ segir nafni hans og skapari sem mun sjálfur leika aðalhlutverkið. „Já, ég leik Venna. Það var allt reynt til að koma í veg fyrir það en þetta varð útkoman.“

Vernharð Þorleifsson er kunnastur

fyrir hæfni sína í júðó en hann hefur einnig starfað sem fasteignasali auk þess sem hann skrifaði Bakþanka í Fréttablaðið um hríð. Venni hefur eytt síðustu tveimur árum í að skrifa þættina í hjáverkum. „Pilot“-þáttur var tekinn upp í fyrra og þá fóru Jón Gnarr og Alfrún Órnólfsdóttir með hlutverk. Þau verða þó ekki með í þáttaröðinni, en tókur á henni hefjast í ágúst. Þættirnir verða átta talsins og þessa dagana er verið að ganga frá ráðningu leikara. Ætla má að sýningar á Venna „páer“ hefjist á Skjá einum í október.

- hdm

VERNHARÐ ÞORLEIFSSON Hefur skrifað grínþætti sem sýndir verða á Skjá einum næsta vetur.





STYLE NO 5



*Sjáumst!*

**NÝR STAÐUR 101 REYKJAVÍK  
TRYGGVAGÖTU 26**

★ BÍLDSHÖFÐI ★ TRYGGVAGATA ★ SKIPHOLT ★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

## Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS



**BAKÞANKAR**

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

## Útilega

Kannski er það vegna þess að ég er fæddur og uppalinn úti á landi og fyrir löngu búinn að fá minn skerf af hnjúkaþey, fuglatísti og lyngfýlu að ég er ekki hrifinn af útilegum. Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar útilegur ber á góma er saggamettað loft í leku tjaldi, sem vitaskuld var tjaldað á grjóthnullungi og þunn tjaldnýnan lögð beint ofan á; glamrandi tennur og króknar kjúkur sem skjálfandi halda á volgri kókómjólkurhyrnu og Maryland-súkkulaðikexi - nema auðvitað maður eigi ókláraða þurru kæfusamlökuna sem var smurð þremur dögum fyrir.

ÉG skil ekki þá sem finnst ekkert skemmtilegra en að tína ber og telja þúfur á öræfum og reyna að sannfæra mann um að það sé notalegt þegar aðeins næfurþunnur segldúkur skilur þá frá mannygri rollu. Fyrir nútímamann, sem er vanur lúxus á borð við keramikið frá Gustavsberg, er líka heldur verra að vera staddur úti á berangri þegar náttúran kallar og þurfa að ganga langar leiðir yfir rafmagnsgirðingar og gegnum kríuvörp til að komast að næstu klósettskál.

Í raun er það mesta furða að hverjum þeim sem fer út fyrir hin malbikuðu landamæri byggða og óbyggða finnst hann velkominn. Sé íslensk náttúra skoðuð fordómalaust er maður ekki lengi að komast að því að henni er ekki mikið um okkur gefið enda gert sitt besta í gegnum tíðina til að flæma okkur burt. Lengi vel með því að einfaldlega kvista mannskapinn niður með gamaldags hamförum á borð við eldgos en í seinni tíð hefur taktíkin til að halda okkur fjarri orðið fagaðri. Fyrir einni öld tárfeildi fólk á Þingvöllum vegna þess að það komst við. Við tárfeillum þar reyndar líka í dag, að viðbættum ertingi í hálsi og eyrum. Frjórkornafnæmi er kannski engir Skaftárældar en skilaboðin eru skýr.

**FLEST** getum við ímyndað okkur svekkelsið sem fylgir því að sjá allt manns erfiði unnið fyrir gýg. Hvernig ætli það sé fyrir íslensk náttúruöfl þegar goretexhjúpaðir stórbokkar hafa ægivald þeirra að engu heldur fara á fjöll í hvaða veðri sem er eða jafnvel spígspora þvert yfir landið í sumarfríinu, sjálfum sér til yndisauka? Á betri bæjum er svona kallað ósvífn.

**NÁTTÚRUNNAR** á að njóta úr hæfilegri fjarlægð. Og hugga sig við tilhugsunina að þrátt fyrir allt er hún ennþá til.



www.icelandexpress.is/skidi

**SALAN ER HAFIN!**

# FLJÚGANDI FÆRI

Nú er rétti tíminn til að bóka skíðaferðina með Iceland Express



- Þó að nú sé sumar og skíðin inni í geymslu er einmitt tíminn til að bóka skíðaferð drauma þinna næsta vetur.
- Iceland Express flýgur alla laugardaga frá 30. desember 2006 – 3. mars 2007 til Friedrichshafen. Þaðan er stutt ferðalag til helstu skíðasvæða Þýskalands, Sviss, Austurríkis og Ítalíu sem eru meðal bestu skíðasvæða heims.
- Á vefnum okkar finnurðu allar upplýsingar um skíðasvæðin, hótelin og bílaleigubílinn – renndu þér á [icelandexpress.is](http://icelandexpress.is) og kynntu þér kostina!

Verð frá: **7.995 kr.\***  
Barnaverð: **5.995 kr.\*\***

\*Aðra leið með sköttum.  
\*\*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



## ORMSSON SMÁRALIND ER ENGIN VENJULEG VERSLUN

ERTU AÐ SKAPA ÞITT DRAUMAHEIMILI?  
KOMDU OG SJÁÐU HVAR VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ!

ÓDÝRAR, VANDADAR INNRETTINGAR – TIL Á LAGER

**SETTU ÞAÐ SAMAN**

OPIÐ ALLA HELGINA

## ORMSSON

ORMSSON · SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS